

Skemmtilegt fólk er utan vega

EYJÓLF KRISTJÁNSSON OG EINAR MÁ GUÐMUNDSSON LANGAR EKKI Í ÞYRLU EN ÆTLA EF TIL VILL AÐ SKELLA SÉR Í GOLF.



22

Gott úrval af fortjöldum fyrir hjólhýsi og fellihýsi

Pyramid



Útilegu maðurinn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. júlí 2007 – 189. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Lærir í London

Vala Ómarsdóttir er í meistaranámi í leiklist í London og hefur stofnað leikfélag í borginni ásamt tveimur skólasystrum sínum.

FÓLK 38



Fetar í fótspor föðurins

Ísak Bergmann, fjögurra ára sonur landsliðsmannsins Jóhannesar Karls Guðjónssonar, sló í gegn á Kaupþingsmóti í knattspyrnu.

FÓLK 46

Áhrif fólksfjölgunar

„Margir líta á fólksfjölgun sem undirstöðu framfara þegar fólk bregst við henni með því að taka upp nýja búskaparhætti,“ skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 12


Risaslagur

Tvö efstu lið Landsbankadeildarinnar, FH og Valur, mætast í stórleik átta liða úrslita VISA-bikarsins.

ÍPRÓTTIR 40



VEÐRIÐ Í DAG




KÖFLÓTT VESTAN TIL - Í dag verður hæg breytileg átt sunnan til, annars norðaustan 5-10 m/s. Þjart með köflum vestan til á landinu, annars yfirleitt skýjað og dálítil súld eða rigning norðaustan og austan til. Hiti 7-17 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4

Laugardagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmíðlakönnun Capacent í maí 2007

Fimm Kringlur í byggingu

Mikil uppbygging er á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Á sex stöðum eru samtals meira en 250.000 fermetrar af byggingum fyrirhugaðir. Fasteignasalar segja að mikill skortur sé á atvinnuhúsnæði.

VERSLUN Stór atvinnuhúsnæði eru að rísa á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirhugað er að byggja samtals rúmlega 250.000 fermetra af húsnæði á sex stöðum. Til samanburðar er Kringlan 52.000 fermetrar.

Stærsta verslunarhúsnæði landsins, 40.000 fermetrar að stærð, er í byggingu við Vesturlandsveg. Þar verða Rúmfatalagerinn, húsbúnaðarverslunin Pier og BYKO meðal annars. Skammt frá, hinum megin Vesturlandsvegar, hefur þýska fyrirtækið Bauhaus keypt lóð og hyggst reisa 20.000 fermetra verslunarhúsnæði.

Hæsta bygging landsins rís við Smáratorg, rúmir 77,6 metrar á hæð. Verslanirnar Toys "R" Us og Pier verða þar.

Við Höfða er verið að reisa nokkrar byggingar á svæði sem mun kallast Höfðatorg og verður samtals 140.000 fermetrar að stærð en tæpur helmingur þess er kjallararými. Þar verða 10.000 fermetrar af verslun og þjónustu. Þar á að vera miðbæjarstemning með litlum verslunum og kaffihúsum. Þar má nefna Kaffitár og Gallery Kjöt.

Verið er að reisa fimmtán hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði

við Smáralind, samtals um 18.000 fermetra. Af þeim fara 3.000 fermetrar undir verslun og þjónustu.

Frankvæmdir standa einnig yfir í Holtagörðum. Þar er verið að byggja milligölf og bætast 8.000 fermetrar við af verslunarrými. Hagkaupsverslun verður þar, svipuð að stærð og sú í Smáralind, Útílíf og Max raftæki svo eitthvað sé nefnt.

Júlíus Jóhannsson, Fasteignasölunni Stórborg, segir að atvinnuhúsnæði hafi alltaf fylgt á eftir íbúðarhúsnæði. Sá markaður sé kominn í jafnvægi.

„Það er of lítið til af atvinnuhúsnæði og allt of lítið af bílastæðum. Ég tel að það sé ekkert of mikið í byggingu, eftirspurnin er það mikil. Stórar verslanakeðjur eru til að mynda fyrir löngu búnar að sprengja utan af sér með lagera úti um allan bæinn og nú reyna þær að setja allt undir einn hatt,“ segir Júlíus.

Hann telur ekki hættu á að eldra atvinnuhúsnæði muni tæmast. „Það skrítna við þetta er að atvinnuhúsnæði tæmist ekki, sumir sjá möguleika þar sem aðrir loka.“

- pal / sjá síðu 6



HUGINN HEIÐAR GUÐMUNDSSON Móðir Hugins segist heppin að hafa getað gefið drengnum sínum hluta sinnar lífrar. Oft geta börn ekki þegið líffæri úr öðrum nema börnum á svipuðu reki. Huginn er hér kátur í fangi föður síns, Guðmundar Bjarna Guðbergssonar, og Fjóla Ævarsdóttir, móðir drengsins, stýður við bak sonar síns.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Aukin þörf er á líffæragjöfum úr látnum á Íslandi því eftirspurn er mikil:

Ný lifur bjargaði barninu þeirra

HEILBRIGÐISMÁL „Það er skiljanlegt að fólk geti ekki hugsað sér að líffæri úr barni þess séu tekin. Það vekur samt eina spurningu. Ef barnið þitt þyrfti á líffæri að halda til að lifa, myndir þú þá þiggja líffæri úr öðru barni?“ segir Fjóla Ævarsdóttir, móðir drengs á þriðja ári sem þurfti nýja lifur til að halda lífi. Oft geta börn ekki þegið líffæri úr öðrum en látnum börnum. Fjóla segist heppin þar sem hún gat gefið syni sínum hluta sinnar lífrar.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga, segir þörf fyrir líffæragjöf að aukast. Hann tekur sem

dæmi að margir þeirra sem nú bíði eftir nýra hafi áður þegið nýra. Ígrædd líffæri hafi yfirleitt ekki langa endingu. Ekki séu alltaf ættingjar til staðar sem geti gefið líffæri. Aukin þörf sé því á gjöfum úr látnum. Hingað til hafa Íslendingar verið tregir til að samþykkja líffæragjöf úr látnum ættingjum. Hér á landi er gert ráð fyrir ætlaðri neitun fólks um líffæragjöf, undirritun líffæragjafakorta hefur ekkert lagalegt gildi. Runólfur segir aukna umræðu og endurskoðun laga nauðsynlega.

- kdk / sjá síðu 24

HM unglina í frjálsum:

Einar Daði í heimsklassa

ÍPRÓTTIR ÍR-ingurinn Einar Daði Lárússon náði frábærum árangri á HM 17 ára og yngri í Tékklandi þegar hann endaði í sjöunda sæti í átthraut. Þetta er besti árangur

Norðurlandabúa í greininni frá upphafi og besta frammistaða Íslendinga á HM unglina.

Einar Daði er enn einn tugþrautarkappinn sem kemur fram á Íslandi á síðustu

missurum og segja má að hér á landi sé að koma fram arfleifð Jóns Arnars Magnússonar, sem náði frábærum árangri í greininni á árum áður.

- óój



LÖGREGLUÞJÓNN í Bretlandi hefur lögreglan prófað hausmyndavélur í tvö ár.

MYND/LÖGREGLAN Í NORTHAMPTON

Nýjasta eftirlitstækni:

Lögregla með hausmyndavél

BRETLAND, AP Notkun eftirlitsmyndavéla hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og nú er breska lögreglan að gera tilraunir með nýjasta afbrigðið: Hausmyndavélur sem lögregluþjónar ganga með í vinnunni.

Lögreglan segir þessa nýju tækni hafa marga kosti í för með sér: Til dæmis dragi mjög úr allri skrifinnsku, auk þess sem lögreglan fái nú í hendur gríðarlega mikið myndefni þar sem sjá megi fórnarlömb glæpamanna, grunaða menn og vitni.

Breska innanríkisráðuneytið hyggst á næstunni kaupa tvö þúsund slíkar myndavélur.

- gb

NÝTT 2007

SETTU ÞAÐ SAMAN



Af hverju að borga meira?

Lítu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af vönduðum og fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

ORMSSON

ORMSSON

ÁRVIRGINN, SELFOSSÍ - SÍMI 480 1160 RADIONAUST, AKUREYRI - SÍMI 461 5003

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

SPURNING DAGSINS



Sigurður, munu Þingvellir ekki bera sitt barr eftir skógarhöggið?

„Ég tel að þeir muni bera sitt barr hér eftir sem hingað til, og hafa gert það um aldir.“

Fella á öll barrtré innan þinghelgi Þingvalla á næstu árum þar sem þau eru ekki hluti af upprunalegum trjágróðri á svæðinu. Sigurður K. Oddsson er þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Kanna upplýsingaleka til DV: Skoðað hvort lögreglan lak

LÖGREGLUMÁL Innri endurskoðun lögreglu höfuðborgarsvæðisins mun kanna hvort einhver innan lögreglunnar lak upplýsingum um



STEFÁN EIRÍKSSON

fikniefnasmygl til fjölmiðla. Beiðni um að slík könnun fari fram barst í gær frá ríkislög- reglustjóra, segir Stefán Eiríksson lögreglustjóri.

Frétt DV um stærsta kókaín- smygl Íslandssögunnar hafði áhrif á dóm yfir öðrum mannanna sem sýknaðir voru af ákæru um að hafa staðið fyrir innflutninginum.

„Það verður farið yfir það sem gerðist, og kannað hvort einhverjir innan lögreglunnar beri ábyrgð á þessum leka,“ segir Stefán.

Skipi Sea Shepherd seinkar: Tefjast við Galapagos-eyjar

NÁTTÚRUVERN Koma skips Sea Shepherd-samtakanna, sem væntanlegt er á íslenskt hafsvæði til að berjast gegn hvalveiðum,



PAUL WATSON

hefur tafist vegna aðgerða við Galapagos-eyjar, en enn stendur til að það komi til landsins.

Paul Watson, forseti samtakanna, segir að upp hafi komið neyðartilvik sem hafi þurft að sinna, nú sé barist gegn því að 100 tonnum af járnryki verði sökkð í sæ við Galapagos.

„Það kemur mér á óvart að Ísland haldi áfram með áform sín um ólöglega slátrun á hvölum þegar það er haft í huga að það er enginn markaður fyrir kjötið, sem er að auki óætt,“ segir Watson.

Dómstóll í Danmörku:

Ekki lögbrot að halda pókerfótt

DANMÖRK Dómstóll í Danmörku hefur komist að þeirri niðurstöðu að Frederik Hostrup Petersen, formaður danska pókerfélagsins, hafi ekki gerst brotlegur við lög þegar hann skipulagði pókerfótt.

Samkvæmt dönskum lögum er ólöglegt að skipuleggja svonefnd áhættuspil, en rétturinn taldi ljóst að póker væri ekki áhættuspil þar sem færni og kunnátta geta skipt sköpum. Þar ræður ekki bara heppnin ein.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Stal af lögreglustöðinni

Ölvaður karlmaður um þrjú og hálft handtekinn á lögreglustöð á Dalvegi í Kópavogi í fyrrkvöld. Hann stal nokkrum smáhlutum og þegar honum var gert að skila þeim reyndi hann að halda áfram þeim óskunda. Hann var látinn sofa úr sér í fangageymslu.

Börn besta myndin og Ólafur Darri besti leikarinn á Zerkalo-kvikmyndahátíðinni:

Rússar verðlaunuðu Ólaf og Börn

LISTIR Kvikmyndin Börn, eftir Ragnar Bragason, hlaut tvenn verðlaun á rússnesku kvikmyndahátíðinni Zerkalo í gær. Alls kepptu átján myndir til verðlauna á hátíðinni og hlaut Börn verðlaun sem besta myndin að mati gagnrýnenda og var Ólafur Darri Ólafsson valinn besti leikarinn í karlhlutverki. Börn var eina myndin sem hlaut fleiri en ein verðlaun.

„Þetta er alveg æðislegt, það eru svo margar góðar myndir hérna,“ sagði Ólafur Darri þegar Fréttablaðið ræddi við hann eftir afhendinguna. „Þetta eru nútímamyndir um nútímavandamál. Það er greinilegt að við erum að gera eitthvað



BESTA MYNDIN Börn hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda víðsvegar um heiminn.

sem heillar Rússa,“ segir Ólafur. Hann vísar þar til þess að ekki alls fyrir löngu hlaut leikritið Brim eftir Jón Atla Jónasson, sem leikhópur Vesturports setti upp líkt og Börn, dómnefndarverlaun New

Drama-hátíðarinnar Moskvu fyrir bestu leiksýninguna.

„Í raun kom þetta mér á óvart því þegar myndin var sýnd hérna þurfti að skipta um bíó á síðustu stundu þar sem þakið var farið að leka og fengu gestir engan fyrirvara á því,“ segir Ólafur en tekur fram að ekki hafi verið að sýna í einhverjum hjalli. „Það rigndi einfaldlega eldi og brennisteini, ég hef aldrei séð svona.“

Kvikmyndahátíðin er Zerkalo, eða Spegillinn eins og það útleggst á íslensku, eftir þekktustu mynd rússneska leikstjórans Andrei Tarkovsky og var hátíðin haldin í heimabæ hans.

- kdk

Skemmtistaðamarkaðurinn:

Viðræður um kaup á Apóteki

VIÐSKIPTI Veitingastaðurinn Apótek verður hugsanlega seldur á næstunni. Guðvarður Gíslason, eigandi veitingastaðarins, kveðst vera í viðræðum við Garðar Kjartansson, fyrrverandi eiganda Skemmtistaðarins Nasa við Austurvöll, um að Garðar kaupi Apótek af honum.

„Ég get víðurkennt að ég er að skoða tilboð frá Garðari,“ segir Guðvarður. „Það er samt ekki búíð að ákveða neitt í þessu.“

Garðar vildi ekki tjá sig um samningaviðræðurnar þegar Fréttablaðið innti hann eftir því. Hann kvaðst munu senda fréttatilkynningu þegar og ef eitthvað gerist.

- sfs

Þarf ekki að afplána refsinguna í fangelsi

Fimmtán ára drengur dæmdur í 20 mánaða fangelsi fyrir fjölda brota ásamt mörgum síbrotamönnum. Það er líklega þyngsti dómur sem fallið hefur yfir svo ungu barni. Reynt er að koma ungum föngum fyrir í afplánun á meðferðarheimilum.

DÓMSMÁL Fimmtán ára drengur var á fimmtudag dæmdur í tuttugu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir þátt sinn í mikilli afbrotahrinu hóps brotamanna. Eftir því sem næst verður komist hefur svo ungt barn ekki áður hlotið jafnþungan dóm.

Drengurinn framdi meðal annars vopnað rán í 10-11 verslun í Hafnarfirði ásamt eldri glæpamanni og hótaði afgreiðslufólki lífláti með duka-

hníf. Þá réðst hann í félagi við sér eldri brotamenn á tvo menn og rændi þá. Hann gerðist einnig sekur um fjölda annarra brota. Tólf aðrir voru dæmdir með honum.

Þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í fangelsi liggur ekki fyrir að drengurinn muni afplána refsinguna í hefðbundnu fangelsi. Í gildi er samningur milli

Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu sem kveður á um að Fangelsismálastofnun leiti eftir því við Barnaverndarstofu að ungmenni fái að afplána refsingu á meðferðarheimili, sé það undir átján ára aldri og æski þess sjálf að afplána ekki í fangelsi.

Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur hjá Barnaverndarstofu, segir að alltaf sé leitast við að gera þetta, þótt Barnaverndarstofa geti og hafi vísað föngum



Á LITLA-HRAUNI Reynt er að koma ungum afbrotamönnum í afplánun á meðferðarheimilum fremur en í fangelsum.

frá. Ástæða þess geti ýmist verið plássleysi á meðferðarheimilum eða erfið reynsla af viðkomandi einstaklingi. Hafi þeir komið margoft í meðferð með litlum sem engum árangri geti þeim verið vísað frá.

Hrefna segir að þótt fangar eigi að fá að velja hvort þeir kjósi meðferðarheimili umfram fangelsisvist telji stofnunin að unnt sé að skylda þá í meðferð sé þess talin þörf. „Að endingu ræður Fangelsismálastofnun hvar barnið afplánar, það gerir það ekki sjálf.“

Hún segir tilvik sem þessi, þar sem fólk undir átján ára aldri er dæmt til fangelsisvistar, mjög sjaldgæf á Íslandi. „Þetta hafa verið færri en eitt tilvik á ári að meðaltali,“ segir hún. Fæðin geri yfirvöldum erfiðara fyrir að bregðast við, þar sem fjöldinn sé ekki nægur til að hægt sé að koma á fót sérstökum stofnunum fyrir unga fanga.

Erla Kristín Árnadóttir, lögfræðingur hjá Fangelsismála-

SAMTALS 150 MÁNUÐIR

Tíu af sakborningunum þrettán í málinu hlutu óskilorðsbundna fangelsisdóma, samtals tæplega 150 mánuði. Þrjú fengu skilorðsbundna dóma. Eftirtaldir fengu árs dóm eða meira:

■ **Ivar Aron Hill Ávarsson**
21 árs - 30 mánuðir.

■ **Sigurbjörn Adam Baldvinsson**
21 árs - 21 mánuðir.

■ **Davíð Þór Gunnarsson**
19 ára - 19 mánuðir.

■ **Jón Einar Randversson**
25 ára - 14 mánuðir.

■ **Ágúst Már Sigurðsson**
20 ára - 14 mánuðir.

■ **Emil Freyr Júlíusson**
18 ára - 12 mánuðir.

stofnun, segir stofnunina alltaf tilkynna Barnaverndarstofu um það þegar barn yngra en átján ára fær dóm og óski eftir að það fái vist á meðferðarheimili. „Það er alltaf vilji okkar að börn séu vistuð á meðferðarheimili,“ segir hún.

stigur@frettabladid.is



LÚKAS Rannsókn á dauða Lúkasar miðar ágætlega að sögn lögreglunnar á Akureyri.

Hræ Lúkasar ófundið:

Rannsókn í fullum gangi

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á drápinu á hundinum Lúkas er enn í gangi samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á Akureyri. Allir fletir málsins eru til athugunar og meðal annars sá möguleiki að atburðarásin, að hópur unglingspíla hafi rænt Lúkas og murkað úr honum lífið, sé uppspuni frá rótum.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu er hræ Lúkasar enn ófundið. Ekki hefur heldur tekist að sanna hvort piltur, sem sætt hefur hótunum vegna hugsanlegrar aðildar sinnar að málinu, hafi verið í bænnum á þeim tíma sem drápið er talið hafa átt sér stað. Lögregla væntir þess að rannsókn ljúki innan tveggja vikna.

- tbb

Ráðherra um öryggisleit:

Svigrúm nýtist ekki útvöldum

SAMGÖNGUR Björn Bjarnason dómsmálaráðherra gagnrýnir öryggishlið fyrir útvalda á Keflavíkurflugvelli. Fjárhagslegt svigrúm eigi að nýta fyrir alla frekar en til að ívilna sumum.

„Á nýlegu ferðalagi mínu fór ég um nokkra flugvelli og minnst þess ekki að hafa nokkurs staðar séð sérstök öryggishlið fyrir farþega á viðskiptafarrými,“ skrifar Björn á vef sínum.

„Í þessu efni á að gilda sama regla og í skattamálum, það er að fjárhagslegt svigrúm nýtist til að lækka skatta á öllum en ekki til að ívilna sumum.“

- bj

Kaupmenn og leigubílstjórar dregin fyrir dómstóla í Simbabwe fyrir að fara ekki eftir opinberri tilskipun:

Skipun um verðlækkun veldur glundroða

SIMBABVE, AP Lögreglan í Simbabwe hefur beitt hörðum aðgerðum til að framfylgja opinberri tilskipun um verðlækkun á vöru og þjónustu í landinu. Meðal annars hefur lögreglan sektað leigubílstjóra sem ekki hafa lækkað fargjöldin, auk þess að leggja hald á fjölda leigubifreiða.

Stjórnvöld skipuðu svo fyrir hinn 25. júní síðastliðinn að lækka skyldi allt verðlag í landinu um helming og halda síðan stöðugu. Með þessu átti að vinna á móti stjórnlausri óðaverðbólgu sem verið hefur í Simbabwe síðustu árin.

Verslunareigendur hafa margir verið dregin fyrir dómstóla vegna þess að þeir hafa veigrað sér við að



ÁTÖK VIÐ MATVÖRUBÚÐ Óeirðalögregla reynir þarna að hindra mann sem ætlaði sér inn í heildsöluverslun í Harare, höfuðborg Simbabwe.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

lækka vöruverð, þar sem innkaupa- verð hefur í mörgum tilfellum ekkert lækkað.

Vöruúrval í verslunum hefur sömuleiðis snarminnkað og margar verslanir nánast tæmst, ýmist

- gb

Skoðanakönnun umhverfissvið Reykjavíkur

Elliðaárdalur inn vinsælasti útivistarsvæði

Umhverfissvið Reykjavíkur lét nýlega kanna... Elliðaárdalur inn vinsælasti útivistarsvæði

Einnig kom fram að 30% borgarbúa koma aldrei í Elliðaárdalinn, 33% aldrei í Heiðmörk og 72% aldrei að Rauðavatni.

Ætla má að 28 þúsund manns fari mánaðarlega í Heiðmörkina af Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Reykjavíkurmaraþon Glitnis markar upphaf Menningarnætur

Þann 18. ágúst... Menningar-... Reykjavíkurmaraþonið skiptist í fimm mismilng hlaup sem henta mismunandi hópum; fjölskyldum, trimmurum og keppnisfólki.

Latabæjarmaraþon vakti gríðarlega lukku á síðasta ári og verður endurtekið í ár. Latabæjarmaraþonið er 1,5 km á lengd og ætlað börnum yngri en 11 ára.

keppnisgögn í Laugardalshöllina föstudaginn 17. ágúst. Í sjálfu hlaupinu verða drykkjarstöðvar á u.þ.b. 5 km fresti.

HLAUGHTU TIL GÓÐS 18. ÁGÚST!


Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 kr. til góðgerðarmála á hvern kílómetra sem viðskiptavinir* bankans hlaupa og 3.000 kr. fyrir starfsmenn.

Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.

Allir sigra 18. ágúst!

*Viðskiptavinir í Vild, Námsvild, Gullvild og Platinum.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007



GLITNIR

þeim leið betur og þeir stokuðu... hlaup gagnast því sérlega vel til að fyrirbyggja og... na bug á streitu, kvíða og... þu glyndi. Íðurstaðan er sú að... tglubundin hreyfing hefur svo... hei lavenleg áhrif á heilsuna að... hún kyggir nánast á allt annað... eilsuáttak.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	59,97	60,25
Sterlingspund	121,87	122,47
Evra	82,55	83,01
Dönsk króna	11,105	11,169
Norsk króna	10,419	10,481
Sænsk króna	9,021	9,073
Japanskt jen	0,4898	0,4926

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
111,7641
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungur Íslendingur sóttur til Amsterdam illa brotinn á báðum fótum: Stökk af svölum í sveppavímu

SLYS Nítján ára gamall Íslendingur brotnaði illa á báðum fótum í Amsterdam um síðustu helgi þegar hann stökk af svölum hótelsins sem hann dvaldi á, undir áhrifum ofskynjunarsveppa.

Fram kemur á vef hollenska blaðsins De Volkskrant að maðurinn, sem var á ferðalagi í borginni, hafi borðað þrettán ferska ofskynjunarsveppi ásamt félaga sínum. Hann hafi þá fyllst ofsóknaræði, hulið eyru sín með höndunum, hlaupið að svölunum og stökkið fram af. Hann reyndi að skriða áfram eftir að hann lenti en komst ekki langt sökum meiðslanna. Hann var fluttur á spítala og



AMSTERDAM Óvist er hvort maðurinn nær sér nokkru sinni að fullu af fótameiðslunum.

reyndist mikið meiddur. Ekki er víst að hann nái sér nokkru sinni að fullu af fótameiðslunum. Faðir

mannsins flaug til Amsterdam til að sækja hann og var von á þeim til Íslands í gær.

Fram kemur í fréttinni að ferskir ofskynjunarsveppir séu löglegir í Hollandi, en þurrkaðir ekki. Þá segir að tvö önnur alvarleg tilvik hafi komið upp á undanförunum mánuðum í kjölfar neyslu ferskra sveppa. Í mars lést sautján ára stúlka eftir að hafa stökkið niður af þaki húss. Í júní sturlaðist breskur ferðamaður, gekk berserksgang á hótélherbergi sínu og kastaði munum út um gluggann niður á gangstétt með þeim afleiðingum að gangandi vegfarandi slasaðist.

Heimdallur ályktar: Víneltirlitið fari í sumarfrí

STJÓRNMÁL Stjórn Heimdallar segir ótrúlegt að opinberir eftirlitsmenn noti þá sólaránga sem borgarþáttur fá til þess að framfylgja reglum um borðafjölda veitingastaða. Kemur þessi yfirlýsing í kjölfar fréttu um afskipti starfsmanna Víneltirlitsins af kaffihúsagæstum og eigendum sem höfðu fleiri borð úti en leyfi voru fyrir á dögnum.

Segir stjórnin það brotlegt að yfirvöld hafi sett í lög þann fjölda borða sem kaffihús og veitingastaðir megi hafa utandyra. Gestir sem sitja úti valdi hvorki trúflun né hættu og hvetur Heimdallur starfsmenn eftirlitsins til að njóta veðurblíðunnar með öðrum.



SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON

Sótt um dómkirkjuprestakall: Hjalmar eini umsækjandinn

TRÚMÁL Aðeins einn sótti um embætti sóknarprestis Dómkirkjuprestakalls í Reykjavík-urprófastsdæmi vestra; séra Hjalmar Jónsson. Umsóknarfræstur rann út 10. júlí síðastliðinn, en embættið er veitt frá 1. október næstkomandi. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðgjafi, veitir embættið.

Séra Jakob Á. Hjalmarsson, sóknarprestur við Dómkirkjuna í Reykjavík, lætur af embættinu í haust að eigin ósk. Hann var skipaður sóknarprestur árið 1989 og hefur því gegnt embættinu í nítján ár. Hjalmar Jónsson er prestur við Dómkirkjuna.

Fær ekki hjálp þótt heilsunni hraki

Fjögurra ára einhverfur drengur sem þarf á mikilli þjónustu og þjálfun að halda hefur ekki fengið inni á leikskóla. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar á hann þó að njóta forgangs. Heilsu hans hrakar. Læknir segir aðstæðurnar algerlega óviðunandi.

RÉTTINDAMÁL „Honum hefur hrakað mjög mikið og er farinn að sýna mikla áráttuþegðun sem ekki var til staðar í Englandi þar sem hann naut þjónustu. Hér fáum við ekki einu sinni pláss fyrir hann á leikskóla,“ segir Halla Rut Bjarnadóttir, móðir Ivans Vectors, fjögurra ára einhverfs drengs.



GERÐUR AAGOT ÁRNADÓTTIR



HALLA RUT BJARNADÓTTIR

Ivan var ásamt yngri bróður sínum á biðlista eftir leikskólaplássi á leikskólanum Heiðarborg. Í maí var komið að drengjunum en þá tilkynnti Emelía Möller leikskólastjóri Höllu að aðeins yngri drengurinn hennar fengi inni í leikskólann. Ekki væri til nægur mannskapur til að sinna jafn veiku barni og Ivan, þótt reglur Reykjavíkurborgar kveði á um að fötluð börn eigi að njóta forgangs fram yfir heilbrigð börn. Halla segist hafa fengið þau svör frá borginni að barnið fái inni í haust í öðru hverfi en fjölskyldan býr í. Hún segir þessa löngu bið þó reyna mjög á, sérstaklega í ljósi þess hve þjónusta og þjálfun sem á að vera veitt á leikskóla er mikilvæg börnum með jafn alvarlega fötlun. „Mér er sagt að leikskólinn



BRÆÐUR Í ÓLÍKUM SPORUM Þegar Ivan Victor ætlaði með móður sinni á gæsluvöllinn hafði lóðin verið tekin undir leikskólann sem yngri bróðirinn dvelur á. Í leikskólann fær Ivan þó ekki að fara þótt reglur segi að hann eigi að njóta forgangs.

hafi ekki mannafla til að veita honum þjónustu og því þykir mér furðulegt að það eina sem mér er boðið upp á er gæsla á gæsluvelli þar sem hann getur verið hjá ófag-lærðu fólki í um þrjá tíma á dag. Það þykir svo allt í lagi,“ segir Halla.

„Mér finnst ótrúlegt að heyra þetta. Og ótrúlegt að ekki hafi verið leitað frekari leiða til að leysa vanda þessarar fjölskyldu. Það er margsannað að snemmtæk og markviss íhlutun er einhverfum börnum afar mikilvæg, fyrir færni þeirra og vellíðan. Þess vegna hefur Reykjavíkurborg það í reglum sínum að börn með sérþarfir eigi að njóta forgangs,“ segir Gerður Aagot Árnadóttir,

læknir og formaður Landssamtaka Þroskahjálpar.

Halla og eiginmaður hennar geta ekki unnið nema hálfá vinnu vegna þess að leikskólapláss skortir. Hún segir fjölskylduna undir miklu álagi vegna veikinda Ivans en kvíðinn vegna þeirra afleiðinga sem hljótist geti af því að hann fari á mis við þjálfun sem honum er nauðsynleg sé þó enn meiri.

„Það var svo afar kaldhæðis að þegar ég ætlaði að fara með hann á gæsluvöllinn hafði leikskólinn Heiðarborg fengið lóðina þar lánada þar sem Brúðubíllinn var að koma í heimsókn. Þar sem börnin á leikskólanum áttu að fá að horfa á sýninguna var okkur vísað frá þennan dag,“ segir Halla. karen@frettabladid.is

Úthlutun í Úlfarsárdal: Átta lóðir enn án kaupanda

REYKJAVÍK Átta lóðir undir einbýlishúsi í Úlfarsárdal gengu af í nýafstaðinni úthlutun. Að sögn Dags B. Eggertssonar, oddvita Samfylkingarinnar í borgarstjórn, sóttu ýmist engir um þessar lóðir



DAGUR B. EGGERTSSON

eða væntanlegir kaupendur hættu við. Dregið var um lóðirnar úr hópi umsækjenda. „Allir áttu að greiða jafnhátt verð, ellefu milljónir, fyrir einbýlishúsalóðina, óháð staðsetningu lóðanna eða stærð væntanlegra húsa. Mesta athygli í nýjum úthlutunarreglum hefur þó vakið að hið fasta verð er margfalt gatnagerðargjald en það gengur gegn skýrum kosningaloforðum Sjálfstæðisflokksins í síðustu borgarstjórnarkosningum um ódýrar lóðir fyrir alla,“ segir Dagur.

Nýtt hverfi í Úlfarsárdal: Gengið frá lóðaúthlutun

SKIPULAGSMÁL Úthlutun lóða í Úlfarsárdal hefur verið samþykkt í borgarráði. Úthlutað var byggingarrétti fyrir 380 íbúðum í fjórum fjölbýlishúsum, ellefu raðhúsum, 27 parhúsum og 65 einbýlishúsum. Samtals eru þetta 107 lóðir og 380 íbúðir. Lóðir í vestari hluta hverfisins eru þegar byggingarhæfar og eru sumir komnir af stað með framkvæmdir. Í eystri hlutanum verða lóðir byggingarhæfar í október eða nóvember. Þar er nú unnið við gatnagerð og lagnir. Um tíu þúsund manns verða í Úlfarsárdal þegar hverfið verður fullþykkt. Sjá má lista yfir lóðarhafa í frétt á heimasíðu framkvæmdasviðs undir rvk.is.

MALASÍA

Árásir sjóræningja

Árásir sjóræningja á skip og báta á hafi úti hefur fjölgað mjög síðustu þrjá mánuði. Mest hefur fjölgunin orðið í lögsögu Sómalíu og Nígeríu.

LEIÐRÉTTING

Röng mynd var birt með Spurningu dagsins í föstudagsblaði Fréttablaðsins. Myndin sem birtist er af Jóni Aðalsteini Þorgeirssyni tónlistarmanni. Spurningunni var beint til Arnar Magnússonar tónlistarmanns.

VINSÆLASTA ÍSLENSKA UNGLINGABÓK ALLRA TÍMA

Aðeins 1.290 kr.

KOMIN Í KILJU!

ÞÓRRÍMUR ÞRÁNSSON
TÁR, BRÓS OG TAKKASKÓR

Edna
edda.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur
HELGIN
Áfram verður veðrið einna best suðvestan til á landinu. Á því svæði verður einna hlýjast um helgina sem og sýnu bjartast. Það er engu að síður svo að ekki eru horfur á skellibjörtu veðri en mér sýnist að þegar kemur fram á daginn rofi víða til vestan til á landinu og að einnig verði nokkuð bjart á morgun. Á hinn bóginn fer veður hægt kólnandi, bæði norðan og sunnan heiða.

REYKJAVÍK Í DAG
Hæg norðaustlæg átt. Skýjað í fyrstu en léttir heldur til þegar líður á daginn. Hiti 11-16 stig.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C hálfskýjað	London	22°C skúrir	Friedrichshafen	31°C léttskýjað
Billund	24°C skúrir	Paris	28°C hálfskýjað	Basel	21°C hálfskýjað
Osló	19°C rigning	Eindhoven	27°C hálfskýjað	Alicante	29°C heiðskírt
Stokkhólmur	24°C skúrir	Frankfurt	31°C hálfskýjað	Algarve	29°C heiðskírt
Gautaborg	20°C rigning	Berlín	30°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C hálfskýjað

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Sjónvarps- tækifæri



Tilboð
149.900

**ÓTRÚLEGT
VERÐ!**

42PC1RR
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms



Verð
299.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

50PC1RR
50"
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms



Verð
189.900

42LC51
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 5 ms
Aðeins 8 cm á þykkt



Verð
219.900

42LC2D
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1600:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Stafrænn móttakari
Kortarauf



Verð
199.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

42LC2RR
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms



Verð
179.900

**80 GB
UPPTÖKU-
DISKUR**

37LC2RR
37"
upplausn 1366x768
Skerpa 1.500:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8ms



Verð
109.900

32LC51
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 8 ms
Aðeins 8 cm á þykkt



Verð
119.900

32LC2RB
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1000:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð
98.900

26LC2R
26"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.200:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms



Verð
64.900

20LC1RB
26"
Upplausn 640x480
Skerpa 500:1
Birtustig 550
Viðbragðstími 16 ms



Verð
95.900

23LC1RB
23"
Upplausn 1366x768
Skerpa 600:1
Birtustig 600
Viðbragðstími 8 ms

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16





Hefur þú fylgst með fréttum af málefnum Hitaveitu Suðurnesja?

JÁ 57,8 %
NEI 42,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að fella öll barrtré innan þinghelgi Þingvallar?

Segðu þína skoðun á visir.is



Danir vilja samkvæmt skoðanakönnunum byggja brýr af miklum móð milli eyjanna og Þýskalands:

Danir vilja nú ólmir brúa Kattegat

DANMÖRK Danskir stjórnsmála- menn hafa síðustu daga sýnt verulegan áhuga á því að láta reisa brú yfir Kattegat milli Sjálands og Jótlands. Litlu virðist muna að framkvæmdin hafi nú meirihlutafylgi á þingi, eftir því sem danskir fjölmiðlar fullyrða.

Hugmyndin er sú að nýja akleidi- in liggja frá bænum Kalundborg á Sjálandi yfir brú til Sámseyjar og þaðan áfram yfir aðra brú til Jótlands skammt fyrir sunnan Árósa. Þar með væri hægt að aka frá Kaupmannahöfn til Árósa á rétt um það bil einni klukkustund.

Varla er liðið hálf ár síðan þessi hugmynd kom fyrst fram og hefur

hún mælst vel fyrir í skoðana- könnunum, þótt margir finni henni flest til foráttu.

Fyrir stuttu gerðu Danir og Þjóðverjar með sér samkomulag um að byggja brú milli landanna. Sú brú á að liggja frá Rødbyhavn á Lálandi yfir til Þýsku eyjarinnar Fehmarn og verður hún 19 kíló- metra löng.

Hugmyndin um brú yfir Kattegat kom fyrst fram nú seinni part vetrar og sögðu upphafsmenn hugmynda- rannar miklu nær að brúa Kattegat til að leysa innanlandsvanda í umferðinni, frekar en að ráðast í miklu dýrari brúargerð til Þýskalands, sem



TÖLVUMYND AF FYRIRHUGAÐRI BRÚ YFIR FEHMARNASUND NORDICPHOTOS/GETTY

aldrei yrði jafnmikið notuð.

Núna er stemningin hins vegar sú að brúargerðin yfir Kattegat verði næsta stóra brúarfram- kvæmdin í Danmörku, á eftir brúnni til Þýskalands.



Laugardagur til

LUKKU

Tilboðið gildir aðeins í dag

45%

afsláttur

LORI SÓLBEKKUR, NATUR.

13.739

áður: 24.980

Gildir meðan birgðir endast

HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík
• 585 7200 • opið í dag frá kl. 11-18

Borgum tvöfalt meira fyrir kjöt og brauð

Kjöt og brauð er níutíu prósentum dýrara hér en hjá Evrópusambandsþjóðum. Almennt eru matvæli dýrust hér, um og yfir sextíu prósentum fyrir ofan meðaltal. Súr yfir því að við komum svona illa út, segir formaður Bændasamtakanna.

NEYTENDUR Kjöt- og brauðmeti er tæplega níutíu prósentum dýrara á Íslandi en að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Sömu vörur kosta töluvert minna á Norðurlöndunum. Aðeins Noregur kemst nálægt Íslandi, sem situr á toppnum.

Hagstofa Evrópusambandsins, EuroStat, lét gera vöruverðskönnun í 37 ríkjum Evrópu, þar af 27 sem eru í Evrópusambandinu. Matvæli, áfengi og tóbak var dýrast á Íslandi af öllum löndunum sem könnuð voru, 61 prósentu yfir meðaltalinu. Noregur kom næst á eftir með 56 prósent. Ef eingöngu matvörur og óáfengir drykkir eru skoðuð er verðið hér samt hæst, 64 prósentum yfir meðaltali.

Í einstökum matvöruflokkum er kjöt og brauðmeti áberandi dýrast á Íslandi af Norðurlöndunum. Aðeins mjólkurvörurnar eru ódýrari á Íslandi en í Noregi, sem er næst okkur í verðlagi.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir fjölgun austur-evrópskra þjóða í Evrópusambandinu lækka meðaltalið og þar með hækka hlutfallslegt verð á Íslandi. Þó detti honum ekki í hug að neita því að kjöt sé dýrt hérlendis.



ISLENSKT KJÖT Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru matvæli á Íslandi dýrust allra í Evrópu. Aðeins Noregur kemst nálægt okkur, en hinar Norðurlandþjóðirnar eru ódýrari að nánast öllu leyti.

MATVÆLAVERÐ Á NORÐURLÖNDUNUM		
	Kjöt	Brauð og Korn
Ísland	+ 89%	+ 88%
Noregur	+ 82%	+ 64%
Danmörk	+ 49%	+ 50%
Finnland	+ 19%	+ 41%
Svíþjóð	+ 33%	+ 31%

HLUTFALLSLEG HÆKKUN MIÐAÐ VIÐ MEÐALTAL Í RÍKIUM EVRÓPUSAMBANDSINS

„Þrátt fyrir að innflutningstollar hafi lækkað um fjórutíu prósent að jafnaði og innflutningsrýmið á kjöti hafi verið aukið er verðlag í landinu almennt mjög hátt,“ segir hann. „Ég er súr yfir því að við komum svona illa út en við höfum reynt að minnka þennan mun. Áhrifanna af þessum breytingum er ekki farið að gæta enn.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir þessar niðurstöður staðfesta enn eina ferðina að á Íslandi sé hæsta


matvælavérð í heimi. Jafnvel þótt lækkan virðisaukaskatts síðan í mars á þessu ári sé tekin með í reikninginn sé verðið allt of hátt.

„Þetta er ekki ásættanlegt fyrir íslenska neytendur, það er eitthvað meiri háttar að. Lega landsins og smæð þess skýrir ekki nema lítinn hluta af þessum mun milli Íslands og hinna Norðurlandþjóðanna.“ Hann hvetur ríkisstjórnina til að taka á þessu máli, meðal annars með því að lækka innflutningstolla.

salvar@frettabladid.is

VERSLANIR Í BYGGINGU

- Höfðatorg.** Stærð: Verslun og skrifstofur: 50.000 fm². Verslanir: Kaffitár, Gallery kjöt o.fl. Verklök: 2010
- Holtagarðar.** Stækkun: 8.000 fm². Verslanir: Hagkaup, Bónus, Jói Fel, Max, Útilíf. Verklök: nóv/des. 2007
- Stekkjabrekkur.** Stærð: 40.000 fm². Verslanir: Rúmfatalagerinn, Pier o.fl. Verklök: júlí 2008
- Bauhaus.** Stærð: 20.000 fm². Verslanir: Bauhaus. Verklök: Ekki hafið
- Smáralind.** Stærð: Verslun og skrifstofur 18.000 fm². Verslanir: Ekki ákveðið. Verklök: 2009
- Smáratorg.** Stærð: Verslun og skrifstofur 21.000 fm². Verslanir: Toys'R'US og Pier. Verklök: okt. 2007



Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað
úrval í öðrum verslunum



12.990_{kr}

Verð áður 14.990,-

Melissa örbylgjuofn 800w 653089

- 800w digital örbylgjuofn
- 1000w grill
- Elektrónískar stillingar
- 20 lítra
- Litur: Stál
- Stærð í cm (bxhxd): 45,8x29,5x39,8



7.990_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa örbylgjuofn 700w 653067

- 700w örbylgjuofn
- 17 lítrar
- 6 styrkstillingar ásamt defrost
- Stærð í cm (bxhxd): 45,2x26,2x33
- Þyngd: 10,5kg
- Litur: Hvítur



1.990_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa kaffivél 645112

800w sjálfvirk kaffivél



3.990_{kr}

GOTT VERÐ

Exido vöflujárn 850w 243027

- 850w vöflujárn
- Sýnir þegar vöflurnar eru tilbúnar með ljósi



990_{kr}

Verð áður 1.990,-

Melissa brauðrist 643024



990_{kr}

Verð áður 2.490,-

Melissa samlokugrill 643050

Einfalt samlokugrill fyrir 2 sneiðar



2.990_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa hraðsuðukanna

645057
1,7 lítra hraðsuðukanna

Melissa brauðvél 643043

- 13 klst. "yfirmóttbökun" tímastillir
- 12 bökunarstillingar
- Heldur heitu í 60 mínútur á eftir
- 3 skorpu stillingar



7.990_{kr}

GOTT VERÐ

Gildir til 20. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



1. Hvað heitir fyrrverandi KGB-maðurinn sem er grunaður um að hafa drepið Alexander Litvinenko í London í fyrra?
2. Hvað heitir samgönguráðherra?
3. Hvað heita fræin sem fallið hafa líkt og snjó til jarðar í sumarveðrinu í Reykjavík síðustu daga?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 46

Mikilvæg eftirgjöf Írana dregur úr líkum á refsiaðgerðum:

Leyfa aðgang að kjarnakljúfi

AUSTURRÍKI, AP Alþjóðakjarnorkumálastofnunin í Vín segir að írönsk stjórnvöld hafi nú veitt kjarnorkueftirlitsmönnum á vegum Sameinuðu þjóðanna leyfi til þess að heimsækja í lok mánaðarins kjarnorkuver til að ganga úr skugga um að kjarnorkuvinnslan þar sé ekki liður í smíði kjarnorkuvopna.

Samkomulag um þetta tókst á fundi íranskra embættismanna með fulltrúum Kjarnorkumálastofnunarinnar nú í vikunni.

Árum saman hefur stofnunin ekki átt nein ráð til að ganga úr skugga um hvort Íranar segi satt þegar þeir halda því fram að þeir



OLLI HEINONEN OG JAVAD VAEEDI Varaframkvæmdastjóri Alþjóðakjarnorkueftirlitsins ásamt samningafulltrúa Íransstjórnar.

hafi engin áform um smíði kjarnorkuvopna. Kjarnorkuvinnslan sé eingöngu hugsuð í friðsamlegum

tilgangi. Íranar hafa jafnan neit að stofnuninni um aðgang að kjarnorkumannvirkjum sínum.

Standi Íranar við þetta samkomulag gætu Bandaríkjamenn átt erfiðara með að fá öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja frekari refsiaðgerðir gegn Íran, jafnvel þótt Íranar neiti áfram að verða við kröfum um að hættu við eða fresta öllum kjarnorkuáformum.

Á fundi sínum nú í vikunni komust Íranar og fulltrúar kjarnorkueftirlitsins einnig að samkomulagi um það með hvaða hætti frekari ágreiningur milli þeirra skyldi leystur.

ASÍ svarar ásökunum: Vísa fullyrðingum SVP á bug

VERSLUN Gott samræmi er milli verðmælinga ASÍ og Hagstofu Íslands, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá ASÍ. Segir sambandið ekkert hæft í fullyrðingum Samtaka verslunar og þjónustu sem hafa sagt verðmælingar ASÍ óviðunandi og niðurstöður þeirra allt aðrar en niðurstöður Hagstofu Íslands. Segir í fréttatilkynningu ASÍ að samtökin harmi að Samtök verslunar og þjónustu velji þá leið að svara gagnrýni á verðbrönum með dylgjum og órókstuddum brigslyrdómum í stað þess að svara efnislega.

Reyndi að stinga lögreglu af: Keyrði ölvaður

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í fyrrkvöld mann sem var grunaður um ölvun við akstur. Reynt var að stöðva hann fyrir of hraðan akstur á Gullinbrú, þar sem hann mældist á 136 kílómetra hraða. Maðurinn lét ekki segjast og veitti lögreglan honum því eftirför. Í eftirförinni mældist hraði hans enn meiri og gerðist hann einnig sekur um vítaverðan akstur í mikilli umferð.

Var maðurinn loks stöðvaður á Miklubraut og sviptur öku-réttindum. Honum var sleppt síðar um kvöldið.

TÖLVULEIKIR

Playstation 3 lækkar ekki

Engin verðlækkun verður á Playstation 3 leikjatölvunni frá Sony í Evrópu í bráð. Verð tölvunnar lækkaði um hundrað dali í Bandaríkjunum í vikunni. Búist var við svipaðri lækkun í Evrópu en svo varð ekki. Þess í stað munu fleiri leikir og stýriþinnar fylgja.

LÖGREGLUFRETTIR

Tekinn tvisvar sama daginn

Karlmaður á þrítugsaldri var tekinn fyrir ölvunarakstur á Laugavegi á miðvikudag. Í ljós kom að hann hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. Honum var sleppt en var svo handtekinn aftur um kvöldið fyrir að láta ófriðlega á veitingastað í miðbænum.

Stjórnarskipti í Palestínu:

Ráðherraskipan breytist lítið

PALESTÍNA, AP Neyðarstjórnin í Palestínu sagði af sér í gær og við tekur bráðabirgðastjórn sem situr í óákveðinn tíma. Forsætisráðherra verður áfram Salam



MAHMOUD ABBAS

Fayyad og ráðherraskipan stjórnarinnar verður að mestu óbreytt, þótt nokkrir nýir ráðherrar bæstist í stjórnina. Neyðarstjórnin, sem setið hefur í um það bil mánuð, tók við af ríkisstjórn Hamas og Fatah eftir að Hamas tók í sínar hendur öll völd á Gazasvæðinu. Í kjölfar þess lýsti Mahmoud Abbas forseti yfir neyðarástandi og hefur síðan stjórnað með tilskipunum.

Neyðarástandinu var aflétt í gær og tók þá nýja bráðabirgðastjórnin við völdum.

Franskur lögreglumaður:

Skaut börnin sín, yfirmann og sjálfan sig

PARÍS, AP Franskur lögregluþjónn tók í gær upp byssu sína á lögreglustöð í úthverfi Parísar, skaut yfirmann sinn, tvö börn sín og síðan sjálfan sig.

Harmeikurinn átti sér stað um hádegisbilið í gær á lögreglustöð í Malakoff, úthverfi Parísar. Ekki er vitað hvað manningnum gekk til en hann er sagður hafa notað sitt eigið skotvopn.

Börnin tvö voru um það bil tíu ára gömul. Nafni lögreglumannsins er haldið leyndu.



MYRT Ashley Turner var myrt í húsnæði varnarliðsins á Miðnesheiði árið 2005.

Engum refsað fyrir morðið

Bandarísk yfirvöld hyggjast ekki rannsaka morð á varnarsvæðinu frekar í kjölfar sýknudóms. Foreldrar fórnarlambins eru viss um að morðingi hennar hafi verið sýknaður en geta ekki höfðað einkamál.

LÖGREGLUMÁL Engar nýjar vísbendingar hafa komið fram um það hver myrti hermanninginn Ashley Turner á varnarliðssvæðinu í ágúst 2005, og er líklegt að morðingi hennar verði aldrei refsað, að mati ofursta í bandaríska flughernum sem hefur yfirmansjón með herréttarhöldum.



ASHLEY TURNER

Hin tvítuga Ashley Turner var myrt 14. ágúst 2005 í herstöðinni á Miðnesheiði. Hún fannst látin í líkamsræktarsal sem íbúar hússins hennar höfðu aðgang að, og hafði verið barin og stungin.

Grunur féll strax á hermanninginn Calvin Eugene Hill, sem bjó í sama íbúðarhúsnæði. Hann hafði stolið fé að andvirði um 175 þúsunda króna af reikningi Ashley Turner, og átti hún að bera vitni gegn honum nokkrum dögum síðar. Við rannsókn málsins fannst blóðdropi úr Ashley á skó hans og hann hafði ekki fjarvistarsönnun.

Hill var ákærður fyrir morðið, en sýknaður við herréttarhöld nýverið. Hann játaði þó á sig ýmis smávægilegri brot, til dæmis þjófnað. Hann var lækkaður í tign, dæmdur til erfiðisvinnu í þrjá mánuði og til að greiða sekt.

„Niðurstaðan kom ákærvaldinu verulega á óvart,“ segir Scott Martin, ofursti í bandaríska flughernum, sem stýrir herréttarhöldum flughersins. „Hill var sá eini sem við höfðum grunaðan um morðið, og mér skilst að rannsakendur bandaríska flotans [sem fóru með rannsókn málsins] hafi engar vísbendingar sem þeir ætli að fylgja eftir eins og staðan er í dag. Staðreyndin er sú að við hjá flughernum trúðum því að Hill væri morðinginn, en hann var sýknaður,“ segir Martin.

Líklegt er að morðingi Ashley Turner verði aldrei refsað. „Ef ekki koma fram nýjar vísbendingar eða gögn sem benda til þess að einhver annar hafi framið morðið, er ólíklegt að málið leysist, og því líklegt að morðingjanum verði aldrei refsað,“ segir Martin.

„Flugherinn lét þann seka sleppa,“ segir Lawrence W. Turner, faðir Ashley. „Íslendingar ættu ekki að hleypa þessum manni aftur til landsins.“

Hann segir rannsakendur og saksóknara hafa fullvissað fjölskyldu Ashley um það allt fram að sýknudóminum að það væri formsatriði að fara í gegnum réttarhöldin, augljóst væri að Hill væri sekur. Hann

Flugherinn lét þann seka sleppa.

LAWRENCE W. TURNER
FAÐIR ASHLEY

Við hjá flughernum trúðum því að Hill væri morðinginn, en hann var sýknaður.

SCOTT MARTIN
OFURSTI

ætti dauðarefsingu yfir höfði sér, eða í það minnsta lífstíðardóm. Rannsóknin hafi ef til vill liðið fyrir þetta viðhorf.

„Við könnuðum möguleikana á því að fara í einkamál, en við eigum ekki möguleika á því, þar sem ekki má rétta yfir manni tvisvar fyrir sömu sakir,“ segir Turner. Hann segir fjölskylduna skoða hvort hún geti kafið bandarísk stjórnvöld um skaðabætur.

Turner gagnrýnir fyrrum yfirvöld á varnarsvæðinu harðlega fyrir að hafa látið dóttur sína og Hill búa í sama húsnæði, þrátt fyrir að til stæði að hún bæri vitni gegn honum, og að honum hafi verið skipað að halda sig fjarri Ashley.

brjann@frettabladid.is

Stækkaðu við þig!

Fortjöld fyrir hjólhýsi og fellihýsi

Pyramid

PDO fortjöldin pakkast í poka í rennu utaná vagninum. Mjög fljótlegt að tjalda.

Verð frá: 49.900 kr.

Fortjöld fyrir hjólhýsi

Pyramid

Verð frá: 109.900 kr.

Útlegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útfatnað, fylgihlutu og margt fleira. Kíktu við og skoðuðu úrvalið

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | utlegumadurinn.is
Opíð laugardag 10-17 og sunnudag 12-16

Útlegu maðurinn

vodafone

Hittu í mark

Meistaradeildarboltar á aðeins 990 kr. fyrir Og1 viðskiptavini.

Komdu við í næstu Vodafone verslun og nældu þér í gæðabolta. Almenn verð 1.990 kr.

Þú færð bestu kjörin með því að vera með allt hjá okkur í Og1.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Bláa lónið

flaggar Bláfánanum í fimmta sinn

Bláa lónið var fyrsti staðurinn á Íslandi til að hljóta Bláfánann. Þessi virta umhverfisviðurkenning staðfestir að Bláa lónið er í fararbroddi í umhverfisvernd og stenst þær kröfur sem gerðar eru um vatnsgæði, öryggismál og þjónustu náttúrulegra baðstaða.

Blue Lagoon jarðsjórinn á engan sinn líka í heiminum. Hann er þekktur fyrir lækningamátt og einstök virk hráefni: kísil og þörungur. Bláa lónið er að jafnaði blátt vegna endurkasts ljóss frá örsmáum kísilsvifögnum í jarðsjónum. Ein af einkennislífverum jarðsjávarins er Blue Lagoon þörungur. Á sólríkum sumardögum, þegar vaxtarskilyrði hans eru í hámarki, tekur grænn litur þörungisins yfir bláan lit lönsins. Nýjustu vísindarannsóknir sýna að kísillinn og þörungurinn hafa áhugaverða eiginleika sem vinna gegn öldrun húðarinnar. Kísillinn og þörungurinn eru lykilefni í Blue Lagoon húðvörnum.

Baðlónið inniheldur 6 milljónir lítra af hreinum jarðsjó sem endurnýjast á 40 klukkustundum.

Bláfáninn er alþjóðlegt merki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Honum er nú flöggað á 3.200 baðströndum og smábátahöfnum í 37 löndum. Nánari upplýsingar á www.landvernd.is og www.blueflag.org



BLUE LAGOON
ICELAND



NAUTAHLAUPIÐ Í PAMPLONA Síðustu daga hafa ofurhugar hlaupið á undan nautahópi dag hvern í hinu árlega nautahlaupi í Pamplona. Þessi hlaupari varð heldur illa úti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Goðanes frá Neskaupstað strandaði við Sandeyjar í Færeyjum í janúar 1947:

50 ár frá því Goðanes fórst

FÆREYJAR „Þetta var mjög falleg athöfn og gaman að geta tekið þátt í þessu,“ segir Birgir Sigurðsson, skipstjóri frá Neskaupstað. Bróðir Birgis, Pétur Hafsteinn Sigurðsson skipstjóri Goðaness, lést, einn manna, er Goðanes fórst við Færeyjar í janúar 1947. Minningarathöfn fór fram í Færeyjum á dögum þar sem ættingjar Péturs settu í samvinnu við Færeyinga upp áletraðan stein til minningar um slysið. „Núna höfum við fjölskyldan einhvern stað til að fara á og minnst Péturs. Það hefur aldrei verið til neitt leiði. Áletrunin vísar beint út að staðnum þar sem Goðanesið fórst. Þaðan sést mjög vel á staðinn og í raun ótrúlegt hvað þetta er nálægt landi,“ segir Karl Jóhann Birgisson, bróðursonur Péturs Hafsteins.

Um borð í Goðanesi voru 24 skipverjar á leiðinni til Skálafjarðar að sækja færeyska sjómenn. Skipið steytti á skeri við austurströnd Sandeyja í Skálafirði. Pétur Hafsteinn fórst 24 ára að aldri en 23 skipverjum var bjargað af nálægum togurum.

„Ég hafði verið á Goðanesinu fram að þessu. Ég var á leiðinni að sækja nýjan togara sem hét Andvari. Því fór ég ekki þessa ferð,“ segir Birgir.



FÆREYINGAR Atburðurinn er mörgum Færeyingum ofarlega í minni. Í kjölfar þeirra var Björgunarfélag Færeyja stofnað. MYND/EIÐUR

Tveimur árum áður, í janúar 1955, fórst togarinn Egill Rauði, sem var einnig gerður út frá Neskaupsstað, er hann strandaði við Grænuhlíð í Ísafjarðardjúpi.



FRÁ MINNINGARATHÖFNINI Frá vinstri: Sigurborg Kjartansdóttir, Pétur Hafsteinn Birgisson, Guðríður Elísa Jóhannesdóttir, Birgir Sigurðsson, Kristinn Pétursson. Hægra megin við minnisvarða: Sigurður Þorsteinn Birgisson, Helena Lind Birgisdóttir, Karl Jóhann Birgisson og María Guðjónsdóttir. MYND/EIÐUR

Þá fórust fimm menn en 29 björguðust, þar á meðal Pétur Hafsteinn Sigurðsson sem var þá stýrimaður. Í bæði skiptin var togarinn Austfirðingur, sem var gerður út frá Eskifirði, á svipuðum slóðum og tók þátt í björgunaraðgerðunum. „Þegar Egill rauði fórst var ég á Goðanesinu. Við tókum þátt í björgunaraðgerðum. Þá var Pétur Hafsteinn annar stýrimaður og því hífður fyrstur frá borði,“ segir Birgir.

„Báðir togararnir lögðu frá Neskaupstað á nýársdag og fórust skömmu síðar. Síðan þá er aldrei lagt af stað í túr á nýársdag frá Neskaupstað,“ segir Karl Jóhann.

- aví

Niðurskurður aflaheimilda:

Ítreka kröfu um stóriðju á Bakka

SVEITARSTJÓRNIR „Að gefnu tilefni vill byggðarráð ítreka enn og aftur mikilvægi þess að stóriðja risi í landi Bakka við Húsavík og að stjórnvöld standi heilshugar að baki verkefninu,“ segir í bókun byggðarráðs Norðurþings sem á fundi sínum á fimmtudag ræddi niðurskurð í fiskveiðikvóta.



JÓN HELGI BJÖRNSSON

„Byggðarráð Norðurþings lýsir miklum áhyggjum vegna fyrirsjáanlegra neikvæðra áhrifa vegna niðurskurðar á aflaheimildum í þorski.

Byggðarráð leggur ríka áherslu á að stjórnvöld grípi strax til raunhæfra mótvægisáðgerða sem muni koma í veg fyrir atvinnuleysi og fólksflotta frá sjávarbyggðum.“

LANGANESBYGGÐ

Nýr vefur opnaður

Sveitarstjórn Langanesbyggðar opnaði á dögum nýja heimasíðu byggðarinnar. Það voru þeir Siggeir Stefánsson oddviti og Björn Ingimarsson sem opnuðu vefinn, sem er á slóðinni www.langanesbyggd.is.

STELPUR Í SÓKN

OR STYRKIR EVRÓPUMÓT U-19 KVENNA

Orkuveita Reykjavíkur vill bjóða alla velkomna á úrslitakeppni Evrópumóts kvenna yngri en 19 ára sem haldin verður á Íslandi dagana 18. til 29. júlí. Mótið er tilvalið til að efla áhuga ungra knattspyrnustúlkna á íþróttinni og eru leikir mótsins öllum opnir. Komið og sjáið framtíð kvennafótboltans etja kappi og hvetjið þær kröftuglega áfram.

Áfram stelpur!

FRÍTT Á LEIKINA Í BODI OR





GORDON BROWN Segir að Bretar muni halda áfram að starfa náið með Bandaríkjamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bretland og Bandaríkin:

Segir samstarfið vera gott

LONDON Gordon Brown, forsætisráðherra Englands, segir að bandalag Bretlands og Bandaríkjamanna sé sterkt og að löndin muni halda áfram að starfa náið saman í framtíðinni.

Orð sem Douglas Alexander, viðskipta- og þróunarráðherra og samstarfsmaður Browns, lét falla í ræðu í Bandaríkjunum létu menn halda að Brown ætlaði að draga úr nánnum samskiptum Bretlands og Bandaríkjamanna. Talsmaður Brown sagði þessa túlkun þvætting.

„Ég mun halda áfram að vinna mjög náið með ríkisstjórn Bandaríkjamanna, alveg eins og Tony Blair gerði,“ segir Gordon Brown. The Guardian greindi frá. - itv

Vegfarendur aðstoða við að bera sjúklinga af slysstað

Sjúkraflutningamenn utan höfuðborgarsvæðisins þurfa að leita aðstoðar hjá vegfarendum til að bera sjúklinga af slysstað. Aðstoðarlandlæknir segir ekki forsvaranlegt að einn maður sjái um sjúkraflutninga. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðismálaráðherra skoðar málið í kjölfar fréttáflutnings.

HEILBRIGÐISMÁL „Þegar maður er að fara einn í útköll hugsar maður stöðugt um það á leiðinni hverjar aðstæðurnar séu á slysstað og hvort einhver geti hjálpað við aðhlyningu og við að bera sjúklinginn. Oft þarf ég að biðja vegfarendur eða samferðamenn hins slasaða um að hjálpa mér,“ segir Kristján Guðmundsson, sjúkraflutningamaður í Ólafsvík.

Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS), hefur gagnrýnt harðlega hvernig staðið er að þjónustu í sjúkraflutningum utan höfuðborgarsvæðisins. Hefur hann lýst aðstæðum þannig að sjúklingum stafi beinlínis hættu af því að sjúkraflutningamenn fari einir í útköll og annist flutning á sjúklingum um langan veg. Tiltekur hann að ástandið sé hvað verst í Borgarfirði og á Snæfellsnesi.

Kristján hefur starfað sem sjúkraflutningamaður á Snæfellsnesi síðan 1991. Hann íhugar nú að hætta störfum þar sem hann treystir sér ekki til að starfa við þær aðstæður sem honum eru boðnar.

„Ég veit ekki hvort ég treysti mér til að biðja



SJÚKRAFLUTNINGAR Flutningur slasaðra eða veikra getur verið miklum erfiðleikum bundinn og ákjósanlegast að tveir vanir sjúkraflutningamenn sinni því verki. Á þessu er misbrestur utan höfuðborgarsvæðisins þó víðast hvar séu þessi mál í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

eftir því að eitthvað alvarlegt komi fyrir þegar ég er einn á ferð; eitthvað sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir með fullmannaðan bíl,“ segir Kristján. Hann lýsir því einnig að ítrekað hafi hann þurft að biðja sjúklinga sem hann er

að flytja til Reykjavíkur um að hrópa til hans ef þeir þurfi aðhlyningu. Ef þeir treysta sér ekki til þess stöðvar hann bílinn með reglulegu millibili til að athuga hvernig sjúklingnum líður. „Oft er fólk mjög kvalið og hrætt og erfitt að geta ekki verið til staðar og veitt fulla þjónustu.“

Kristján Oddsson aðstoðarlandlæknir segir að embættið hafi mælst til þess árið 2005 að ávallt skuli tveir menntaðir sjúkraflutningamenn fylgja sjúklingi. „Það er í rauninni ekki forsvaranlegt að einn sjúkraflutningamaður fylgi sjúklingi og þess vegna komu þessi tilmæli frá landlækni á sínum tíma.“ Kristján segir nauðsynlegt að sjúklingur sé vaktaður á meðan flutningi stendur enda sýni reynslan að slíkur flutningur sé í mörgum tilfellum erfiður.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðismálaráðherra segir að í kjölfar fréttáflutnings af málefnum sjúkraflutningamanna utan höfuðborgarsvæðisins hafi hann kallað eftir upplýsingum um málið og það verði skoðað hjá ráðuneytinu þegar þær liggja fyrir.

svavar@frettabladid.is



A RIÐILL

18. JÚLÍ	16:00	DANMÖRK - ÞÝSKALAND	VÍKINGSVÖLLUR
18. JÚLÍ	19:15	ÍSLAND - NOREGUR	LAUGARDALSVÖLLUR
20. JÚLÍ	16:00	NOREGUR - ÞÝSKALAND	FYLKISVÖLLUR
20. JÚLÍ	19:15	ÍSLAND - DANMÖRK	KÓPAVOGSVÖLLUR
23. JÚLÍ	16:00	ÍSLAND - ÞÝSKALAND	GRINDAVÍKURVÖLLUR
23. JÚLÍ	16:00	NOREGUR - DANMÖRK	AKRANESVÖLLUR

B RIÐILL

18. JÚLÍ	16:00	PÓLLAND - ENGLAND	FYLKISVÖLLUR
18. JÚLÍ	16:00	SPÁNN - FRAKKLAND	KÓPAVOGSVÖLLUR
20. JÚLÍ	16:00	PÓLLAND - SPÁNN	GRINDAVÍKURVÖLLUR
20. JÚLÍ	16:00	ENGLAND - FRAKKLAND	AKRANESVÖLLUR
23. JÚLÍ	16:00	FRAKKLAND - PÓLLAND	VÍKINGSVÖLLUR
23. JÚLÍ	16:00	ENGLAND - SPÁNN	KR-VÖLLUR

Kostir og gallar eftirlitsmyndavéla:

Allir liggja undir grun

JÓN KALDAL SKRIFAR

Eftirlitsmyndavélavæðing Íslands hefur farið hljótt en vísbendingar eru um að það sé að breytast. Í Fréttablaðinu í gær er haft eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur, forstjóra Persónuverndar, að kvartanir og athugasemdir vegna eftirlitsmyndavéla séu orðnar svo margar að stofnunin hafi ekki tök á að sinna þeim öllum sem skyldi. Að mati Sigrúnar er aðeins tímaspursmál hvenær íslensk stéttarfélag hefja umræðu um álag þeirra sem þurfa að vinna undir stöðugu eftirliti myndavéla.

Sú umræða hlýtur þó að teygja sig víðar því eftirlitsmyndavélar eru komnar upp hvarvetna: í verslunum, á veitingastöðum og börum, opinberum stofnum, bílageymslum og stigagöngum fjölbýlishúsa. Atvinnurekendur beina myndavélunum að eigin starfsfólki og viðskiptavinum sínum; allir liggja undir grun um að vera mögulegir brotamenn.

Eftirlitsmyndavélar hafa vissulega sannað gildi sitt í ýmsum tilvikum. Myndir úr þeim hafa auðveldað að upplýsa sakamál og löggæsluvélar í miðbænum hafa flýtt fyrir að liðsauki komi á staðinn ef lögregluþjónar hafa lent í vandræðum.

Áberandi og vel merktar myndavélar hafa líka ákveðið forvarngildi. Bílstjórar eru til dæmis síður vísir til að gefa í á þeim stöðum þar sem myndavélar eru, vitandi að þeir geta átt von á sekt í póstinum með ljósmynd af ökutækini og númeraplötu þess.

Staðreyndin er hins vegar sú að yfirleitt bera menn ekki utan á sér slík skrásetningarnúmer þegar þeir ætla að brjóta af sér. Reglulegar fréttir af ránum í 10/11, og öðrum verslunum sem hafa opið fram á kvöld, eru besta dæmið um að menn láta myndavélarnar ekki stöðva sig. Í þeim tilfellum hylja bófarinn andlit sín áður en þeir láta til skarar skrifa og hverfa svo út í nóttina. Í þeim tilfellum veita myndavélarnar aðeins falskt öryggi.

Tæknin er að mörgu leyti komin langt fram úr lögunum. Nútímamaðurinn skilur á hverjum degi eftir sig fjölmörg spor um hvað hann aðhefst. Hægt er að kortleggja nákvæmlega ferðir hans út frá GSM-símanum sem hann er með í vasanum og skoða hvaða vörur og þjónustu hann kaupir út frá kreditkortinu. Ef fólk er mjög umhugað um einkalíf sitt hefur það hins vegar val um nota hvorki GSM-síma og né kreditkort. Fólk hefur ekki slíkt val gagnvart eftirlitsmyndavélunum. Þær festa alla í minni sitt. Í linsum þeirra liggja allir undir grun.

Hvergi í heiminum er fylgst eins náð með borgurinum og í Bretlandi. Hver Lundúnabúi getur búist við því að þrjúhundruð eftirlitsmyndavélar skrásetji ferðir hans á hverjum einasta degi.

Skoðanakannanir hafa ítrekað sýnt að mikill meirihluti Breta lætur sér þetta gríðarlega eftirlit vel líka, þótt umdeilanlegt sé að það hafi nokkur áhrif á tíðni glæpa.

Hinir, sem ekki kæra sig um að taka þátt í að byggja upp slíkt samfélag tortryggni og vantrausts, eða vilja bara fá að vera í friði, fá ekki rönd við reist. Eftirlitsvélunum fjölga stöðugt. Og það er hrollvekjandi tilhugsun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ADSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björgvinsdóttir. FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. issn 1670-3871



**HARRY POTTER
KEMUR TIL LANDSINS
KLUKKAN 23:01
FÖSTUDAGINN 20. JÚLÍ**

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



FRÁ DEGI TIL DAGS

Falsfeminismi karlanna?

Sumir vilja meina að konur hafi almennt mun meiri áhuga á jafnréttismálum en karlar, þótt annar hver réttisýnn karl rjúki þá oftast til og slái sig til riddara feminismins rétt á meðan umræðan er í háumáli. Sumir segja einnig að það sé ekkert skrytið að konur láti jafnréttismál sig varða umfram karla, þar sem þær standa jú víðar höllum fæti gagnvart körlunum en öfugt. Það kemur því kannski ekki mörgum á óvart að umsækjendurnir níu um stöðu

framkvæmdastjóra jafnréttisstofu hafi allir sem einn verið kvenkyns. En hvar voru jafnréttispostularnir úr flokki karlanna þá?

Hvor er mikilvægari?

Eins og greint hefur verið frá í þessum dálki dvelur Kristján Möller samgönguráðherra nú í fríi á Tenerife. Þar lifir hann í vellystingum á fimm stjörnu lúxushótel. Steinsnar frá sólar sig hins vegar Sigurjón Þ. Arnason Landsbankastjóri á sundlaugarbakka enn glæsilegra hótels, dyggilega varinn af vopnuðum öryggisvörðum. Má af því ráða að Sigurjón óttist meira um líf sitt en sjálfur

ráðherra? Og hvað segði það okkur þá um valdastöðu stjórnmalámannna Íslands annars vegar og fjármálajöfra landsins hins vegar?

Játningar Andrésar

Ritstjórinn Andrés Jónsson játar það á blogg sínu sinni að honum sé alls ekkert illa við Ágúst Borgþór Sverrisson, sem margir menningarvitar keppast jafnan við að niða og hæða. Andrés telur þessa játningu jafnast á við það þegar hann játaði hrifningu sína á norski popptónlist. Segir það ekki meira um Ágúst Borgþór en nokkuð annað?

stigur@frettabladid.is

Áhrif fólksfjölgunar

Lífsbarátta mannkynsins hefur löngum verið erfið. Ef litið er til þeirra tugþúsunda ára sem tegund okkar hefur tórad á jörðinni hefur jafnan brugðið til beggja vona um hvort börn kæmst til manns og enn ólíklegra var að einstaklingar kæmst til elli. Tími okkar manna á jörðu hefur ekki heldur verið samfelld framfaraskið. Fólk sem var uppi á steinöld mun hafa haft það náðugt miðað við afkomendur þeirra á síðari öldum; fáir voru um hituna og nóg af mat. Vinnutími fólks hefur líklega aldrei verið styttri í gervallri mannkynsögunni.

Hvers vegna lauk þá paradísartilveru steinaldarfólks; sem til dæmis má finna minningar um í sögunni af Adam og Evu í aldingaröðnum? Jú, fólk fór fjölgandi og þrengja fór að hverjum og einum. Takmörkun á fólksfjölda var erfið og kallaði á hörku sem fólk hefur áreiðanlega ekki þótt neitt æskilegra þá en nú á dögum. Mannkynið leitaði annarra valkosta; í landbúnaði sem kallaði á meiri vinnu við að framkalla fleiri hitaæiningar.

Slík vinna kallaði á skipulag og að lokum varð til stjórnendastétt. Þetta gerðist á ólíkum tímum í ólíkum heimshornum og sums staðar hefur fólk lifað á steinaldarstigi fram á okkar daga.

Fólksfjölgunarvandinn

Æ síðar hefur fólksfjölgun orsakað vandamál og kallað á nýjar lausnir og endurskipulagningu. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að takast á við vandann. Ein sú allra hugkvæmasta varð til meðal kristinna



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Fólksfjölgun

manna þegar fjölmennir hópar fólks kusu einlífi í klaustrum. Dekruðum nútímamönnum finnst tilhugsunin um slíkt líf hörmuleg en valkostirnir voru kannski ekki alltaf betri og sumir skelfilegir: Trúarbrögð sem bönnuðu barnaútburð þurftu að bjóða upp á valkosti sem ekki kölluðu á stjórnlauða fólksfjölgun.

Margir líta á fólksfjölgun sem undirstöðu framfara þegar fólk bregst við henni með því að taka upp nýja búskaparhætti eða tekur nýja tækni í þjónustu sína. Slík viðbrögð hafa þó reynt undanþekning fremur en regla. Yfirleitt er niðurstaðan hallæri með tilheyrandi mannfelli. Þetta vissu hagfræðingar 18. aldar sem spáðu hörmungum á komandi öldum (enda hagfræðin þá kölluð „the dismal science“) því vitaskuld gátu þeir ekki séð fyrir það svigrúm sem iðnyltingin veitti fyrir fólksfjölgun þegar frá leið. Fylgífiskur iðnyltingarinnar var hins vegar sá að gengið var á auðlindir jarðar af meiri ákveðni og hraða en nokkru sinni eru dæmi til í veraldarsögunni. Afleiðingin er sú að fyrirsjáanlegar eru stórkostlegri breytingar á vistkerfi manna og öllu umhverfi okkar en nokkru sinni fyrir.

Nærtæk dæmi um þær breytingar sem fylgt hafa tækni framförum eru áhrifin sem stíflur og virkjanir hafa haft á umhverfið. Á tíunda áratug 20. aldar taldist mönnum svo til að tveir þriðju hlutar alls rennandi vatns á jörðinni færu í gegnum einhvers konar stíflur. Áhrif á vistkerfi og umhverfi hafa hins vegar stundum verið mun meiri og verri en menn óraði fyrir, eins og t.d. við Aralvatn, Aswanstífluna og Colorado-ána. Annað dæmi er hvernig menn hafa orðið æ stórtækari í að flytja til jarðveg og land, stundum með hörmulegum afleiðingum fyrir vistkerfið. Nú er svo komið að vatn er eina fyrirbærið í náttúrunni sem flytur meiri jarðveg en mannkynið á hverju ári og önnur náttúruöfl eru mun smátækari. Áhrif mannsins á jörðina og vistkerfi hennar eru gríðarleg og afleiðingarnar enn ekki ljósar.

Athyglisverðir tímar

Við lifum núna á öld gríðarlegrar fólksfjölgunar. Reynsla fortíðarinnar kennir okkur að hún leiðir líklega af sér annað tveggja: Hallæri og mannfelli eða gjörbyltingu á lífsháttum okkar og öllu þjóðskipulagi. Við getum ekki séð fyrir hvort er líklegri við núverandi aðstæður. Þróun undanfarinna áratuga gefur ekki sérstaklega tilefni til bjartsýni eða svartýni. Hún gefur hins vegar ekki heldur tilefni til þess að ætla að við getum haldið áfram á sömu braut stóráfallalata. Ríkjandi átrúnaður á neyslu og hagvöxt hefur ekki annað í för með sér en kollsteypu. Framtíð án þessa átrúnaðar gæti hins vegar orðið bjartari.

Mannréttindum snúið á haus

UMRÆÐAN

Gæsluvarðhald

Nýlega voru kveðnir upp í Héraðsdómi Reykjavíkur tveir sýknudómur þar sem ákærðu höfðu setið í gæsluvarðhaldi mánuðum saman meðan mál þeirra voru til meðferðar. Annað málið var meint nauðgun en hitt var fíkniefnabrot. Í báðum þessum málum höfðu dómstólar úrskurðað að sakborningar sættu gæsluvarðhaldsvist á grundvelli almannahagsmunna þar til dómur gengi í málinu. Í kjölfar sýknudómanna vaknar sú spurning hvernig það getur gerst þegar sönnun um sekt hefur ekki legið á borðinu við lok rannsóknar. Það er alveg nýtt að sakborningur í nauðgunarkæru sem neitað hefur sök sæti gæsluvarðhaldsvist því sönnun í slíkum málum er fyrst og fremst metin út frá framburði ákærða og vitna fyrir dómi við aðalmeðferð máls. Því er sekt nánast aldrei sönnuð á rannsóknarstigi máls nema beinlínis liggi fyrir játning á brotinu. Á þessu stílbroti dómstóla í nauðgunarmálum er engin önnur skýring en hávarar kröfur þrýsti- og hagsmunahópa sem jafnan hafa hátt um mannréttindi og lýðræði en snúa jafnan þessum hugtökum á haus. Mannréttindaákvæði við rannsókn og málsmeðferð sakamála snerta fyrst og



BRYNJAR NÍELSSON

fremst sakborning en ekki réttindi meints brotþola sérstaklega. Það er því dapurlegt að sjá og heyra viðbrögð fjölmörg og annarra „gæslumanna“ mannréttinda við umræddum dómi. Skandallinn í málinu er ekki sýknan enda höfum við hin engar forsendur til að meta sönnunina í málinu, heldur að ákærði hefur setið innilokaður í fangelsi mánuðum saman án þess að fyrir lægi fullnægjandi sönnun um sök hans.

Gæsluvarðhald á grundvelli almannahagsmunna hefur lengi viðgengist hér á landi í fíkniefnamálum. Það er torskilið hvernig það varðar almannahagsmuni að grunaðir menn í fíkniefnabrotum sæti gæsluvarðhaldsvist þar til dómur gengur. Það er mjög rúm túlkun á hugtakinu almannahagsmunir. Þessir menn eru ekki hættulegir öðrum einstaklingum sérstaklega og þeir sem neyta efnanna taka sjálfstæða ákvörðun um það. Því er ekki um að ræða fórnarlömb í eiginlegum skilningi. Það er eins og allir séu hættir að hugsa um meginregluna mikilvægu um að ódæmdir menn sæti ekki fangelsisvist. Þetta er sérkennileg þróun í allri mannréttindaumræðunni. Það kannski segir manni hvað öll sú umræða er á villigötum.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Umhverfispættir í stofnstærðarmat

UMRÆÐAN

Stofnrannsóknir

Undanfarið hafa heyrst gagnrýnisráddir á aðferðafræði Hafró við mat á stofnstærð þorsks og ráðleggingar þeirra um veiðar í kjölfarið. Mæling á stofnstærð er flókið ferli og mikið af óvissuþáttum sem leiða verður líkum að, endanleg niðurstaða um hvort matið hafi verið rétt kemur ekki að fullu fram fyrr en hver árgangur er horfinn en það eru 14 ár í tilfelli þorsksins.

Vitaskuld verður seint hægt að útiloka óvissuþætti, til þess þarf heildarmódel af umhverfinu og nákvæma vitneskju um alla þætti sem hugsanlega geta haft áhrif og hvernig þau áhrif eru. Slík vitneskja verður ekki á okkar færi í fyrirsjáanlegri framtíð. Það eru hins vegar til aðferðir til þess að nýta þá þætti í umhverfinu sem eru mældir þótt samband þeirra við þorskstofninn sé ekki hægt að setja fram í formúlu á auðveldan hátt, ein slík aðferð er notkun gervitauganeta.

Fyrir um 12 árum síðan, kannaði ég möguleikann á því að þjálfar gervitauganet til þess að meta stofnstærð þorsks þar sem tillit er tekið til umhverfispáttar auk hefðbundinna gagna. Inntaki skipti ég niður í 52 þætti er fjölluðu um stofninn sjálfan, 8 sem fjölluðu um æti og stöðu þess s.s. loðnu, rækju, kolmunna og karfa og 16 umhverfispætti s.s. hitastig, seltu, átu, þörunga, strauma og

veiðar úr grænenska þorskstofninum. Alls 76 þættir sem ég mat hæfa til notkunar úr þeim gögnum sem ég vissi að Hafró hafði í gagnagrunnum sínum og ég hafði kynnt mér að gætu skipt máli. Ég lét gervitauganetið læra tengslin á milli þessara þátta úr 11-14 árum af upplýsingum og áætla stofninn næstu 4-6 ár. Niðurstaðan var að mínu mati mjög ásættanleg, og gaf tilefni til frekari rannsókna á því að nota þessa tækni við að tengja umhverfispætti við stofnstærðarútreikninga.



JÓN J. BJÖRNSSON

Síðan ég gerði þessa rannsókn hef ég þróað og þjálfað gervitauganet af öðrum toga byggð á mynstur- og áhættugreiningum mínum fyrir fjölþjóðlegt fyrirtæki á fjármálamarkaðnum, þau net hafa verið keyrð í Bretlandi, Ítalíu, Tyrklandi og í Belgíu með mjög góðum árangri. Net þessi eru þjálfuð til þess að finna misferli og hafa náð því að finna allt að 80% af fjármagni sem reynt hefur verið að svíkja út, sams konar módel má nota til þess að greina peningaprætti, tryggingasvik, misferli í

farsímakerfum, bókhaldssvik o.s.frv. Sú reynsla sem af þessu hefur fengist nýst til þess að betrubæta upprunalega stofnstærðarmatsnetið.

Vinnslugeta tölva hefur veruleg áhrif á hvað hægt er að þjálfar stór gervitauganet, en á 12 árum hefur vinnsluhraði áttfaldast í venjulegum tölum og minniskostnaður minnkað gríðarlega. Það er því hægt að þjálfar mun flóknari og stærri net núna en þá. Fjöldi rannsókna á gervitauganetum hefur einnig margfaldast. Gott dæmi um það er gríðarlegt magn nýrra vísindarita um efnid sem verður gefið út í tengslum við ráðstefnu IJCNN 2007 en ég var kjörinn rýnir fyrir hönd INNS á þeirri ráð-

stefnu.

Líklega hefur á þessum tíma einnig orðið töluverð þróun á stofnstærðarútreikningum og þekkingu okkar á umhverfi þorsksins. Ég held því að hægt sé að gera töluvert betur í þessari aðferðafræði nú en fyrir 12 árum.

Ég hef nokkrum sinnum leitað til Hafró um samstarf um áframhaldandi rannsókn á nýtingu þessarar tækni, en hana má hugsanlega nota einnig til þess að byggja hermi þar sem hægt er að breyta umhverfispáttum og spá fyrir um áhrifin á stofninn en til þessa hefur ekki verið áhugi fyrir því.

Höfundur er ráðgjafi.

SIMPLY CLEVER



Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMÍÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

AF NETINU

Er löglegt eða ólöglegt að stunda vændi á Íslandi?

Eftir að hafa heyrt fréttir af tilraunum fréttamanna til að afhjúpa vændiskonur spyr maður sig hvort þeir gangi út frá því að vændi sé ólöglegt þrátt fyrir nýlegar breytingar á lögum þess efnis að ekki sé lengur ólöglegt að stunda vændi á Íslandi. Fylgjast þessir fréttamenn ekki með lagabreytingum og lagasetningum? Mér finnst það fremur lággúrlegt að vera að elta ólar við konur sem leiðst hafa út í vændi sem væru þær glæpakvendi. Þessir fréttahaukar fela sig síðan á bak við þá skýringu að þeir séu að finna út á hvernig vegum þær eru. Finnst þeim líklegt að þessi aðför að konunum veiti þeim þær upplýsingar? Það eina sem þeir áorka með þessari aðför er að niðurlægja konurnar og skapa þeim erfiðleika í umhverfinu s.s. að láta henda þeim út af hótélum. Á meðan ganga þær um sem kaupa þessa þjónustu sem jú varðar við lög.

Kolbrún Baldursdóttir
<http://blogg.visir.is/kolbrunb/>

Vopnaleit á Keflavíkurflugvelli og sérþjónusta við þá sem borga mest

Ég verða að segja að ég er undrandi á því að stjórn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sé leyft að komast upp með það að Ícelandair geti keypt forgang fyrir SagaClass og vildarfarþega sína. Og skýringar starfsmanna eins og í Kastljósi eru til skammar. Honum fannst þetta allt í lagi af því að flugstöðin bæri ekki kostnað af þessu. Þetta eru sömu rök og spítalar gætu notað til að þeir sem væru sérstaklega styrktir til þess gætu keypt sér aðgang að kerfinu framhjá biðlistum. Þetta er með öllu ólíðandi og stjórnina á að kalla inn á teppi ráðherra og lesa yfir þeim og hætta þessu strax. Það er ekki hægt að benda á önnur lönd þessu til framdráttar. Því t.d. í USA er það vítað að í gangi er sér kerfi á flestum sviðum fyrir þá sem geta borgað.

Magnús Helgi Björgvinsson
<http://maggib.blog.is/>

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið



Skoda Octavia

Skoda Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

Skoda Octavia með 1,9 lítra TDI® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN



Úr Skjötborði Nóatúns

LAMBAINNRALÆRI
SPJÓT MIÐJARÐARHAFS

598 kr. stk.

pú sparar 100 kr. stk.



Úr Skjötborði Nóatúns

LAMBAFILLET
COUNTRY STYLE

2.698 kr. kg

23% afsláttur



Úr Fiskborði Nóatúns

LAXASTEIK M/HVÍTLAUK

998 kr. kg

Nóatún mælir með!



Úr Skjötborði Nóatúns

LAMBA RIB EYE
VILLIKRYDDAÐ

2.398 kr. kg

25% afsláttur



NÓATÚNS PURRKRYDDUÐ
LAMBASTEIK

1.148 kr. kg

pú sparar 350 kr. kg



GAMBA RÆKJUR
2 TEGUNDIR

259 kr. pk.

Nóatún mælir með!

Freyju smádraumur og rískubbar með í ferðina!



SMÁDRAUMUR OG RÍSKUBBAR

399 kr. pk.

Toppur 1,5 ltr. 4 tegundir!



TOPPUR 1,5 LTR
4 TEGUNDIR

99 kr. stk.

Líf hrískökur líka með súkkulaði!



Sýrður njómi 5 tegundir!



10% afsláttur

NÓATÚN

Bestir í kjöti

Tilboð á lambalæri!

**Tilbúið
Nóatúns
grillmeðlæti!**

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Pú sparar

500
kr. kg

LAMBALÆRI
KRYDDAÐ

998 kr. kg.

Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!

MÓA KJÚKLINGA-
BRINGUR

1.698 kr. kg

33%
afsláttur

SS LAMBAPRIME
M/KRYDDSMJÖRI

1.999 kr. kg

22%
afsláttur

UNGNAUTA
OSSO BUCCO

698 kr. kg

Pú sparar

240 kr. kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns

**Baguette
snittubrauð!**

20%
afsláttur

**Ferskir og ljúffengir ávextir á
grænmetistorginu!**

5 á dag

...í allt
sumar!

Verði ykkur að góðu!

Bíla- og mótórhjóladaðagar

Nú eru bíladagar hjá Shell.
20% afsláttur
af Clean Plus bílahreinsivörum

CLEAN PLUS
AUTOCARE PRO



20%
afsláttur

Shell
V-Power
5 kr. afsláttur pr. lítra.

Made to move



„Sextán
og þú skalt sjá
mig í bíó...“

-16, Grafík, Höf. Helgi Björnsson



Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?



Tónlist.is

MAÐUR VIKUNNAR

Jafnaðarmaður sem borðar ekki nammi

Rétt-sýni er


fyrsta orðið sem aðstandendur Ólafs Darra Andrasonar, yfirhagfræðings hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), dettur í hug þegar þeir eru beðnir um að lýsa honum. Hann er ekki efnishyggjumaður sem berst mikið á og er alveg sama þótt hann keyri um á einhverri bíldrúslu. „Ólafur er mikill jafnaðarmaður sem hugsar mikið um hag annarra en ekki bara um sínar einkaparfir. Í því einstaklingshyggjukapphlaupi sem er ríkjandi í samfélagi okkar þá er það sjaldgæft. Ég vildi óska að fleiri pólitíkusar hugsuðu eins og hann.“

Þetta helsta karakter-einkenni Ólafs kemur sér vel í starfi hans fyrir ASÍ því hann þykir góður að miðla málum og finna lausnir sem aðrir sjá ekki, auk þess sem hann þykir afar rólegur og yfirvegaður maður sem hækkar aldrei róminn. „Út af þessu halda menn að það sé hægt að sveigja hann út og suður en það áttar enginn sig á því að það er alltaf hann sem fær sínu framgengt.“ Þetta er annað einkenni á Ólafi sem margir í kringum hann benda á, því þó að allir segi að hann sé afar ljúfur maður þá „... stýrir hann málunum á mjög ósýnilegan hátt þannig að maður tekur eiginlega ekki eftir því“.

Bláðamaður greip í tómt þegar hann ætlaði að grafa upp vafasamar sögur úr fortíð Ólafs Darra því hann virðist ekki hafa tekið mörg hliðarspor í lífinu. „Hann er ekki enn búinn að taka út unglíngavandamálín; hlaupa af sér hornin. Sennilega er hann ekki með nein horn.“ Eitt misjafnt lúrir þó í barnæsku Ólafs: hann hrinti eldri bróður sínum Ívari niður stiga þegar þeir voru sex og sjö ára þannig að Ívar fótbrotnaði. Það mun þó hafa verið óviljandi og var hann afskaplega leiður yfir því. Hann þykir hafa verið skapbráðari sem barn en náði að temja skap sitt með árunum. Kannski er það út af því að hann var bráður sem barn sem Ólafur vill ekki láta kalla sig Ólaf Darra því þá finnst honum eins og „verð sé að skamma sig“. Ólafur hafði róttækar skoðanir til vinstri þegar hann var yngri en hefur linast í róttækninni eftir að hann komst til vits og ára. Haft var eftir honum að „... ungur kommúnisti væri maður með hreint hjarta en að miðaldra kommúnisti væri hálfviti“.

Skapfesta Ólafs gerir það að verkum að ein vinkona hans kallar hann prinsippmann. „Hann borðar til dæmis ekki nammi og finnst að fjölskylda

ÓLAFUR DARRI ANDRASON



ÆVIÁGRIP

Ólafur Darri Andrason fæddist í Vestmannaeyjum 1. desember 1963. Hann bjó þar þangað til 1973 þegar fjölskylda hans fluttist til Reykjavíkur. Ólafur Darri ólst upp í Breiðholti og gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð. Að því loknu fór hann í hagfræði í Háskóla Íslands.

Eftir að hafa lokið hagfræðináminu fór Ólafur Darri að vinna í menntamálaráðuneytinu og vann svo hjá Reykjavíkurborg. Árið 2000 til 2001 tók Ólafur Darri sér fri frá vinnu til að fara í meistaranám í hagfræði í Háskóla Íslands. Eftir að hafa lokið meistaranáminu vann hann aftur hjá Reykjavíkurborg í eitt ár áður en hann réð sig til ASÍ þar sem hann hefur starfað síðan árið 2002.

Ólafur Darri er giftur Kristjönu Bjarnadóttur líffræðingi og eiga þau tvö börn, Sindra og Rán.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Ólafur Darri man öll kosningaúrslit úr alþingiskosningum frá árinu 1930. Hægt er að fletta upp í honum hvað einhver stjórnmálaflokkur var með marga menn í tilteknu kjördæmi í alþingiskosningum mörg ár aftur í tímann. Hann er sagður vera eins og kosningahandbók, slíkt er minnið. Þrátt fyrir gott minni er Ólafur oft mjög utan við sig og hefur það stundum látið hann brjóta lög og reglur fyrir slysi. Þessi mikli reglu- og nákvæmnismaður keyrir stundum yfir á rauðu ljósi þegar hann er djúpt hugsí, en stoppar á grænu. Einu sinni veifaði hann líka bílskúrsdýraopnara þegar hann keyrði í gegnum Hvalfjarðargöngin í stað þess að sýna veglykil sem hann hélt að hann væri með í höndunum. Veglykillinn var hins vegar í hanskahólfinu og áttaði hann sig ekki á því hvað hann hafði gert fyrr en hann var kominn í námunda við Borgarnes.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Við erum að ýta undir ójöfnuð með markvissum aðgerðum frekar en að draga úr ójöfnuði með markvissum aðgerðum.“

Ólafur Darri Andrason tjáir sig um vaxandi ójöfnuð í íslensku samfélagi. Fréttablaðið 4. maí 2007.

unum í Karbahafinu með pabba sínum og hafa þeir feðgar séð margar slíkar myndir í gegnum tíðina.

Hann þykir hafa afar þægilega nærveru og er talinn vera lipur í mannlegum samskiptum og góður að hlusta á aðra. Þessi lipurleiki er annað einkenni sem aðstandendur hans nefna, og á það bæði við um hið andlega og líkamlega því Ólafur er afar grannur maður, sem kemur sér vel í hlaupunum. Ólafur hefur sagt að hann væri feitur ef hann væri 1,50 m á hæð.

Að sögn aðstandenda hans er Ólafur mikill fjölskyldumaður sem ver miklum tíma með eiginkonu sinni, Kristjönu Bjarnadóttur líffræðingi, og börnum þeirra tveimur, Sindra og Rán. „Hann er góður félagi barna sinna og hefur gaman af því að ræða við þau um sagnfræði og heimsmálín.“ Ólafur þykir fróður maður og einn viðmælandi sagði að sig sundlaði stundum yfir allri þeirri vitneskju sem hann byggði yfir. Hann þykir góður eiginmaður – fyrirmyndareiginmaður eins og einhver sagði – sem tekur jafnmikinn þátt í heimilisstórfunum og kona sín, þó að hún þyki vissulega mun betri kokkur en hann.

sín eigi ekki að gera það heldur.“ Helstu gallar Ólafs Darra – ef galla skyldi kalla – eru afleiðingar af því hversu mikill prinsipp- og nákvæmnismaður hann er. „Mér finnst hann stundum einum of smámunasamur og stífur, festir sig stundum of mikið í aukaafríði.“ Ólafur er kallaður „reglugerðarsnati“ af vinum sínum vegna þess hversu nákvæmur hann er; hann vill alltaf fylgja settum reglum í spilum og öðru slíku.

Ólafur treður prinsippum sínum þó ekki upp á aðra, og gerir jafnvel grín að þeim og sjálfum sér.

Hann stundar hlaup og útivist í frítíma sínum en hefur verið slæmur í bakinu upp á síðkastið og hefur því ekki getað stundað líkamsræktina af sama kappi og áður meðan hann hefur verið að jafna sig af meivöllum í „aumingjadelidinni“ eins og hann og hlaupavinir hans kalla þá sem ganga ekki heilir til skógar. „Ég á góða framtíð að baki.“ hefur Ólafur sagt um bakmeiðsli sín og hlaupaferilinn.

Á sama tíma og hann þykir fastur fyrir, eða nagli eins og einn segir, er Ólafur því líka léttur og ræðir um allt milli himins og jarðar við vini sína, ekki bara um „peningamál og ASÍ“ eins og einn segir. Ólafi finnst gott að slaka á yfir „heimskulegum ævintýramyndum“ eins og Sjóræningj-

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 8.758 +0,00%	Fjöldi viðskipta: 556 Velta: 10.730 milljónir
MESTA HÆKKUN	MESTA LÆKKUN
↑ TEYMI 2,33%	↓ ACTAVIS 0,92%
ATORKA 1,00%	STRAUMUR 0,66%
BAKKAVÖR 0,99%	ÖSSUR 0,47%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 86,20 -0,92% ... Atorka 9,09 +1,00% ... Bakkavör 71,50 +0,99% ... Eimskipafélagið 39,50 +0,51% ... Exista 39,50 +0,00% ... FL Group 29,80 +0,00% ... Glitnir 29,40 +0,00% ... Icelandair Group 31,05 +0,49% ... Kaupþing 1.235 -0,08% ... Landsbankinn 40,00 +0,50% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,60 -0,66% ... Teymi 5,72 +2,33 ... Össur 106,50 -0,47%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á vísir.is

Jarðboranir stofna Heklu Energy

Hekla Energy GmbH heitir nýtt dótturfyrirtæki Jarðborana hf. í Þýskalandi. Höfuðstöðvar þess verða í Celle í Neðra-Saxlandi, en verkefni fyrirtækisins verða borframkvæmdir í Þýskalandi.

Framkvæmdastjóri Heklu Energy verður Thor Növig en hann er sagður þrautreyndur í geiranum, stýrir nú næststærsta borfyrirtæki Þýskalands, ITAG Tiefbohr GmbH. Þar hefur hann verið í brúnni í 15 ár „og undir hans stjórn hefur fyrirtækið skipað sér í fremstu röð borverktaka í Evrópu,“ segir í tilkynningu Jarðborana.

Bent Einarsson, forstjóri Jarðborana, segir góðan markað fyrir nýja og endurnýjanlega orku í Þýskalandi þar sem aukning í orkunotkun sé ekki síst til komin vegna verkefna á því sviði. „En

hjá Jarðborunum er ánægjuefni að sú mikla þekking sem við höfum yfir langan tíma öðlast hér heima við krefjandi aðstæður skuli breytast í verðmæta útflutningsvöru,“ bætir hann við, en stofnun Heklu Energy er sögð liður í að framfylgja stóruáherslu Atorku og Jarðborana á útrás sérhæfðrar þekkingar á erlenda markaði.

„Nýlega var samið við þýska fyrirtækið Herrenknecht Vertical GmbH um kaup og kauprétt á nýrri gerð hátæknivæðra stórbora sem eru sérstaklega hannaðir til að afla jarðhita á miklu dýpi. Fyrsti borinn verður afhentur Heklu Energy nú í september og þegar uppsetningu, prófunum tækjabúnaðar og öðrum undirbúningi lýkur er fyrirhugað að fyrstu borframkvæmdir á vegum Heklu Energy hefj-



BENT EINARSSON Bent, sem er forstjóri Jarðborana, segir sóknarfæri í Þýskalandi fyrir Heklu Energy, nýtt dótturfyrirtæki Jarðborana.

ist í Suður-Þýskalandi,“ segir í tilkynningu Jarðborana.

Jarðboranir eru stærsta borfyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í jarðhita og er í eigu fjárfestingarfélagins Atorku Group. - ók

Besti banki Norðurlanda

Kaupþing banki hefur verið valinn besti bankinn á Norðurlöndum og einnig besti bankinn á Íslandi af alþjóðlega viðskiptatímaritinu Euromoney.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander, tók við verðlaunum Euromoney, fyrir hönd bankans, við hátíðlega athöfn í Lundúnum nú í vikulokun.

Í tilkynningu frá Euromoney segir að verðlaunin séu þau virtustu í alþjóðlega bankaheiminum. Í rökstuðningi fyrir valinu bendir tímaritið á mikinn vöxt Kaupþings í fyrra og nefnir glæsilega arðsemi eiginfjár. - ók



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON Straumur keypti helmingshlut í Wood and Company í júní síðastliðnum. Fyrirtækið þykir besta hlutabréfamiðlun í Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bestir í Tékklandi

Wood and Company, sem er að helmingshlut í eigu Straums-Burðarás fjárfestingarbanka, fékk í gær viðurkenningu sem besta hlutabréfamiðlunin í Tékklandi.

Viðskiptatímaritið Euromoney veitir verðlaunin. Er þetta í 9. skiptið sem Wood and Company hreppir hnosið.

Straumur keypti helmingshlut í Wood and Company í júní síðastliðnum og samdi jafnframt um kauprétt að eftirstandandi hlutum ekki síðar en fyrri hluta 2011. - jsk

FME fjallar um verðbréfalán

Lífeyrissjóðum er óheimil að stunda verðbréfalán samkvæmt nýbirtri túlkun Fjármálaeftirlitsins á 36. grein laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.



VEFUR FJÁRMÁLA-EFTIRLITSINS

„Túlkunin lýtur að heimildum lífeyrissjóða til að stunda verðbréfalán (securities lending) en í hugtakinu felst að verðbréf eru yfirfærð tímabundið frá eiganda verðbréfanna, lánveitanda, til lántaka gegn þóknun samkvæmt samningi þar um,“ segir Fjármálaeftirlitið og bendir á að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða séu skýrt afmarkaðar í lögum. „Þar er ekki að finna heimild til að stunda verðbréfalán,“ segir Fjármálaeftirlitið. - ók

Þú ferð ríkari héðan!

Engin býður meiri gæði á lægra verði – kynntu þér málið.



SUMAROPNUN: Virka daga frá kl. 11-19, fimmtudaga frá kl. 11-21, laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afbörgun í 48 mánuði · Kr. 5.858,-

NYTT 2007

GLÆSILEGAR INNRETTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk og þú hannar þitt draumeldhúsið auðveldlega.

SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLYTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video

Samsung LE26S86BDX
26" LCD sjónvarpstæki
Verð: **99.900,-**

Samsung LE32S86BDX
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: **119.900,-**

Samsung LE37S86BDX
37" LCD sjónvarpstæki
Verð: **179.900,-**

Samsung LE40S86BDX
40" LCD sjónvarpstæki
Verð: **199.900,-**



LCD

PLASMA

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2, PC (D-sub) og S-video
Samsung PS42Q96BDX
42" Plasma sjónvarpstæki
Verð: **239.900,-**

Samsung PS50Q96BDX
50" Plasma sjónvarpstæki
Verð: **319.900,-**



ORMSSON

Lokað á laugardögum

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON

Lokað á laugardögum

AKUREYRI · Sími 461 5003



HTH gæðin kosta minna ef þú setur það saman ...

Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línúna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykullinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

Lítu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.



AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence Ofn og helluborð B-4101-4-M (ofn) 6000K-MN (helluborð)

EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.



AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG uppþvottavél 50862U-W hvít Íslenskt stjórnborð 5 kerfi · Mjög hljóðlát

EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.



AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG þvottavél LAVAMAT 64810 Íslenskt stjórnborð 6 kg · 1400 sn/mín

EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.

Nú er rétti tíminn fyrir þig að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum. Griptu tækifærið!

Velkomin í óvenjulega verslun!

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900

www.ormsson.is

Á valdi Marsbúa?

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá handtöku fyrir vopnaburð á flugvelli, kossafleinsi við tyrkneska þjóna, íslenskri hermi-kráku, blóðþyrstum ketti, afskornum þumalfingri og félagsfælnum bókaútgefanda. Einnig er spurt hvort Íslendingar séu á valdi Marsbúa.



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 6. JÚLÍ.

Handtekinn af tyrkneskri lögreglu

Morgunninn fór í að pakka niður. Eins og fyrri daginn lenti það að mestu leyti á frú Sólveigu. Verkskiptingin er í grófum dráttum þessi: Hún setur niður í töskur. Ég sé um að draga þær milli

lengri tíma en innritun í Keflavík. Það fór þó á annan veg.

Næst hlakkaði í mér yfir því að vopnleitarmenn væru hálf-sofandi við störf sín því að lítersflaska af vatni rann athugasemdalaust gegnum skoðun.

Við brottfararhlíðið beið okkar önnur vopnleit. Litla Sól, Andri og frú Sólveig fóru í gegn athugasemdalaust en ég var umsvifa-laust leiddur á afvikinn stað af mjög alvörugefnum lögregluþjóni. Ástæðan kom í ljós augnabliki síðar. Í svörtum bakpoka sem lögreglumennirnir töldu að væri á mínum vegum höfðu fundist tvö skotvopn.

Annað þeirra var vatnsbyssu, gul og rauð að lit. Hitt vopnið var loftbyssu sem skýtur plastkúlum allt að tíu metra undan vindi. Andri minn sem er bara nýu ára hefur greinilega ekki ennþá öðlast fullan skilning á því að full-orðið fólk notar byssur til annars en að leika sér að þeim. Ég get ekki sagt að ég sé hrifinn af því að börn leiki sér með byssur en

Svo réttu þeir mér vegabréfið, klöppuðu mér á bakið og óskuðu mér góðrar ferðar.

LAUGARDAGUR, 7. JÚLÍ.

Heimkoma

Hafandi gert ráð fyrir að eyða nóttinni í tyrknesku fangelsi fannst mér allt að því notalegt að hreiðra um mig í þrengslunum í flugvélinni.

Litla Sól valt út af steinsofandi rétt fyrir flugtak en byssu- maðurinn ungi hélt sér vakandi ofurlítið lengur. Lagt var af stað skömmu eftir miðnætti, nokkurn veginn á áætluðum tíma.

Í ódagotinu við að tína réttar ferðatöskur af færibandinu rétt náðum við að kveðja okkar indælu ferðafélaga, frænkurnar Ingu og Birtu og doktorana Árnýju og Össur. Félagsskapurinn við þau var að minnsta kosti hálf ánægjan í ferðalaginu.

Það var gott að koma heim. Krakkarnir voru glaðir að sjá foreldra sína og báru ömmu og afa merkilega vel söguna.

SUNNUDAGUR, 8. JÚLÍ.

Hermikráka

Lífið er aftur að falla í sinn gamla farveg. Andri fór í sund í dag og hitti þar frænkur sínar frá Tyrklandi, Birtu og Ingu. Össur var ekki með þeim. Hann er vafalaust aftur tekinn til við að stjórna landinu. Í Tyrklandi gerði hann stormandi lukku fyrir hermigáfu sína.

Einn aðgangsharður sölumaður var staðráðinn í að neyða inn á hann einhverjum teppisbleðli sem Össur sýndi lítinn áhuga. Þegar sölumaðurinn gerði hlé á máli sínu til að kasta mæðinni byrjaði Össur góðlátlega að herma eftir sölutalini: „I swear to God that this is the best price. Ég sver til Guðs að þetta er gjafverð.“ Þetta vakti mikla kátínu meðal kaupahéðna og ekki síst var sölumaðurinn stoltur af því hversu Össuri tókst vel að til-einka sér tjáningarmáta hans.

Þetta var góð ferð. Tyrkland, sem áður var aðeins nafn á landakorti, er nú orðið að lifandi minningu um fólk sem þrátt fyrir aðrar aðstæður og aðra síði sýndi okkur gestrisni og vin-



semd á borð við það besta sem þekktist í íslenskum sveitum. Og sumt af þessu fólki mun aldrei líða mér úr minni, eins og dugn- aðarforkarnir Fidan-bræður sem ég hlakka til að hitta aftur við fyrsta tækifæri. Tesshekkur ederim.

ÞRIÐJUDAGUR, 10. JÚLÍ.

Afskorinn þumalfingur

Í dag hitti ég útgefandann minn, Jóhann Pál.

Í heiðursskyni við Jóhann Pál er ég með bókaútgefanda í bókinni minni. Sá heitir Hverar og á að sjálfsögðu ekkert skylt við minn forleggjara. Hverar þessi heldur sig mest í sumarbústað sínum úti í sveit og tekur köttinn sinn með sér og forðast eftir bestu getu að eiga samskipti við taugabílaða og metnaðarsjúka rithöfunda. Sú vera sem Hverar elskar mest í lífinu er kötturinn hans sem heitir Glámur og er vanur að færa húsmóður sinni einhvernum smælingja í morgungjöf sem hann hefur verið að kvelja og murka úr lífið.

Að þessu sinni er morgungjöfin frá kettinum Glámi í sumar- bústaðnum óvenjuleg því að hann kemur inn með afskorinn þumalfingur af manni.

Hvort sem það er nú þessum kafla að þakka eða ekki er Jóhann Pál ákveðinn í að gefa „Engil dauðans“ út í haust. Fyrstu drög að kápunni eru tilbúin. Nú stendur það bara upp á mig að nýta tímann. Það er því fyrirsjáanlegt að þetta verður mesta blíðviðrissumar í manna minnum úr því að ég neyðist til að sitja innanhúss við skriftrif.

MIDVIKUDAGUR, 11. JÚLÍ.

Meiri frí!

Það er fátt í fréttum sem glepur mann frá vinnu.

Mikið óskaplega er friðsælt í veröldinni meðan öll mikilmenni heimsins eru í sumarfrí. Enda tel ég sem sannur stjórnsleisngi það mikilvægt hagsmunamál fyrir alla heimsbyggðina að stjórnmalamenn bæði nær og fjær fái sem allralengst sumarfrí, jólafrí, vetrarfrí, páskafrí og helst haustfrí líka.

FIMMTUDAGUR, 12. JÚLÍ.

Marsbúar og stjarnfræðileg verðlagning

Neytendasamtökin eru að spyrja stjórnvöld þeirrar spurningar sem öll þjóðin er að velta fyrir sér: Hvað í dauðanum hafi orðið um þá kjarabót sem lækku virðisaukaskatts á matvörur átti að hafa í för með sér?

Það væri gott ef nýir ráðherrar legðu frá sér sólaróluna um stundarsakir og reyndu að vinna fyrir kaupinu sínu.

Sennilega á þetta sér yfirnáttúrulegar skýringar því að jarðnesk skynsemi dugir ekki til að útskýra af hverju varningur hækkar þegar skattalagning á

hann er lækkuð. Enda hefur mig lengi grunað að við hérna á skerinu séum í ánað hjá miskunnarlausum Marsbúum sem hafi séð sér leik á borði og tekið sér hér bólfestu árið sem skrattinn hirti síðasta danska einokunarkaupmanninn.

Ástæðan fyrir þessum grunsemdum mínum er sú að verðlag á matvöru hér á landi er stjarnfræðilegt.

Að lokum langar mig að senda íslenska læknum Aðalsteini Arnarsyni baráttukveðjur sem rekur netsíðuna minlyf.net og býðst til að kaupa lyf fyrir Íslendinga á normal lyfjaverði í Svíþjóð. Ef þetta framtak Aðalsteins dugir til að koma höggi á þá glæpsamlegu verðlagningu á lyfjum sem hér viðgengst í skjóli einokunar eða fákeppni á tvímælalaust að reisa stytta af honum við hliðina á Skúla fógeta.

Svona menn eiga yfirvöld að styðja og reyna að læra af þeim – í stað þess að siga á þá kerfisfólki og láta hanka þá á einhverjum lagakrókum.

Kjarni málsins er sá að flest okkar sem búum á þessu landi erum orðin hundleið á að láta okra á okkur.



staða. Vit og strit í góðri samvinnu.

Það er skemmst frá því að segja að starfsliðið á Forum kvaddi okkur eins og aldavini og ættingja með kossu og faðmlögum. Það þótti mér skemmtileg reynsla. Aldrei áður hefur þjónn kvatt mig með kossi og þakkað mér fyrir þá ánægju að fá að stjarna við mig.

Af norrænum hroka hafði ég spáð því að tyrknesk innritun í flug gæti tekið jafnvel ennþá

það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Sem þýðir að það stendur upp á fulloröna fólkið að afvopnað á undan börnunum.

Meðan ég rifjaði í huganum upp atriði um meðhöndlun fanga í Tyrklandi úr myndinni Midnight Express handléku lögreglumennirnir vopnin fyrir framan mig og sneru þeim á ýmsa vegu. Síðan stungu þeir byssunum ofan í umslag og skrifuðu nafnið mitt utaná og höfðu vegabréfið mitt til hliðsjónar.



5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið



SPORTBÚÐIN



VEIDIHORNID

Þrjár sérværslanir - ein netverslun

Alltaf meira úrval - Alltaf betra verð



Simms Freestone öndunurvöðlur og Simms Freestone skór.
Einhverjar mest keyptu öndunurvöðlurnar á markaðnum.
Fullt verð 32.800. Pakkatilboð aðeins 27.880.



Simms L2 öndunurvöðlur og Simms L2 skór.
Þú færð ekki Gore-tex vöðlur á betra verði. Vöðlur með styrkingu á álagsstöðum. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 44.800. Pakkatilboð aðeins 37.990.



Ron Thompson Aquasafe öndunurvöðlur og skór. Sterkar og góðar öndunurvöðlur. Lausar sandhlífar. Góðir vasar. Belti fylgir. Léttir og sterkir skór með filtsóla.
Fullt verð 28.990. Tilboð aðeins 19.990.



Ron Thompson neoprenvöðlur. 4mm þykk efni. Styrkingar á hnjám. Góður brjóstvasi. Fóðruð stígvél með filtsóla.
Fullt verð 12.995. Nú á tilboði aðeins 8.995



Sierra Canyon veisijakki. Vandaður, vatnsheldur jakki með góðri útöndun. **Fullt verð 17.995. Nú á tilboði aðeins 14.495**



Ron Thompson vöðlutöskur. Nauðsynleg taska fyrir alla þá sem eiga vöðlur. Vatnsheldur botn, lok með loftun. Motta til að standa á.
Verð aðeins 3.995.



Okuma SLV fluguhjól. Létt "large arbour" hjól með góðri bremsu. Margar stærðir. Frábært verð.
Aðeins 8.995



Spinnhjól í ótrúlegu úrvali. Öll bestu hjólin á markaðnum frá DAM og Okuma.
Verð aðeins frá 1.995 með girni



Sierra fluguveiðipakki. Sierra Avalanche einhenda ásamt Sierra fluguhjóli með goori bremsu. Vönduð flotlína, undirlína, taumatengi og taumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 25.900. Pakkatilboð aðeins 19.900



Sierra tvíhendupakki. Sierra Avalanche tvíhenda í 4 hlutum. 12,6 eða 14 fet. Vandað Sierra fluguhjól úr áli. Sierra skotlína, undirlína og sökktaumur. Gjöful veiðihúfa og kastkennsla á DVD fylgir.
Fullt verð 44.900. Pakkatilboð aðeins 37.800.

Sage fluguveiðiset.

Sage Fli einhenda ásamt Sage hjóli og RIO flugulínu. Lífstíðarábyrgð frá Sage. Hólkur fylgir. Sage – tvímælalaust toppurinn í flugustöngum.
Verð aðeins 39.900 fyrir allt þetta



Sierra hjólatöskur – Góðar hjólatöskur í 3 stærðum. Fara vel með öll hjólin þín. Einnig pláss fyrir sökkenda, tauma og fleira smálegt.
Verð aðeins frá 2.995



HMT skotlínurnar frá Sierra fyrir þá sem vilja ná lengra. Að margra mati besta flugulínan á markaðnum í dag.
Verð aðeins 5.995.-

Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



Krókháls 5 - Sími 517 8050



Síðumúli 8 - Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

INGMAR BERGMAN
KVÍKMYNDALEIKSTJÓRI
ER 89 ÁRA Í DAG

„Ég vona ég verði aldrei það gamall að ég gerist trúður.“

Ingmar Bergman er sænsk-ur kvíkmyndaleikstjóri helst er þekktur fyrir kvíkmynd sína um Sjöunda innsiglið. Þar er frægt atriði þar sem aðalleikarinn Max von Sydow teflir við dauðann.



tímamót

tímatot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 14. JÚLÍ 1989

Sextánda James Bond-myndin, Licence to Kill, var frumsýnd

Timothy Dalton vakti aldrei mikla lukku í hlutverki breska spæjarans James Bond. Hann fékk aðeins tvö tækifæri til að sanna færni sína með martíní-blöndur, skotvopn og fagrar konur.

Til sölu 10 ft. Fleetwood Cheyenne árg. 06. Fort., sólarsetla, 2 gask., upph., grjótr., svefnt., ísskápur, heit og kalt vatn. kostar nýr án áukah. 1595 þ. v. 1470 þ. s. 896 6287 Halldór.

Til sölu Coleman Cheyenne '01 Geymslukasski, fort., heit og kalt vatn, grjótr., upphækkað með alvöru fjöðrum og depmrum. Uppl. í s. 892 3394. Verð 980 þ.

Tjaldvagnar



Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmismiði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522. www.ke.is



Montana '04 m/fortjaldi, geymslukassa, yfirbr., helluborði, hitara ofl. S. 898 8078

Tjaldvagnaleiga Sunnevu auglýsir

Höfum húsbíll, jeppa og fl., til leigu. Hafði endilega samb. í s. 892 1149 both@islandia.is

Til sölu Ægirsvagn '05, vel með farinn, með fortj. og ýmsum aukab. S. 843 3504.

Til sölu Camplet Concorde '05 með aukahlutum. Tjaldað 4 sinnum. Verð 520 þús. Uppl. í s. 861 1508

Comanche '01 tjaldvagn, 2ja herb., stórt fortjald. Sjálfst. eldhús, lítið notaður og vel með farinn. Verðhugm. 450 þ. S. 893 2417.

Til sölu Montana tjaldvagn árg. '92. Mjög vel með farinn, fortjald með dúkk og eldhúseiningu. Uppl. í s. 697 5914 & 897 4542.

Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Steinbock pallettutjakkur 1200 kg. Parnast lagfæringar. Selst ódyrt. S. 898 3206.

Bátar



Til sölu Arvor 215 ársgamall keyrður tæplega 200 tíma. 6 cyl. diesel vél gengur um 20 mílur. Verð 3.800.000. Uppl. í síma 86 00761.



Til sölu glæsilegasti skemmtibátur landsins Galeon 390. Til sýnis í Snarararhöfn um helgina. S. 864 7684 www.galeon.pl



Til sölu tveir jet-bátar!
Yamaha 1800 XR limited árg. 2000, 310 HP, 5 manna, siglir 70 mílur. Seadoo challenger 1800 árg. '99, 240 HP, 7 manna, siglir 55 mílur. Vagnar fylgja báðum bátum. Uppl. í s. 896 4266 & 896 1766.

Flug



fly.is
Hringdu núna!
Sími 562 1010

Hjólbarðar



Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk
Heilsársdekk
Verðdæmi:
31" kr. 12.900 (31x10-50R15)
33" kr. 15.900 (33x12-50R15)
Nánar á jeppadekk.is

Úrval annarra stærða upp í 38". Felgustærð 15", 16" 17" og 18".



JEPPADEKK.is
Aloka • Vagnhöfða 6
Sími 577 3080



Álfelgur og Dekk er sem nýtt, stærð 215/45/R17. Passar undir franska bíla. v.120 þ. Einnig 255/65/R18 Jeppadekk á 40þ. S. 616 9257.

Til sölu dekk og felgur undan Hummer, 315-70-17 BF goodrice. Verð 60 þ. einnig til sölu 14" sumardekk á felgum undan Toyota, 175-65-14. Verð 25 þ. Uppl. í s. 897 6169.

31" dekk á 6gata álfelgum. Pallhús (skel) af F-250. Uppl. í síma 895 3706 & 438 6821.

Varahlutir



Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Startarar. Alternatorar. Nýir hlutir, skipti hlutir, viðgerðir áratuga reynsla. Hröð þjónusta, mikið úrval.
Sími 581 4991, GSM 663 4942.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Óska eftir vél í Dodge Intrepid árg. '99 2,7 vél, 200 hestöfl. Uppl. í s. 893 3300.



Alternatorar & Startarar
í Fólksbíla, Vörub. Vinnuv. Bátav. á lager og hraðsendingar. 40 ára reynsla.
Bílaraf. Auðbrekku 20. S. 564 0400.



KEYPT & SELT

Til sölu



EG Tónar
Úrval af harmonikum í ýmsum stærðum og gerðum, auk fylgi-hluta, ólar, pokar, harmonikunótur, harmoniku og geisladiskar. Mjög hagstæð verð!
Sími Akureyri 462 7374 & 660 1648. Sími Reykjavík 568 3670 & 824 7610.



Alls konar aukahlutir í útileguna

Útilegu meðurinn

Mótorhjólafólk TILBOÐ



Goretex jakki og buxur
kr.45.000.þús



Leðurjakkar og buxur
Kr.45.000.þús



Caberg hjálmur
kr 39.900.þús



Kosleather
Laugaveg 39
Reykjavík
S. 5519044
& 8989944



**Garðhúsgögn!
Rýmingarútsala!**

Landsins mesta úrval af garðhúsgögn-um. Sterkleg og þungbyggð. Henta vel fyrir íslenskt veðurfar, til að standa úti allt árið. Viðarkó, Dalveg 24, 201 Kópavogi, www.vidarko.is Sími 517 8509.

Píanó til sölu. Teg. Brodr. Jorgensen. Vel með farið. S. 557 4052.

Til sölu 2 stk. UL-12 Peavey 12" toppar. 2. stk. UL-118 Peavey 18" botnar, 500 W hvert box. 2 EP-2500 Behringer kraftmagnarar 2x1200v. 1 CX-2310 Behringer Crossover, eru í rack. S. 471 2819 & 892 4470 Eypör.

Vélar og verkfæri



Handfræsarar og fræsitenur Ásborg - Smiðjuvegi 11 Sími 564 1212.

Verslun

**ÚTSALA
ÚTSALA
30 - 80 afsl.**



Karótt - málalí
Láser
Toppur - ströng-
línuband-
sokkar.
St. S-M-L-XL

Ár 14.995,-
Nú aðeins
4.995,-



Karótt - málalí
Toppur - ströng-
línuband-
sokkar.
Stærðir:
Smali-
mál-
línuband-
sokk og stl.

Ár 12.995,-
Nú aðeins
3.995,-



Fag
dittaga.
Mál
Göngu
brúfælli.

Ár 3.995,-
Nú aðeins
495,-



Förök
Mál
Göngu
brúfælli.

Ár 3.995,-
Nú aðeins
1.995,-



Cybernet
Fullkoma
stl. 3-12
Ár 14.995,-
Nú aðeins
4.995,-

Rómantik.is
Hverfisgötu 62 Rvk. S: 596-8500
(Horninu á Frakkastíg)
Opíð virka daga 12-20
Laugardaga 12-17

**XXX
DVD**

Besta verðið!!
NÝJAR MYNDIR
FRÁ USA Á ADEINS
2.950.-
DVD
FRÁ 1990.- KR
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opíð frá kl. 15-23.30

Amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af
nýjum titlum.
**Full búð af
nýjum vörum**
• **INTIMO** •
Órugglega besta rakgelið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Sjónvarp
Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/
örýrkja. Sækjum. Lítsýn, Síðumúli 35.
S. 552 7095.

Til bygginga
Pallaefni
Til sölu Brasilískur pallaharð-
viður (massarnduba) 25x145mm
lengdir af 490cm. Finriflaður
eða heflaður, hagstætt verð
Innvíðir-Valdberg ehf.
Smiðjuvegi 36, rauð gata S.
564 3636

Krossviður til sölu
Úrvals vatnslímur krossviður, 6,5 mm,
9 mm og 12 mm. Takmarkað magn.
Besta verðið... Uppl. í s. 895 6594
Óska eftir notuðum Dokum 0,5m x 3 m
til uppstáttar. Uppl. í s. 861 0566.

ÞJÓNUSTA
Hreingerningar
Tek að mér heimilisþrif er heiðaleg og
hef reynslu. Fljótvirki og vandvirki
heitið. Uppl. Unnur í s. 692 0821.

TIL SÖLU

**Frábærir barnaskór
fyrir sumarið**
Einnig til gull- og sillurstrigaskór

Lelli Kelly
Hnokkar og Hmátur
Skólaröðustig 20 • Sími: 561 5910
Stúlur og stelpur
Glasvegur • Sími: 533 3533

Hreingerningar ehf.
• Ræstingar • Gluggavöxtur
• Hreingerningar • Teppahreinsun
• Flutningsþrif • Gólfbónun
Sími: 868 5599
www.hreingerningar.is

Garðyrkja
**Smágröfuleiga
Drenlagnir
Hellulagnir**

Tökum að
okkur ahlíða
lökkavinnu.
Upplýsingar í síma
824 7565 Boggi
696 6676 Bjóssl.

Umhverfisprýði ehf
Þitt umhverfi - Þín prýði

25 ára reynsla
• Hellulagnir
• Vegghleðslur
• Sólþallar
• Túnþökulagnir
• Jarðvegsvinna
520 1220
prydi@umhverfisprydi.is
www.umhverfisprydi.is

Sælugarðar ehf.
- sál fyrir garðinn
• Garðsláttur
• Beðahreinsun
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Þökulagnir
• Hellulagnir
• Sólþallar
Mætum og gerum tilboð
þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

**Túnþökusala
Oddsteins**
Túnþökur og
túnþökurállur
til sölu í garðinn eða
sumarbústaðinn!
Steini, s:663 6666

Garðþjónusta
• Garðsláttur
• Trjáklippingar
• Trjáfellingar
• Garðúðun
• og almenn garðvinna
Mætum og gerum tilboð
að kostnaðarlausu.
Ódýr og góð þjónusta
Garðþjónusta Arnþórs
S:698-3004

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig
og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara
og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416,
Eiríkur.

Tökum að okkur garðslátt og garðvinnu.
Fáðu tilboð í síma 821 6129.

Tökum að okkur hellulagnir, skjót og
góð þjónusta. SS hellulagnir. S. 691
8907.

Málarar
Pakmálun!!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi
á þakinu?
Við sérhæfum okkur í þakviðgerðum
og þakmálun og höfum
mikla reynslu og þekkingu á því sviði.
Höfum einnig löggildan
málarameistarar í okkar röðum.
Gerum tilboð ykkur að
kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF.
Upplýsingar í síma:
899 2008, Gréitar og 891 6999 Einar.

Búslóðaflutningar
Ertu að flytja austur á
land?
Við flytjum búslóðina fyrir þig.
Sendiþjónusta Austurlands sími 899
0959 daguri@simnet.is
Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafn.,
píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
Búslóða flutn., píanó flutn. og allir
almennir flutn. Aukamaður ef óskað er.
MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

Húsaveiðhald
Húsaveiðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt
húsaveiðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf.
S. 892 8647.
Glerjun/gluggavíðgerðir!
Móðuhreinsun glerja
Sjám um öll glerskipti, víðgerðir og
breytingar utanhúss sem innan. Fyrir
húseigendur og húsfélög. Tilboð þér
að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf.,
s. 860 1180.

TIL SÖLU

EUROCONFORTO
Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi
**SMELLPASSA
Í SUMARFRÍÐ!**
12 fallegir litir
Stærðir 35-43
Verð **4.400**
Útsöluastaðir:
Valmiki Kringslunni, Euroskór
Firðinum, B-Young Bankastræti,
Nina Akranesi, Heimahornið
Stykkishólmi, Mössubúð Akureyrn,
Tóff fot Húsavík, Kóða Keflavík.

Íslenskir verktakar ehf.
**Byggjum,
Breytum &
Bætum**
**698 6491
898 0280**

HÚSAVIÐHALD
Getum bætt við
okkur verkefnum
í málningarvinnu,
flísalögnum og fl.
Vönduð vinna.
HG viðhaldsþjónusta
Nánari upplýsingar
í síma 695 4661
& 892 2752.

Nudd
Massage. Tel. 862 0283.

Spádómar
www.ortagalinn.is
**Örtaga
línán**
Miðlar, spámiðlar,
draumráðningar.
Opíð öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilli-
flauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða
27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is -
gitarinn@gitarinn.is



Til sölu 2 antik saxafónar og klarenett,
verð 45 þús. Uppl. í s. 821 2112.

Mikið úrval af nýjum og notuðum harm-
onikkum á frábæru verði! www.4you.is
Kársnessbraut 114.

Til sölu stofuorgel. Verð samkomulag.
Uppl. í s. 661 1423.

Belman Piano, sem nýtt til sölu verðmat
200 þús. Uppl. í s. 861 8331.

Bilamarkaðurinn
www.bilamarkadurinn.is
Smíðjuvegur 46-e
s: 567-1800 **GUL GATA**



BMW 3 320i '97 ek.152.þ
5.gíra. V.890,- FLOTTUR.



CAMPER SHADOW CRUISER 8,6
FET'05 V.1,690,- EIGUM NOKKRA
CAMPERA Á STAÐNUM.



CHEVROLET LACETTI 1,8 04/06
Ek.8.þ.km. 5.Gíra. V.1,690,-
Lán.1,320,- Afb.26.þ.per.mán.



DODGE DURANGO SLT+ 4,7 01/03
Ek.59.þkm. Sjálfsk. V.2,490,-
Lán.1,730,- Afb. 40,-per.mán.



HÚSBÍLL M.BENZ 207D '83
Ek.285.þ 9.MANNA. V.690,-
MJÖG FÍN OG VEL BÚINN.



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX
04/02 EK.109.Þ.KM. SJÁLFSK.
V.4,400,- FLOTTUR DÍSEL JEPPI.



SKODA OCTAVIA AMBIENTE 1,6
03/05 EK.47.Þ.KM 5.Gíra V.1,460,-
Lán.1,360,- Afb.20,- per.mán.



FORD TRANSIT 100 T300 2,0 DIE-
SEL 06/06 ek.60.þkm. 9.MANNA.
5.GÍRA V.3,250,- Lán.1,650,-
afb.44,-



MINI ONE R50 05/05
Ek.59.þkm. V.2,650,-
Lán.2,400,- afb.45,-

**Erum með fjölda bifreiða
á staðnum á góðu
tilboðsverði!**

Opnunartími:
Mánud.-Föstud. 10:00 - 19:00
Laugard. 10:00 - 17:00
Sunnud. 13:00 - 17:00

**Skoðið myndirnar á
www.bilamarkadurinn.is**



Stína Lóa Spámiðill

Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, ást og pening-
ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspækisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Allsspá 445 5000

Miðlun drauma, ráðgjöf, heilun, fyrir-
bætur NLP. S. spá, einkat. og m. Fl. Visa
Euro Masters

Rafvirkjun

Rafvirkir tekur að sér verkefni um helgar.
Davíð Róbertsson s. 691 6982.

Önnur þjónusta

Pípulagnir

Tek að mér viðhald á pípulögnum,
hreinlætistækjum, badherbergjum og ofnalögnum.
S. 663 2572.

Gröfþjónusta í Árnessýslu setjum niður
rotþræir heimaugar og mfl. Öflugur trjá-
kurlari til sölu. 8917355 8981505

HEILSA

Heilsuvörur

**Léttist um 15 kg á
aðeins 10 vikum.**
LR- HENNING - NYTT Í ÍSLANDI

Viltu léttast? Fá meiri orku?

**Stuðningur, einkaráðgjöf og
matarþrógramm sniðið að
þínu þörfum**
Uppl. Gefur Dóra í síma 869
2024

Eða lr-dora@internet.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu
árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s.
899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife
Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni.
Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúk-
unarfræðingur. www.halldorabjarna.is
S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu
frán þrúfupakka. Edda Borg S. 896-
4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það
með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S.
861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

Viltu nudd? Hafðu samband í síma
869 6914.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf
og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S.
893 1560 og 587 0102. Páll Andrésen.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Veisla - afmæli - árshátíð - brúðkaup
www.leiguhusgogn.is sími 898 7807.

Óska eftir að kaupa nokkur rúm, (mega
vera queen size eða stök 90 cm) einnig
nattborð, 6 kg. þvottavél og 6 kg. þurrk-
ara. Sími 866 1027.

Til sölu eldhúsborð 163X95 stækkan-
legt 50 cm og 6 stólar. Vel með farið. V.
10 þ. S. 862 2309

Fallegur amerískur 6 sæta svefnhorn-
sófi m/grænu áklæði til sölu. Verð 25
þús. Massíft borðstofuborð á 10 þ. S.
867 3194.

Ýmislegt



- Beachcomber -

**Kanadískir heitir pottar
Sumartilboð á heitum pottum.**
Eigum örfáa Beachcomber heita
potta á lager. Til afgreiðslu
strax. Mest einangruðu pottar
á markaðnum, lokað 24 tíma
hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára
ábyrgð. Frí heimsending hvert á
land sem er. Sendum bæklinga
samdægurs.

11 ára reynsla á Íslandi.
Opíð alla daga frá 9 til 21.00.
Allar nánari uppl. í s. 897 2902
eða mvehf@hive.is

Dýrahald



**Til sölu sex glæsilegir
labrador hvolpar. fjórar
tíkur og tveir rakkar.**
Foreldrar eru Black Jack
AusLühlsbusch og Skaftár Dögg.
Hvolparnir verða afhentir með
ættbók frá HRFÍ, örmerktir og
heilsufarskkoðaðir. Verða til
afhendingar fyrstu vikuna í
ágúst.
Uppl. í s. 845 3824 & 895 2318.



Veidi og fjölskylduhundar í sérflokk.
Ungverskar vizslur leita að heimili í júlí.
Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 844 0548 /
vizsla.blog.is



Til sölu 1 snögg Chihuahua tik, örmerkt
og bólusett. Tilbúnaur til afhendingar.
Verð 150 þús. Uppl. í s. 845 4096.



Dvergshnauzer hvolpar Svartir og sílf-
ur hvolpar til sölu undan yndisleg-
um heimilis hundum sem hafa fengið
framúrskarandi dóma á sýningum HRFÍ,
hvolparnir eru tilbúna til afhendingar
29.7. og afhendast með ættbók frá
HRFÍ, heilsufarsbók og trygging hjá VÍS,
Upplýsingar í síma 898 8621 & 865
2320.



Enskir cocker spaniel

Yndislegir enskir Cocker Spaniel hvolpar
til sölu. Bólusettir, örmerktir. m/ætt-
bók HRFÍ. Frábærir fjölskyldu hundar.
Afhendingartími 16. ágúst. Uppl. Írsi s.
663 5521.

Til sölu ónotað hundabúr fyrir stóra
hunda verð 15000. Upplýsingar í síma
695 8721.

Tekur gamli söðullinn þinn pláss í
grymslunni þinni ef svo er þá vantar
mig kvensóla. Uppl. í s. 899 4600.

Tveir 6 mánaða Basenji hvolpar til sölu.
Kynnið ykkur tegundina á dog.is Nánari
uppl. hjá Steinu í s. 863 7478.

Hver getur bjargað lífi er með 2. 12
vikna skosk íslenska hvolpa sem vantar
góðan eiganda. Þeir eru bráðfallegir
og góðir. Vinsamlega ef þú hefur gott
hjarta og nóg pláss hafðu samband í
síma 861 6821.

Til sölu hreinræktaðir Rottweiler hvolpar
með ættbók, tilbúna til afh. 25 júlí.
Sanngjart verð fyrir góð heimili. Uppl.
í s. 869 5792.

Hreinræktað íslensk hvolp

Íslenskur hvolpur (hundur) með ætt-
bók frá HRFÍ. Alstykingi hafa unnið
til verðlauna bæði innanlands og á
alþjóðlegum mótum. Verð 100 þús.
Uppl. í s. 482 1061 & 899 5436. Verðum
við símann um helgina. Myndir á www.
haveahorse.com

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

High Peak 5 manna tjald sem nýtt V:
20.000 (nýtt 50.000) Rautt Telpureiðhjól
24" 10.000, vel með farið (nýtt 26.000)
1 árs línuskaufar st.39 lítið notaðir,
5.000(nýir 16.000) upplýsingar í síma
6994455

Ferðapjónusta

Hring &/eða Hálendisferðir

Get tekið að mér ferðir í júlí og ágúst,
sem leiðsögum., ökul.m. eða bílstj.
Uppl. á betriferdir@yahoo.com.

Gisting

Orlofsíbúð á Akureyri
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300,
netfang leo79@internet.is Leó.

**Gistiheimili sólheimar 1.
601 Akureyri**
Gisting í lengri eða skemmri tíma. Uppl.
í s. 897 7613.

Vetrarvörur



Snowkite til sölu!

Frenzy 06 10m2 snowkite til sölu.
Lítið sem ekkert notaður. Fæst á sann-
gjörnu verði. Nánari upplýsingar í síma
8473856 eða honnun@bb.is

Fyrir veiðimenn

Maðkur

250 úrvals laxamaðkar til sölu ef mjög
hátt verð fæst. Tilboð í þá alla eða hluta
sendist FBL merkt „maðkur“

Ýmislegt

Gönguferðir í Skotlandi

Á laust í gönguferðir fyrir konur um
West Highland Way þann 27 júlí til 2
ágúst og 14-20 sept. Uppl. í s. 897 8841
Inga og www.skotganga.co.uk

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á
undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp
Leigulistans. Kiktu inn á www.leigu-
listinn.is eða hafðu samb. við okkur í
s. 511 1600.

Ný 4 herb. 128 fm íbúð til leigu í
Hafnarfirði. Þvottahús í íbúð. 6 fm
geymsla, lokað bílskýli. Íbúðin er ný og
á 6.hæð. Útsýni. Trygging og fyrirfram-
greiðsla samkomulag. Leigutími 1 ár í
einu. S. 896 4335

2ja-3ja herb. íbúð til leigu í 111, 75 fm.
Leiga 115 þús. á má. Innifalinn hiti og
hússjóður. Er laus. 2 mán. fyrirf. + tryg.
S. 617 6037.

Stórglæsileg 4 herb. íbúð á 2 hæðum
til leigu í Grafarholti. Verð 190 þús. per.
mán. + 570 bankaábyrgð. Fyrirsprungin
sendist á horðurj76@gmail.com

Falleg 93fm, 3ja herb. íbúð í 210 til
leigu á 150 þús. má. með stæði í
bílageymslu, hita og hússjóði. Stutt í
alla þjónustu og skóla. Bankaábyrgð
og meðmæli óskast. Laus strax. Uppl.
í s. 896 6260.

4ra herb. íbúð á frábærum stað í
Kópavogi til leigu í vetur m/ húsg. V.
130 þ. S. 892 8818.

Falleg íbúð til leigu í hlíðunum.
Nýstandsett og björt 3ja herb. 96 fm.
íbúð með sérinnangi leigist út til lang-
tímaleiga á 130.000 kr. Frá 5 águ. Hafðu
samband í síma 696 4609.

3-4 herb. ca.112 fm íbúð til leigu í
Kópavogi. Einungis reglusamir og reykl-
lausir. Fyrirframgreiðsla og trygging. S.
564 4564 & 899 0064.

Húsnæði óskast

2-3 herbergja íbúð í Köpen óskast

**Við erum 23 ára par
og hyggjumst flytja til
Kaupmannahafnar 15.ágúst og
stunda þar nám. Okkur bráð-
vantar sæta íbúð miðsvæðis
eða nálægt Frederiksberg. Erum
100% heilbrigleg, reyklus og
reglusöm. Við eignum sjálf íbúð
á Íslandi sem við leigjum út og
vitum því vel hversu mikilvægt
það er að leigja góðu fólki. Við
heitum skilvísnum greiðslum og
góðri umgengni.
Vinsamlegast hafðu samband í
s. 661 9697.**

Langtímaleiga. Óska eftir snyrtilegri
3 herb. íbúð á Rvk-svæðinu eða í
Kópavogi, frá 1 sept. Mjög góð með-
mæli, greiðslugeta um 100 þús. Uppl.
í s. 699 3837.

Óskum eftir 4-5 herbergja íbúð til leigu
á höfuðborgarsvæðinu í lengri eða
skemmri tíma. Áhugasamir hafi sam-
band í síma 860 3946.

Óskum eftir tveggja til þriggja herbergja
íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í
lengri eða skemmri tíma. Áhugasamir
hringi í síma 867 2352.

Einstæða móður að norðan bráðvantar
íbúð í Breiðholti. Reglusemi og skilvís-
num greiðslum heitið. s. 869 8473.

Reglusamur og reyklus einstaklingur
óskar eftir herb. miðsvæðis. S. 866
5192.

Einstæð móðir með 2 börn óskar eftir
3-4 herb. íbúð helst í Hafnarfirði. Frá og
með 1 sept. Greiðslugeta 80-100 þús.
Verður að vera með leyfi fyrir hunda.
Uppl. í s. 845 4096.

35 ára traustur aðili óskar eftir lítilli íbúð
eða herbergi með öllu, helst miðsvæð-
is. Góð fyrirframgreiðsla fyrir sanngjarna
leigu. S. 857 2690.

Óska eftir að taka á leigu 3 herb. íbúð út
ágúst, má vera með húsgögn að hluta
til. Leigurveið samkomulag, fyrirfram-
greiðsla. Uppl. í s. 660 2544.

24 ára kk. óskar eftir að leigja stúd-
iðíbúð á sangjörnu verði. Reglusemi
og skilvísnum greiðslum heitið. S. 659
4505.

Óska eftir einstaklingsíbúð í Rvk frá og
með 1 ágúst. Uppl. í s. 694 7103.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð á leigu fyrir
fjölskyldu. Uppl. í s. 860 7478.

Sumarbústaðir



Til sölu heilsárskúsi á fallegri eignarlóð í
Miðengi í Grímsnesi. Um er að ræða 70.
fm. hús auk 35. fm. svefnlofti og 80. fm.
verönd. Verð frá 12.9 mil. Óll tilboð
skoðuð. Upplýsingar í síma 866 9621.



Til sölu Bens 420 SE árg.'91 Mjög gott
eintak, verð 1.100 þús. Uppl. í s. 868
5550.



Ódýr gæða bjálkahús, henta vel sem
garðhús eða gestahús, fyrirleggjandi
á lager ósamsett, verð frá 69.400,-
Viðarhús ehf. Upplýsingar í síma 660
4088 & 660 6090 Netfang vidarhus@
vidarhus.is

Til sölu ósamsett Lovisa smáhúsi frá
Goddá. WC, innrétting og kamína geta
fylgt. Selst undir kostnaðarverði. Uppl. í
síma 8600570

Til sölu sumarhúsi á eignaland í
landi Miðfells á Þingvöllum. Ný rotþró
og rafm. Uppl. í s. 867 1379 & 848
7088.

Sumarbústaðarlóð í Bláskógabyggð til
sölu. Lóð 4074 fermetrar, vatn og raf-
magn við lóðarmörk. Nánari uppl. í s.
898 0898.

Glæsilegt sumarhús sem er í byggingu
við Búrfell til sölu. Einnig sumarhúsa-
lóðir á sama svæði. Fallegt útsýni, stutt í
veiði og golf. Uppl. í s. 846 9424 & 899
4443 & 898 7126.

Bílskúr

Bílskúr til leigu

28fm bílskúr til leigu í Mòhelli í Hfj.
Uppl. í s. 899 1670 & 586 1840.

Gisting


Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben.
Ódýr og góð gisting www.gistiheimili.
dk 0045 2460 9552.

Tapað - Fundið



Rósa er týnd. Silky terrier tik strauk
úr pössun 24.júní síðastliðinn frá
Sléttahrauni 15 Hafnarfirði, en er búsett
í Grindavík, ef þið veðið mín vör að
hringja í s. 895 2563 & 696 8310 p.s.
mín er sárt saknað af eiganda mínum.

Tilkynningar



Félag Tælinga, Rauðikrossinn.

Ef þig vantar að losna við eitthvað td. frá fötum til bíla eða bara vilt aðstoða með vinnu eða peningum. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum. 50-60% úts. Endilega hafðu samb. í síma 893 8886. Opíð alla daga.

Einkamál



Til sölu glæsilegt VTX 1800. Árg.2007.
Ekið 500km. Uppl. í síma 698 2312.

18plús.is.

XXX samfélag Íslendinga á netinu.
Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/
n. www.18plús.is.

Celebrity.is

Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu
á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stærir atvinnuúfsins. Erum einungis með taglart fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu. Veitum trausta og góða þjónustu. Verð 39.000.- m/vsk

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING

Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhlýtur 7 - 110 Reykjavík

Búr ehf - Vaktstjóri + Lagerstarfsmaður
Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi & lagerstarfsmann. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára
Upplýsingar í síma 896 2836. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi á skrifstofutíma.



Laus störf.
Súfistinn bóka kaffi Laugavegi 18 Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu. Súfistinn Hafnarfirði. Fullt starf við afgreiðslu og þjónustu. Bæði störf eru laus frá 1. ágúst. **Upplýsingar gefur Elín í síma 699 3743**

Umsóknareyðublöð á kaffihúsum Súfistans og á www.sufistinn.is

Sigurtak ehf
Erum að leita eftir mönnum með vinnuvéla eða frumréttindi til sumarfléysinga eða fram-búðar.
Uppl í s. 698 1838 og sigurtak@internet.is

Óska eftir vönum vélamanni til afsleysingar í júlí og fram í miðjan ágúst á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 898 1649.

Dekkja og smurverkstæði
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólarðaverkstæði Bílkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Helgarstörf
Óskum eftir að ráða helgarstarfsfólk í verslun okkar. Leitum að heiðarlegu og duglegu fólki. Upplýsingar veittar á staðnum, Rafvörumarkaðurinn við Fells múla.

Rútbílstjóri óskast í hálendisferðir. sími 894 0026 fjallatr@net.is

Óskum eftir starfsfólki við brunapéttingar. Uppl. í s. 894 8509. www.reykur.is

Rafvirkjar Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?

Góðir menn rafverktakar leita að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bill + sími + snyrtileg innvinna á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 820 5900.

G.G. Iagnir ehf

Óskum eftir verkamönnum til starfa almenn jarðvinna og Iagnavinna einnig til fóðrunar á fráveitilögnum. Uppl. í s. Gísli 660 8870 & 660 8860.

Sportbarinn Ölver

Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyrvörðum og þarþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. í s. 533 6220.

Sportbarinn Ölver

Vaktstjóri óskast í fullt starf, verður að vera vanur. Uppl. í s. 533 6220.

Gröfumann vantar á 17" Komasu hjóla-vél þarf að vera vanur og með vinnu-vélaréttindi. Uppl. í s. 822 2660.

Mig vantar mann til að smíða fyrir mig dagmömmukerru. S. 824 1288.

Óskum eftir að ráða vöru og trailerbílstjóra. Einnig verkamenn vegna aukinna verkefna. Áhugasmir hafi samband í s. 891 8338. Mikil vinna í boði!

Meiraprófsbílstjóri. Framsækið fyrirtæki óskar eftir meiraprófsbílstjóra, akstur á Rvk-svæðinu. Mikil vinna framundan. Uppl. í s. 694 7785.

Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.
- Proventus -

Call Joao, tlf. 864-9873

Veitingahúsið Nings Hliðarsmára

Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu.
Uppl. í s. 822 8835 eða á www.nings.is

Veislulist Skútan

Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.

ATVINNA

Ert þú kennari og hefur áhuga á að sérhæfa þig í kennslu og kennsluráðgjöf blindra og sjónskertra?

Blindrafélagið annast ráðningu og tímabundið utanumhald kennsluráðgjafar vegna blindra og sjónskertra í umboði skólayfirvalda, og leitar því að blindrakennurum / kennsluráðgjöfum til starfa. Kennarar á öllum skólastigum og greinasviðum eru hvattir til að sækja um.

Þeir sem verða ráðnir en hafa ekki sérmenntun sem blindrakennarar þurfa að vera tilbúnir að leggja stund á nám í blindrakennslu í fjarnámi við University of Birmingham (http://www.education.bham.ac.uk/programmes/cpd/courses/visual_impairment.shtml), samhliða vinnu í 18 mánuði frá lokum ágúst 2007. Menntunarsjóður til blindrakennslu, stofnaður af Blindrafélaginu og Blindravinafélaginu, mun greiða skólagjöldin fyrir þá sem fara í fjarnámið.

Starf kennsluráðgjafa / blindrakennara felst m.a. í:

- faglegri ráðgjöf, kennslu og stuðningi við blindra og sjónskertra nemendur á öllum skólastigum um allt land
- fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna allra skólastiga vegna blindra og sjónskertra nemenda
- fræðslu og ráðgjöf til aðstandenda blindra og sjónskertra barna
- námskeiðahaldi fyrir blindra og sjónskertra nemendur, fjölskyldur, faghópa og aðra sem að þeim koma
- þátttöku í rannsóknum, þróun og uppbyggingu þekkingar og þjónustu á sviði kennslu blindra og sjónskertra

Menntunar og hæfniskröfur

- Kennaramenntun á leik-, grunn eða framhaldsskólastigi, háskólamenntun á sviði fullorðinsfræðslu eða menntunarfræða
- Mikil lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Áhugi á uppbyggingu þekkingar og þróun í málefnum blindra og sjónskertra einstaklinga
- Góð færni í ritadri og munnlegri ensku er skilyrði, færni í norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Pétursdóttir í síma 690 2700, en umsókn ásamt ýtarlegri ferilskrá sendist til Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík fyrir 27. júlí 2007.




FASTEIGNIR

Sveit í Þéttbýli

byggðarhorn.is

Frábær lausn fyrir hrífandi lífsstíl, í Árborg.....



Til sölu og afhendingar strax (Grímsnes) 7000/m. EIGNARLAND.

Sumarbústaðalóð, töluvert mikið ræktað.
2 þjálfhús 14 fm m. eldunar og mataraðstöðu,
ískápur og svefnaðstaða og 5 fm m. sturtu,
salemi hvít innrétting m.vaski.

Hitaveita, kalt vatn og rafmagn komið í húsin.
Gróðurhús 18 fm. Gott sameiginlegt svæði
m.leiktækjum og minigolf. Stutt í þjónustu, sund og
verðandi hágæða golfvöll. Rólegt og gott samfélag.

Velkomna að skoða laugardaginn 14. júlí
og sunnudaginn 15. júlí frá 12:00 - 13:00
Uppl. síma 868-9901 Jón.
blogg.viala/vipjotatorp



Spennandi heimur matvælarannsóknna



www.matis.is

Óskum eftir íbúð til leigu fyrir starfsmann

Matis (Matvælarannsóknir Íslands) óskar
eftir stúdíó eða tveggja herbergja íbúð
til leigu fyrir starfsmann fyrirtækisins á
höfuðborgarsvæðinu frá og með næstu
mánaðamótum.

Nánari upplýsingar veitir
Guðlaug Marinósdóttir
sími: 422 5000/gsm: 858 5002
vinna@matis.is

Veislulist og Skútan

Óskum eftir að ráða í eftirtalin störf:

Vanan matreiðslumann sem getur unnið sjálfstætt. Vaktavinna
mest dagvinna. Aðstoð í eldhús.vinnutími er frá kl. 8 - 4.
Matreiðslunema. Vaktavinna mest dagvinna.
Umsóknir sendist á e.mail skutan@skutan.is eða
hringid í s. 555 1810 Sigurpáll.



HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík
Umönnun

Starfsfólk óskast í aðhlyningu á morgun-kvöld og helgarvaktir.
Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Bifreiðastjórar

Vegna mikillar vinnu vantar okkur
bifreiðastjóra með rútuþróf til vinnu í sumar,
fjölbreyt verkefni, mikil vinna og góðir bílar

Umsóknir berist með tölvupósti til: atvinna@grayline.is.
Nánari upplýsingar í síma 660 1303.

Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast
til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma
frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum
um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu
starfsumsokn@365.is

 fjölvarp *SYN SYN2*

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

AUKAVINNA FRÁ 20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST


FASTEIGNIR

Vatnsholtsvegur 6

Grímsnes
Störglæsilegt heilsárshús

Stærð: 94,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2007
Brunabótamat: 20.550.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX
Stjarnan



Anton Valgarðsson
Sölufulltrúi
699 4431
anton@remax.is



Haukúr Andreason
Sölufulltrúi
866-9954
haukur@remax.is



Opið hús 14 júlí frá 14:00 til 17:00

Verð: 27.500.000

Húsið stendur á fallegum stað rétt við vatnið með einstakt 360 gráðu útsýni. Húsið sem stendur á 1 hektara eignarlóð sem nær niður að vatni Þetta er heilsárshús byggt úr finnskum limtréþjálfum þar sem vandað er til alls frágangs. Húsið skilast fullbúið með innréttingum og gólfnum. Góð vernd er umhverfis húsið en það er sjálf 94,3 fm samkvæmt fmr auk 25 fm svefnloft. Stutt er í alla þjónustu í Reykholti og Laugarási. SKIPTING: Komið er inn í forstofu með falegri hurð með frönskum gluggum.

Rúnar S. Gíslason
Lögg. fasteignasali
517 3629
runar@remax.is



RE/MAX Stjarnan - Bæjarhraun 6 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 5173629 - www.remax.is

Fellasneið 24

350 Grundarfjörður
Vel skipulagt einbýlishús

Stærð: 192 fm
Fjöldi herbergja: 4-5
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX
Lind



Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Berglind Pýri
Sölufulltrúi
864 0803
berglind@remax.is



Upplýsingar í s. 864 0803

Verð: 25.400.000

Remax Lind kynnir 192fm forsteypt einbýlishús. Íbúðin sjálf er 151,4 fm og bílskúrinn 40,6 fm. Húsið selst í því ástandi sem það er í dag, þ.e.a.s fohelt og fullbúið að utan að fráskilum þakant. Ófrágengin lóð. Tvöfalt gler er í öllu húsinu og mahogny gluggar frá Byko. Bílskúrshurðin er brún. Pakið er svart valmabak - með uppteknu lofti. Pakrennur eru komnar. Húsinu fylgja mjög fallegar beyki innréttingar frá InnX í eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi ásamt hlaðinni káminu frá Funa.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarin@remax.is



RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is



Gerum gott úr þessu

Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til
endurvinnslu



Rokk, rigning og drullumall

Hver fer að verða síðastur að næla sér í miða á eina af tónlistarháttíðum sumarsins. Sú stærsta í Evrópu, Glastonbury, fór fram fyrir fáeinum helgum með tilheyrandi rigningu, leðjubaði og drullumalli. *Baldur Héðinsson* fjallar um erlendar útihátíðir og veitir nokkur vel valin ráð um hvernig er best að búa sig undir þær.

Fyrsta stopp er án efa Hróarskelda, þar sem Íslendingar hafa verið fjölmennir til margra ára. Háttíðin er eflaust sú fyrsta sem kemur upp í huga Íslendinga þegar kemur að tónlistarháttíðum á erlendri grund. Ekki að ástæðulausu, einkar vel er staðið að háttíðinni. Fjölbreytt tónlistardagskrá, frábært andrúmsloft, bjórinn flæðir sem vatn og maturinn er góður, sem er langt frá því að vera sjálfgefið á tónlistarháttíðum. Háttíðin fer fram fyrstu helgina í júlí skammt frá Kaupmannahöfn og var þar fjölmenni sem fyrr. Ekki skemmir fyrir að háttíðin er haldin sem góðgerðarstarfsemi og rennur því allur ágóði tónleikahaldsins til stuðnings tónlistar-, menningar- og mannúðarsamtökum. Um 170 hljómsveitir spiluðu á háttíðinni í ár. Þær þekktustu ásamt Björk okkar eru The Who, Beastie Boys, Muse, Arcade Fire og Arctic Monkeys. Margar frábærar, minna þekktar hljómsveitir spiluðu á háttíðinni, Wilco, Young Pony Club, Grizzly Bear, Cold War Kids og Oh No Ono sem dæmi. Fyrir þá sem hafa gaman af raftónlist var einnig margt gott á boðstólum, Booka Shade, Trentemøller og Justice svo eitthvað sé nefnt. Slayer lét ekki láta sjá sig þetta árið, eins og áætlað var, en hvort einhver gráti þá staðreynd veit ég ei. Hægt er að hlusta á tónlist frá háttíðinni á www.radiofestival.org.

Reading og Leeds Festivals eru enskar sýstrahátíðir haldnar samtímis í Reading og Leeds, 24.-26. ágúst. Háttíðirnar bjóða upp á það besta í rokk-, indí-, pönk- og metal tónlist. Helstu hljómsveitir sem sjá má í ár eru Red Hot Chili Peppers, Smashing Pumpkins, Kings of Leon, Arcade Fire, Nine Inch Nails og

Razorlight (sömu hljómsveitir spila á báðum háttíðum). Andrúmsloftið á þessum háttíðum getur ekki talist jafn vinalegt og á Hróarskeldu, mikið magn testósterons í loftinu og meira um snóðhousa. Maturinn á boðstólum er ekki upp á marga fiska, grænmetisætur ættu að hafa sérstakan vara á.

A Campingflight to Lowlands Paradise Lowlands (17.-19. ágúst) er ein vinsælasta tónlistarháttíð Hollands ásamt Pink Pop (26.-28. maí). Um 200 hljómsveitir stíga á stökk á háttíðinni og um 60 þúsund gestir staldra við. Andrúmsloftið er vinalegt og margt annað en tónlist er á boðstólum, leikrit, kvikmyndir og uppistand svo fátt eitt sé nefnt. Tool, Peter, Bjorn & John, The Killers, Arcade Fire, Basement Jaxx, Damien Rice, Interpol, Jimmy Eat World, Justice, Kaiser Chiefs, Kings of Leon, Klaxons, M.I.A. og Motörhead koma fram á háttíðinni ásamt fjölda annarra hljómsveita.

Fyrir tónlistarunnendur sem eru tilbúnir að gera sér ferð yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna eru nokkrir spennandi möguleikar. Lollapalooza

Merking Lollapalooza er „merkilegur eða óeðlilegur hlutur“, sem á vel við Perry Farrell, manninn bak við háttíðina. Perry er betur þekktur sem söngvari Jane's Addiction, sem var aðal aðráttarafi háttíðarinnar þegar hún hóf göngu sína 1991. Háttíðin naut góðs af vinsældum grugg (grunge) tónlistarstefnunnar og var upp á sitt besta árið 1994. Leiðin lá hins vegar niður á við eftir að Kurt Cobain framdi sjálfsmorð sama ár, stuttu áður en Nirvana átti að stíga á svið. Sökum slæmrar hegðunar tónleikagesta og fjölda slysa var tónlistarháttíðin árið 1997 sú síðasta um nokkrun tíma. Jane's Addiction kom saman

á ný 2003 og kom Lollapalooza þá handan móðunnar miklu. Gestir það árið kvörtuðu sáran yfir háu miðaverði og hættu þurfti við háttíðina árið eftir, sökum slakrar miðasölu. Nú er háttíðin haldin í Chicago-borg 3.-5. ágúst. Helstu listamenn sem koma fram í ár eru Daft Punk, Yeah Yeah Yeah's, Clap Your Hands Say Yeah, Muse, Snow Patrol, Interpol, Modest Mouse, The Rapture, Peter Bjorn & John, Tapes 'n Tapes, !!! og TV on the Radio.

Austin City Limits

Austin City Limits er önnur árleg þriggja daga háttíð sem hefst 14. september. Austin er sannkolluð vin í eyðimörkinni Texas, frábær borg. Einn stærsti háskóli Bandaríkjanna, University of Texas Austin, er í borginni og sjá má gamla hippa á hverju strái, mjög vinalegt andrúmsloft. Tónlistarlíf er í hávegum haft í Austin og mæta um 65 þúsund manns á háttíðina árlega til að hlusta á allt frá kántrí yfir í hipphopp. Hægt er að sjá fjölda heimsfrægra listamanna á háttíðinni, Bob Dylan, Björk, The White Stripes, Wilco, Arcade Fire, My Morning Jacket, Queens of the Stone Age, Bloc Party, Gotan Project, Ziggy Marley, Decemberists og Yo La Tengo svo einhverjir séu nefndir.

Ozzfest

Osbourne-fjölskyldan, sem stendur fyrir tónlistarháttíðinni, ákvað í ár að skera sig úr fjöldanum með því að hafa ókeypis inn á alla tónleika háttíðarinnar, sem sem eru haldnir víðs vegar um Bandaríkin frá miðjum júlí til loka ágúst í sumar. Áhugasamir geta farið inn á heimasíðu háttíðarinnar til að reyna að næla sér í miða, ég hef þó heyrt að ansi erfitt sé að ná í einn og slíkir fari fyrir háar fjárhæðir á eBay-vefsíðunni. Hljómsveitirnar sem koma fram í

EKKI TJALDA HÉR; ráðleggingar til ringlaðra tónleikagesta.

EKKI GLEYMA Góður, þægilegur fatnaður, svefnpoki, plastpokar af öllum stærðum, klósettappír, sóttþreinsandi gel, sólvörn (guð gæti verið í góðu skapi), verkjalyf (í merktum umbúðum) gettóblastar, upptakari og eldspýtur.

HÉR SKAL BORG BYGGJA

Ekki er vitlaust að mæta nokkrum dögum áður en tónleikahald hefst (ef möguleiki er á) og næla sér í góðan stað til að tjalda. Allajafna gildir að því nær tónleikasvæðinu sem þú ert, þeim mun hressara er fólk í kringum þig, valið er því; tjútt eða svefn. Forðast skal að tjalda mjög nálægt klósettum, veggjum, girðingum eða hverju því, sem hægt er að spræna á. Ekki láta þér detta í hug að tjalda þar sem ekki er ætlast til að fólk tjaldi. Ef aðeins lítil hluti tjalds stendur út á „vegina“, sem aðskilja tjaldbúðirnar getur þú verið nokkuð viss um að starfsmenn háttíðarinnar kippa tjaldinu þínu upp. Þegar skyggja tekur og bjórar hafa ratað inn um munvikið getur fólk orðið ansi áttavillt. Þegar halda skal heim í háttíðin er tjaldsvæðið nær óþekktanlegt og því óvitlaust að merkja tjaldið með bjánalegum fána. Í miklum hita getur súrefni verið af skornum skammti inni í tjöldum þegar morgna tekur, pakkíð því ekki of þétt í tjöldin. Náðu áttum sem fyrst, með stuttum göngutúr. Gott er að vita hvar þú kemst í mat og drykk, kemst á klósett, leitar þér hjálpar ef slys á sér stað og hvernig þú kemst út af svæðinu. Sniðugt er að kaupa partýtjald, sem er lítið annað en þakdúkur á fjórum fótum, til að skýla gegn regni eða sól.

KLÓSETT Í raun er engan veginn hægt að búa þig undir umgengnina eða ammoniaklyktina á klósettum á stórum útihátíðum, þú verður bara að láta þig hafa viðbjóðinn. Auk þess að neyðast líklega að gera þarfrá þínar án þess að setjast niður, þá er lásin á klósettunum oft bilaður. Þú munt því þurfa að setja þig í stellingar, sem einungis fimustu jóga- iðkenndur ættu að geta sett sig í til að halda hurðinni lokaðir meðan telt er við páfa.

DRYKKIR Bannað er að fara með lokuð ílát inn á flest tónleikasvæði. Ílát sem eru úr gleri eða hægt er að loka með tappa eru einnig bönnuð innan tónleikasvæðisins. Bregða því margir á það ráð að drekka sem mest áður en haldið er inn á svæðið eða taka drykk í

opinni fernu eða afsagaðri plastflösku með sér inn á svæðið. Ekki gleyma, drekka vatn, ekki bara bjór.

FATNAÐUR Vertu til í nánast hvaða veður sem er. Kuldinn getur læðst að tónlistargestum á kvöldin og góð peysa getur komið sér vel. Ef spáin er ekki góð fyrir Hróarskeldu, getur veðrið verið skuggalegt líkt íslenskri útilegu, kaldur vindur úr öllum áttum. Ef spá er rigningu gera stígvél gæfumuninn, nánast útilokað er að vaða gegnum leðjubaði í venjulegum skóm án þess að rennnotna, og þó plastpokar séu utan um skóna er leðjan oftast fljótt komin upp á hné.

PENINGAR Mættu með nóg af reiðufé fyrir mat og öðrum nauðsynjum, og ég meina nóg. Fáir sölubásar taka krítarkort. Á flestum háttíðum má finna hraðbanka, en röðin nær oftast út í hafsauga, ef ekki lengra. Skipulegðu tímann þinn. Nældu þér í tónleikadagskrá og hafðu hana handhæga. Sniðugt er að plana daginn áður en lagt er af stað, því í öllu tónleika-flóðinu er auðvelt að gleyma hvað er að gerast hvar. Mundu að setja smá tíma til hliðar til að næra þig, hvíla þreyttar lappir, njóta lífsins og skoða mann og annan.

VERTU VIÐBÚINN Vertu tilbúinn að fá hinn ýmslega vökva yfir þig. Háttíðarstarfsmenn skvetta oft köldu vatni yfir mannskapinn til að kæla fólk niður. Bjór og aðrar veigar rata einnig oft upp í loft, og líkt öllu sem upp fer, kemur það aftur niður.

STATTU Á EIGIN FÓTUM Ekki vera hræddur við að yfirgefa vinina. Tónleikahátíðir eru til þess gerðar að kynnast nýrri spennandi tónlist og hitta áhugavert fólk. Ef þér líst ekki á hvað vininum langar að sjá eða gera, leggðu þá bara í sjálfstæða skoðunarferð, þú munnt eflaust heyra fallega tóna berast frá einhverjum tónleikum eða rekast á skemmtilegt fólk. Þú finnur vini þína aftur, ekki hafa of miklar áhyggjur. Ágætt er þó að ákveða stað og stund til að hittast á ef þið sjáið ekki í lengri tíma.

GEÐLUND Taktu hlutunum mátulega alvarlega. Fýlupúkar teljast ekki skemmtilegir í umgengni. Taktu því hlutunum með brosi á vör þó minniháttar óhöpp eigi sér stað.



TVEIMUR DÖGUM FYRIR HRÓARSKELDU Ungmennir komu sér fyrir með nokkrum fyrirvara á Hróarskeldu-háttíðinni og þar mætti þeim leðja og aur.

HAVARÍ VIÐ OPNUN HRÓARSKELDU 5. júlí þustu ungmenni í gegnum hliðin til að finna sér besta tjaldstæðið. Best er að huga vel að tjaldstæðinu til að lenda ekki á vondum stað eða undarlegum félagsskap.

ár eru ekki jafn þekktar og fyrri ár, en ásamt Ozzy Osbourne sjálfum má þó nefna Lamb of God, Static-X og nautin í Lordi.

Big Day Out

Fyrir þá sem eru í miklum ferðahug og eru tilbúnir að ferðast yfir hálfan hnöttinn til að upplifa tónleikahátíð,

strendur og kengúrux er Big Day Out hinn besti möguleiki. Háttíðin ferðast um Ástralíu og Nýja-Sjáland og eru tónleikarnir í janúar og febrúar á hverju ári. Tool, Muse, Jet, Violent Femmes, The Streets, The Killers, The Vines, Diplo og Hot Chip eru meðal þeirra hljómsveita sem stíga á stökk þetta árið.

BT

NÝJA LÍÑAN FRÁ TOSHIBA!



MSN
Innbyggð netmyndavél tryggir að þú getir látið sjá þig á msn

TOSHIBA

PSAECE-00U00HN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1CZ
Intel® Core 2 Duo T5500
- 1.66 GHz / 667 MHz / 2 MB
15.4" WXGA TruBrite skjár
- 1280 x 800 upplausn
nVidia GeForce Go 7300 320MB
2GB Vinnsluminni (1024x2-667)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggð þráðlaust net
Nýtt A4 lykklaborð (Full Size)
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**PASSADU GÖGNIN,
TAKTU AFRIT!**

LACIE



FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

149.999

Intel Core 2 Duo
Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraútkast, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

nVidia GeForce 7300
Aflmikil skjá kort fyrir myndvinnslu og tölvuleiki. Gerðu kröfur um það besta.

2GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

200GB Harður diskur
Þú getur geymt ógræni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 200GB hörðum disk.

15.4" WXGA TrueBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

Innbyggð netmyndavél og mic
Tölvan kemur útbúnn netmyndavél og hljóðnema. Nú þarftu ekki að kaupa þetta aukalega.

BT
LÁN™

BT
14.891*
12 mánaða

BT
8.145**
24 mánaða

BT
5.896***
36 mánaða



**PASSADU GÖGNIN,
TAKTU AFRIT!**

LACIE



FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

119.999



TOSHIBA

PSAE0E-02701GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1GU
Intel® Dual Core T2080
- 1.73 GHz / 533 MHz / 1 MB
15.4" WXGA TruBrite skjár
- 1280 x 800 upplausn
Intel 943 128MB skjá kort
1GB Vinnsluminni (512x2-667)
80GB SATA Harður diskur
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggð þráðlaust net
Nýtt A4 lykklaborð (Full Size)
- með sex flýtihnöppum
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2.72kg á þyngd

Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

Intel Core Duo
Nýjasta fartölvutækni frá Intel. Stóraútkast, lengri rafhlöðuending og aukid öryggi.

Innbyggður kortalesari
Tölvan kemur útbúnn kortalesari. Auðvelt að hlaða myndum af stafrænu myndavélinni.

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

80GB Harður diskur
Þú getur geymt ógræni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 80GB hörðum disk.

15.4" WXGA TrueBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

BT
LÁN™

BT
11.953*
12 mánaða

BT
6.552**
24 mánaða

BT
4.751***
36 mánaða

Gasævintýrið í Norðurhöfum

Í haust munu hefjast flutningar á frystu jarðgasi í risavöxnum tankskipum frá Hammerfest í Norður-Noregi. Siglingaleið þessa eldfima farms mun liggja framhjá Íslandi. **Auðunn Arnórsson** heimsótti nyrsta bæ heims og fræddist um gasævintýrið í Norðurhöfum, sem að sögn er aðeins að byrja.

Gasvinnslan í Hammerfest á sér langan aðdraganda. Það var í byrjun níunda áratugar síðustu aldar sem norsk yfirvöld gáfu út fyrstu leyfin fyrir gas- og olíuleit í norska hluta Barentshafsins. Strax árið 1981 fannst fyrsta gaslindin, sem fékk nafnið Askeladd. Skammt þar frá fannst síðan Albatrosssvæðið og loks Mjallhvít árið 1983, en það svæði hefur að geyma mesta gasmagnið. Þessar gaslindir eru á 300-350 metra hafdýpi. Borholurnar eru síðan um tveggja og hálfir kílómetra djúpar.

„Með þeirri tækni sem tiltæk var á þessum tíma gat nýting þessara lunda ekki borgað sig,“ útskýrir Sverre Kojedal, upplýsingastjóri Mjallhvítarverkefnisins hjá Statoil, norska ríkisolíu- og gasfyrirtækinu. Málið hafi síðan verið tekið upp á ný árið 1997, en þá höfðu framfarir í borunar- og leiðslulagningartækni á hafsbotni, auk hækkandi verðs á jarðgasi, opnað nýja möguleika.

600 milljarða fjárfesting

Á næstu fimm árum þróaðist málið áfram, unz árið 2002 lá fyrir að ráðizt yrði í framkvæmdir. Ákveðið var að þannig yrði gengið frá borholunum og leiðslunum frá þeim á hafsbotni, að enginn bor-pallur þyrfti að vera varanlega yfir þeim, og hægt væri að stýra flæðinu upp úr þeim beint frá landi. Þannig er gengið frá borholunum, að hægt er að draga troll yfir þær án þess að þær eða trollið hljóti skaða af. Þetta er mikilvægt atriði til að gasvinnslan lendi í sem minnstum hagsmunaaðrekstri við aðalatvinnuvegin í Norður-Noregi, sjávarúrtveginn.

Jafnframt var ákveðið að leiðslurnar yrðu teknar á land á einni Melköya við Hammerfest og gasið unnið til útflutnings þar. Statoil festi kaup á einni og hefur nú, í félagi við fleiri fyrirtæki, fjárfest alls 58 milljarða norskra króna, andvirði yfir 600 milljarða íslenskra, í að breyta einni í fyrstu gasvinnslustöðina af sinni gerð í Evrópu, og á hún reyndar engan sinn líka í heiminum. Þetta er stærsta einstaka fjárfesting í atvinnustarfsemi sem í hefur verið ráðizt í Norður-Noregi fyrr og síðar.

Sú tækni að frysta jarðgas niður í fljótandi form og flytja það þannig á tankskipum er að vísu sem slík ekki ný – allnokkur



SVERRE KOJEDAL Upplýsingastjóri Mjallhvítarverkefnis Statoil. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

reynsla er af slíkum flutningum í Austur-Asíu og víðar.

En eins og gefur að skilja þegar ráðizt er í slíkt verkefni langt fyrir norðan heimskautsbaug – Hammerfest er norðan við 70. breiddargráðu – þarf að leysa mörg vandamál sem ekki koma upp þegar framkvæmt er á suðlægari slóðum. Þess vegna hefur þurft að sérsníða margvíslegar nýjar tæknilegar lausnir til að reisa norðlægustu gasvinnslustöð heims.

Meðal hinna fjölmörgu aðila sem komið hafa að framkvæmdinni er íslenska verktakafyrirtækið Ístak, sem í umboði danska móðurfyrirtækisins Pihl & Søn kom að byggingu brimvarnargarða í kring um athafnasvæðið á Melköya. Íslenska fyrirtækið naut þar reynslu sinnar af að vinna við náttúrulegar aðstæður sem svipar mjög til þeirra sem eru þarna við norðausturjaðar Atlantshafsins.

Alls hafa fram til þessa um 22.000 verkamenn og aðrir starfsmenn frá yfir 60 löndum komið að Mjallhvítar- og Melköya-verkefninu. Við smíði stöðvarinnar unnu þar að jafnaði um 3.000 manns en þegar hún verður komin í reglubundinn rekstur mun hann skapa um 500 manns atvinnu á Hammerfest-svæðinu, að sögn Kojedals, þar af um 180 í stöðinni sjálfri.

Koltvísyringur fangaður

Kojedal útskýrir, að auk þess að þola veðurhórkur hánorðursins með tilheyrandi sjóngangi þurfi búnaðurinn í gasvinnslustöðinni á Melköya að uppfylla margvíslegar aðrar kröfur. Þannig á til dæmis að vera hægt að fanga koltvísyringinn sem fellur til í vinnsluferlinu og dæla honum aftur niður í borholurnar. Það hefur hvernig verið reynt áður. Kojedal segir að enn sé verið að vinna í því að þróa þessa tækni, en hún muni verða til þess að losun gróðurhúsa-



HAMMERFEST „Nyrsti bæ heims“ á 70,664 gráðum norður. Gasvinnslustöðin á Melköya í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Nýtt kapphlaup eftir olíu og gasi

Talið er að allt að fjórðung þeirra olíu- og gaslinda heimsins sem enn er ekki búíð að uppgötva sé að finna í Norðurhöfum. Eftir því sem Norðurskautsísinn hopar, tækninni fleygir fram og gasverð hækkar opnast möguleikar á því að nýta þessar auðlindir. Mjallhvítarsvæðið norska er fyrsta gasvinnslustöðin í Barentshafi en stærstu lindirnar eru í rússneskri lögsögu.



lofttegunda frá gasvinnslustöðinni verði í algjöru lágmarki.

„Með þessari tækni breytist þessi starfsemi úr því að vera hluti af vandamálinu [vegna gróðurhúsaáhrifanna] í að vera hluti af lausninni,“ segir Sverre Kojedal.

Annað dæmi um mikilvægur tækninýjungar í gasvinnslustöðinni er gerð sjálfs „frystiskápsins“, kælibúnaðarinn sem kælir síað jarðgasið niður í fljótandi form við 163 gráðu frost. Kælibúnaðurinn er tæknilegt hjartastykki stöðvarinnar. Hann var smíaður í Cadiz á Suður-Spáni og síðan fluttur með stærsta flutningaskipi heims alla leið norður eftir, meira en 2.000 km langa leið, þar sem honum var síðan smellið í samband við annan búnað sem búíð var að byggja upp á staðnum.

Aðeins byrjunin

Nú telst það magn gass sem hægt er að sækja upp úr borholunum á Mjallhvítarsvæðinu vera um 193 milljarðar rúmmetra. Á núverandi verðlagi er söluandvirði þess yfir 4.000 milljarðar íslenskra króna. Gert er ráð fyrir að það muni taka 25-30 ár að koma þessu gasmagni gegnum vinnsluferlið.

Að sögn Kojedals er gasvinnslan á Mjallhvítarsvæðinu aðeins byrjunin á gas- og olíuvinnslu í Barentshafi. Rannsóknir benda til að allt að fjórðung þeirra nýtanlegu jarðgas- og olíulinda sem eftir er að uppgötva í heiminum sé að finna í Norðurhöfum.

Eftir því sem Norðurheimskautsísinn hopar í takt við hlýnun loftslags, og eftir því sem leitar- og borunartækninni fleygir fram, er þetta viðkvæma hafs- og olíu- og gasvinnslukapphlaupi.

Norskt forskot

Með Mjallhvítarsvæðinu eru Norðmenn nú frumkvöðlar í slíkri vinnslu svo hátt í norðri og hafa



Lykur orkuöryggi Evrópu

Kojedal bendir á að það losni miklu minni koltvísyringur út í andrúmsloftið við brennslu jarðgass en kola, og þannig stuðli aukin gasvinnsla að því að gera orkubúskap margra landa umhverfisvænni, þar sem gasorkuver koma í stað kolaorkuvera. Það sem sé þó ef til vill enn mikilvægara við að nýta gas- og olíulindir Norðurhafa tengist orkuöryggi Evrópu. Ríki Evrópusambandsins, sem eru mjög háð innflutningi á orku, eru mjög áhugasöm um að skjóta sem flestum stoðum undir orkuákaup sín. Í flestum tilvikum þýðir þetta í raun að viðkomandi lönd vilja verða minna háð innflutningi frá Rússlandi og Persaflóalöndunum og því er áhuginn á að kaupa norska Barentshafsgasið mikill.

Megnið af gasinu frá Mjallhvítarsvæðinu verður flutt til Bandaríkjanna, þar sem Statoil hefur komið upp eigin móttökustöð fyrir fljótandi gasið frá Melköya. En vegna hins mikla áhuga í Evrópu verður gasið einnig selt þangað í gegn um gasbirgðastöðvar á Spáni.

Á eftir áætlun

Síðustu mánuði hefur hver eining gasvinnslustöðvarinnar á Melköya verið í prófun. Verkefnið er nú mánuðum á eftir upprunalegri áætlun, sem Kojedal segir að sé skiljanlegt vegna þeirra mörgu nýjunga sem finna þurfti upp á til að leysa öll vandamál sem upp komu við smíði norðlægustu gasvinnslustöðvar heims. „Í ágúst hefst framleiðsla á fljótandi gasi í stöðinni,“ segir Kojedal. Fyrsta skipið sem sigli á markað með Mjallhvítargas leggi upp frá Melköya í haust og stefnt sé að því að framleiðslan og útflutningurinn verði síðan komin í fullan gang um áramótin.

LNG-GASFLUTNINGASKIP

Fjögur ný tankskip hafa verið sérsníðuð til að flytja gas frá gasvinnslustöð Statoil á Melköya. Hvert þeirra er 290 m langt og ber alls 145.000 rúmmetra af fljótandi, frystu gasi, en það magn dugur til að sjá um einni milljón heimila fyrir gasi í 10 daga. Frystingin þjappar gasinu saman 620-falt.

Skipsskrokkurinn og tankarnir sjálfir eru tvöfaldir. Allt skipið er þannig úr garði gert að lágmarka hættuna á að leki komi að gastönkunum jafnvel þótt skipið strandaði í stórsjó. Flutningar á fljótandi

gasi hafa verið stundaðir síðan á 8. áratugnum, aðallega í Austur-Asíu, og ekki hefur komið til neinna slysa í þeim flutningum fram til þessa.

Siglingaleið skipanna frá Melköya til móttökustöðvarinnar í Cove Point í Maryland á Atlantshafsströnd Bandaríkjanna liggur framhjá suðausturströnd Íslands. Í Noregi hafa í öryggisskyni verið settar reglur um að svo stór skip megi ekki sigla nær landi en sem nemur 30 sjómílum.





ELEGANT BORDSTOFUSTÓLAR
KR. 16.800 STK. M. AFSL.



BLAÐAGRINDUR ÚR LEÐRI
FRÁ KR. 3.150 M. AFSL.



SÖDAHL RÚMFÖT
FYRIR BÖRN OG UNGLINGA
KR. 2.450 M. AFSL.



ELEGANT SÓFI
KR. 40.600 M. AFSL.



UNDIRDISKAR
KR. 490 STK. M. AFSL.
DISKAMOTTUR
KR. 1.190 STK. M. AFSL.

WWW.TEKK.IS – NÝR VEFUR ER KOMINN Í LOFTIÐ

FJÖLDI TILBOÐA Á VEFNUM, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!
TILBOÐIN GILDA Í VERSLUN OG Á NETINU.

TEKK
COMPANY

Ný tónlist í Hagkaupum



100 íslensk 80's lög

KR. 2.499



Hvanndalsbræður

KR. 1.799



Ljótu Hálfvitarnir

KR. 1.799




Jógvann

KR. 1.799



Mika

KR. 1.799



Cortes

KR. 1.799



Í brekkunni

KR. 1.799



Óskalög sjómanna

KR. 1.799



Skoppa og Skríttla

KR. 1.799



Number One

KR. 2.799

Gildir til 22. júlí eða
á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

**America's
got Talent**



skemmtilegri

HÆFILEIKAKEPPNI
BANDARÍKJANNA
AMERICA'S GOT TALENT
Í KVÖLD KL. 19:40

STUÐ MILLI STRÍÐA Upphaf og endir

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR HEFUR ANDÚÐ Á FLUGVÖLLUM



Það að búa á Íslandi hefur í för með sér að í hvert skipti sem fólk vill svara útþránni þarf það að takast á hendur flugferð. Á þessum síðustu og verstu tímum þýðir þetta að ferðalagið bæði hefst og endar á kvöl og pínu. Mér hefur aldrei verið sérstaklega hlýtt til flugvalla, en ég held að liðið sumarfrí hafi endanlega fest í sessi andúð mína á þeim mannvirkjum, og aðgerðunum sem þeim fylgja.

Ég komst tiltölulega klakklaust af landi brott, og burtséð frá fimm tíma seinkun á flugi skyldmenna minna (sem hafði í för með sér fjóra bíltúrayerfirritadaryfirEyrarsunds-

brúna) var ég enn nokkuð sátt við flugvallarferðirnar.

Viku eftir fríbyrjun héldum ég og sambýlingurinn á þann merka flugvöll og Íslendingavin, Kastrup, til að innleiða tveggja vikna ferð um Slóveníu og Króatíu. Við mættum galvösk klukkan níu að morgni, tveimur tímum fyrir flug eins og okkur bar skylda til. Þegar við gengum inn í bygginguna fengum við fleiri hundruð úrillra farþega í fangið. Flugstöðin var svo stappfull að sardinudós virðist rúmgóð í samanburði.

Þegar korter var í flug, og ég var farin að nötra af stressi, var okkur kipt fram fyrir röð og send upp í fríhöfn, mér til mikils léttis. Sami léttir var fljótur að

hverfa þegar ég kom fyrir horn og við mér blasti kílómetraröð í öryggistékk. Með frekju og dónaskap tókst mér að troða okkur þar í gegn, og þegar við sprettuðum í átt að hliðinu voru fimm mínútur í flug.

Fyrir handan næsta horn beið okkar svo önnur kílómetraröð í vegabréfsskoðun, sem við höfðum þó þegar flaggað tvisvar sinnum.

Restina man ég varla sökum bilunar í eigin vélabúnaði sökum pírings. Ég veit hins vegar að ég var enn pirruð þegar vélin lenti í Slóveníu. Ég skil vel að það þurfi að tryggja öryggi flugfarþega. En mér þykir verra að það þurfi að drepa sömu farþega úr píringsi í staðinn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 17.00**

Helgi Kristinsson opnar sýningu sína „Sound Orb“ í DaLi Gallery, Brekkugötu 9 á Akureyri, laugardaginn 14. júlí kl. 17. Verk hans Sound Orb er innsetning og hljóðverk í viðkvæmum gífskúlum sem áhorfandi/hlustandi getur handfjattað og lagt við hlustir hljóð hverrar kúlu fyrir sig. Listamaðurinn setur fram spurningar um sýningarrýmið og tilvist þess og skapar í leiðinni ákveðið andrúmsloft fyllt hljóðum. Helgi framkallar þar hljóðin í DaLi Gallery í kúlurnar og er mjög áhugavert að sjá og heyra hvernig DaLi hljómar.

Persónur og leikendur í Árbæjarsafni

Sýningin „Persónur og leikendur - úr bæjarlífi Reykjavíkur í lok 19. aldar“ verður opnuð í Árbæjarsafni í dag kl. 15.00. Það er leikmynda- og búningahönnuðurinn Elin Edda Árnadóttir sem stendur fyrir sýningunni en á henni er að finna teikningar af búningum sem Elin vann fyrir leikritið „Systur í syndinni“ eftir þær Kristínu og Iðunni Steinsdætur. Leikritið var sett upp af Leikfélagi Akureyrar og frumsýnt árið 1999.

„Leikritið byggir á degi í lífi þorpsins í gömlu Reykjavík ef svo má segja og sögupersónurnar eru allt fólk sem var raunverulega til,“ segir Elin Edda. Persónurnar bera nöfn á borð við Sigga tólfræðingur, Kapteins-Gunna, Gunna hálfulla, Nielsína og Anna Ívarsdóttir. Þessar konur auk Guðrúnar nokkurrar Bergmann urðu einmitt uppsprettan að hinum syndugu systurum í leikriti þeirra Iðunnar og Kristínar. „Í raun



voru bara tvær stéttir í Reykjavík á þessum tíma. Þessi svokallaða vatnsberastétt, vinnufólkið, sem hélt bæjarlífinu gangandi og var nokkurs konar upplýsingamiðlun í leiðinni. Þetta fólk fór hús úr húsi og sagði sögur af næstu bæjum. Þar með varð það í raun fréttamenn síns tíma. Svo var það yfirstéttin sem var gjarnan af erlendum toga. Það má kannski segja að Reykjavík þessara tíma hafi verið eins og villta vestrið. Hér var allt svo sveitalegt og villt miðað við það sem tíðkaðist annars staðar í Evrópu.“

Elin segir það allt of fátt að starfsmenn leikhúsa sýni vinnu sína. „Maður teiknar gríðarlega mikið fyrir eina svona sýningu og að baki þessu öllu saman er umfangsmikil heimildavinna. Ég kom til dæmis hingað í Árbæjarsafnið til þess að leita mér heimilda fyrir þessa vinnu á sínum tíma. Það passar því mjög vel að hafa sýninguna einmitt hér.“ Sýning Elinar Eddu stendur í þrjár vikur.

> Ekki missa af ...

Nýrri tónleikaröð á Kaffi Hljómáland sem er lífrænt kaffihús að Laugavegi 21. Tónleikarnir eru haldnir „hitt og þetta“ sunnudagskvöld frá kl. 20-22.30 á næstu misserum. Á morgun kemur fram hljómsveitin Svanhvít! sem spilar margradda dans- og dillitónlist. Auk þess mun Markús Bjarnason úr hljómsveitinni Skátum leika á gítar og syngja bæði gamalt efni og nýtt. Þeir sem eru undir 18 ára aldri eru sérstaklega hvattir til að mæta. Aðgangseyrir 500 krónur.



LEIKUR AÐ RÝMI Í verkum Tuma Magnússonar felst gjarnan leikur að rými og framsetningu. Í Safni sýnir hann tvö ljósmyndaverk og vegggljósmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Tvær opnanir í Safni í dag

Tvær sýningar opna í Safni á Laugavegi í dag. Tumi Magnússon myndlistarmaður sýnir ljósmyndaverk í mismunandi stærðum, en hin hollenska Jennifer Tee gerir innsetningu undir titlinum Down the Chimney.

Tumi Magnússon er búsettur í Kaupmannahöfn, þar sem hann er prófessor við máladeild Konunglegu listaakademiunnar. Á undanföllum árum hafa form og rými skipað stóran sess í listsköpun Tuma. Verkin sem hann sýnir í Safni bera merki þess.

„Ég er annars vegar með myndir á álplötum og svo eina sem er stækkuð upp þannig að hún passar á ákveðinn vegg í rýminu og límd beint á vegginn,“ útskýrði Tumi. „Þessar myndir fjalla allar frekar mikið um rými og framsetningu,“ sagði hann.

Í minni ljósmyndaverkunum hefur Tumi myndað kassa og aðra ferkantaða hluti og meðhöndlað myndirnar í tölvu. „Maður getur tekið myndir af hlutum og aðlagð þá ákveðnu rými þannig að þeir

breyti um form. Þá halda þeir kannski einhverjum af sínum sérkennum en tapa öðrum, og verða við það eitthvað annað,“ sagði Tumi. Vegggljósmyndin er kannski enn nærtengdari tilraunum með rými og form. „Ef maður skoðar stóru myndina er þetta verk sem fellur bæði beint inn í rýmið og breytir því um leið. Þar á sér stað nokkurs konar samruni hlutar og rýmis,“ sagði Tumi, sem kveðst mjög hrifinn af slíku formi. Á sýningu með verkum hans sem opnaði í Skaftfelli síðustu helgi gefur að líta tvær slíkar veggmyndir ásamt nokkrum vídeóverkum.

Jennifer Tee er hollensk myndlistarkona sem vinnur mikið með innsetningar, þar sem hún nýtir margvísleg birtingarform myndlistarinnar og kemur gjarnan fram sjálf. Í innsetningu hennar í Safni blandar hún saman ljósmynda-portrettum, myndbandsverkum og púðum í lagi fugla. Sýningin hennar ber yfirskriftina „Down the Chimney“ og visar þannig til ferðalags eða umbreytingar yfir í óþekktan veruleika.

Sýningarnar verða opnaðar í dag kl. 17 og standa til 26. ágúst.

sunna@frettabladid.is

Hreif alla með sér

Vito Rocco er snjall leikstjóri og hálfur Íslendingur sem vann keppni á Myspace sem kallast MyMovie MashUp. Verðlaunin voru 1 milljón breskra punda sem Vito má nota til þess að gera sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Alls voru um átta hundruð stuttmyndir sendar inn í keppnina en dómaraar völdu þrjár bestu og þá fengu myspace-gestir að kjósa.

„Ég er gríðarlega ánægður og hlakka til að hefja tókur á myndinni minni, Faintheart,“ sagði Vito, sem á íslenska móður. Stuttmyndin Goodbye Cruel World sem Vito sendi inn í keppnina þótti einstaklega hrifandi og hugljúf. Hún er um ungan dreng sem missir vin sinn sem er háaldraður maður en í myndinni fær áhorfandinn að fylgjast með hvernig drengurinn tekst á við dauða vinar síns. Myndin var afar vinsæl, fékk yfir sextán þúsund áhorf og um sextíu prósent atkvæða. Vito hyggst svo gera myndina Faintheart í fullri lengd sem mun fjalla um hóp fólks



VERTU SÆLL, GRIMMI HEIMUR Stilla úr stuttmyndinni Goodbye Cruel World eftir Vito Rocco sem er hálfur Íslendingur.

sem bregður sér í hlutverk fornaldarvíkinga í frístundum.

„Goodbye Cruel World bjó yfir fágun og tilfinningadýpt sem hreif mig. Myndin var einkar vel gerð, sagði fallega sögu og var mjög myndin. Ég hlakka til að sjá hvernig Vito tekur söguna Faintheart og býr til kvikmynd,“ sagði Michael Caton-Jones sem sat í dómnefnd en þar voru einnig Sienna Miller, Kevin MacDonald og Nick Love.

- bor

Mr. Skallagrímsson

Sýningar í júlí

13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

Sýningar í ágúst

lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl. 15 aukasýning,
su. 12. kl. 20,
lau. 18. kl. 20 Uppselt
su. 19. kl. 15 aukasýning,
su. 19. kl. 20,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

September

lau 8. kl. 20,
su 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20



LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

Garðhúsgögn - Gegnheilt tekk



Stækkanlegt borð, 4 klappstólar m/arm og 2 stólar m/stillanlegu baki

Stærð: 120cm(60cm)x120cm

Verð: 77.310,-



Ibiza legubekkur

Verð: 27.000,-



Marlboro bekkur

Verð: 43.000,-



Átthyrnt borð og 4 klappstólar m/örnum

Borð 120cm. í þvermál

Tilboðsverð nú: 39.360,-
(ATH! verð án sessana)



Dorset stóll

m/stillanlegu baki

Verð áður: 11.500,-

Verð nú: 9.775,-



Hljómsveitin
Signia í kvöld

Fjölbreyttur sérreittasedill og tilbodsmatasedill á leikfúskvöldum

Opíð: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun LOKAÐ

> TÍSKUFRETTIR

Hinn sjötugi tískuhönnuður Yves Saint Laurent var fluttur á spítala í vikunni vegna veikinda í öndunarfærum. Veikindin hafa ekki enn verið greind en félagi hans, Pierre Bergé, segir útlitið ekki nógu gott.

Louis Vuitton hefur skotið hinum tískufyrirtækjunum ref fyrir rass og hefur fyrst af öllum sett á markað sérstök leðurhulstur fyrir iPhone símana.

Stella McCartney og PETA settu af stað fyrstu netmótmaelin gegn því að nota dýrafeldi í flíkur í vikunni. Pamela Anderson mun koma í viðtal auk þess að sitja fyrir á ljósmynd með slagorðinu „I'd rather go naked than wear fur," eða „Ég kæmi frekar nakin fram en í feldi“.

stíll

utilit@frettabladid.is

Dásamleg gullháls-
men úr smíðju
Dyrberg Kjern. Fæst
í Rhodium.

OKKUR
LANGAR Í
...



Glæsilega
svarta leður-
tösku úr Sand
sem fer aldrei
úr tisku.



Silfurlitaða háhælaskó með reim-
um úr Kaupfélaginu.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Borghildur Gunnarsdóttir

Hlýr og notalegur vetur fram undan

Nú standa útsölur yfir í búðunum og þótt ég geti alltaf fundið mér eitthvað smá til að kaupa á þeim þá get ég ekki beðið eftir nýjum vörum. Ég kann miklu betur að klæða mig á veturna enda elska ég stóra trefla, hlýjar peysur, leggings og úlpur. Sumarútsölur eru lang verstu útsölnar, finnst mér. Hvað á maður að gera við allt þetta skæra og kuldalega drasl? Nota það í einn mánuð eftir eitt ár? Ég held nú síður. Vetrarútsölur eru miklu betri því þótt maður kaupir sér hlýja peysu að vori til þá er vel hægt að nota hana á íslenskum sumardegum.

Ef skoðaðar eru tískulínurnar fyrir komandi vetur er vel hægt að finna nokkur atriði sem standa upp úr og er nauðsynlegt að eiga fyrir veturinn. Til dæmis eru breið belti yfir þápur mjög áberandi, litríkir og hressandi klútar í anda Balenciaga, skosk tartan-mynstur í þykkum og gerðarlegum efnum og sjóarastíllinn, eða „nautical“. Einnig væri gaman að eiga fallega en hlýja stuttermakápu sem fer ósköp vel með háum leðurhönskum, plísarað pils úr fallegu efni, stóra og fína skóla- eða vinnu-
tösku, þykkar og hlýjar sokkabuxur í öllum litum, innviðar pokabuxur, uppreimaða vetrarskó og svo fullt af þykkum og stórum treflum.

Mér finnst fólk almennt allt of feimið við að klæða sig nógu vel. Á unglingsárum mínum þótti það nánast hallærislegt að vera vel klæddur og ég man eftir örþunnri og stuttri nælonúlpu sem ég keypti mér á einn veturinn. Mér fannst ég rosa fín í henni en mætti með fjólubláar varir inn úr kuldunum. Núna hins vegar er ég frekar of vel klædd en hitt. Finnst hrikalega töff að vera með risastóran trefil eins og á meðfylgjandi mynd úr smíðju Dries Van Noten sem ég fjalla um hér á síðunni.



PALLIETTUJAKKI
Glæsilegur marglitað-
ur jakki við venjuleg-
an gráan bómullarbol
og víðar buxur.



DRIES VAN NOTEN Íþróttastíll í bland
við finlegan úr sumarlinnunni fyrir 2007.
Hér sést við hvít skyrta með uppþrettar
ermar og gulgrænt hárband úr finu
satinefni við.

Sportlegur glæsifatnaður

Belgíski hönnuðurinn Dries Van Noten er snillingur í að blanda formlegum og fínum stíl við hinn hversdagslega. Í sumarlinnu sinni fyrir 2007 kynnti hann eins konar sportklæðnað sem var þó ekki ætlaður til íþróttaiðkunar heldur var um að ræða íþróttafatnað úr einstaklega fínum og gerðarlegum efnum. Hælaskórnir sem hann paraði við voru eins og háhælaðir íþróttaskór en í bland við þetta allt voru palliettuajakkar og töffaraleg fördun.

Þessu útliti er alls ekki erfitt að ná. Sportlegir parka-jakkar, víðar stuttbuxur, bómullarbolir og kannski jafnvel töffaralegir, marglitaðir palliettuajakkar og eitthvað röndótt er það eina sem þarf. Litirnir eru flestir í daufari kantinum. Grár, ljósbrúnn, hvítur og svartur en í bland eru sterkir litir eins og gulgrænn, dökkbleikur og blár. Til að fullkomna þetta þarf svo hvít eða ljós sólgleraugu með dökku gleri.

- bor



GRÆNGULUR
Viður bóm-
ullarbolur
sem færi vel
undir fallegum
blazer-jakka.
Er á útsölu í
All Saints.

**FALLEG
SKYRTA**
Hvít með
fallegum
kraga og
ermalín-
ingum. Á
útsölu í
Noa Noa.



SPORTLEGIR
Sætir hvítir
háhælaskór
með reimum.
Fást í Bossa-
nova á útsölu.

**STUTTBUX-
UR** Víðar
og svolítið
sportleg-
ar. Fást á
útsölu All
Saints.



GLANSANDI FÍN Töffaralegur grár
blazer-jakki. Fæst á útsölu í All Saints.



SKYRTA Falleg röndótt stuttermar-
skyrta. Er á útsölu í Sand Kringlunni.



BLAZER Hrikalega flottur rönd-
óttur blazer-jakki sem fæst í
Karen Millen á útsölu.

BRJÁLÆDISLEGA SVÖL

ÞESSAR 8 KONUR MUNU
HITTA Í BRJÁLADAN MANN

KURT RUSSELL

JENTIN TARANTINO

**"DEATH
PROOF"**

FRUMSÝND
18.07.07

SENDU SMS JA DPF
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
MÍÐA FYRIR TVO!
FLOTTIR AUKAVINNINGAR Í BÓTI!

9. HVER
VINNUR

SMS
LEIKUR

BIOMIDI

16

Ekki við hæfi
yngri en 16 ára

Vinnugar verða afhendir hjá BT Smáhandl. Kopavog. Með því að taka þátt eru bornimi SMS klárb. 99 kr/skeytib.

Útsalan í fullum gangi

40%
afsláttur af
öllum vörum

NEXT

sími 551 3200



LEIKARAR FRAMTÍÐARINNAR Magnús Guðmundsson

Föðurhlutverkið draumahlutverkið

Níu leikarar útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir skemmstu og er þess ábyggilega ekki langt að bíða að andlit þeirra verði Íslendingum að góðu kunn. Á síðustu dögum hafa þessir nýjustu leikaralandsins setið fyrir svörum hjá Fréttablaðinu. Þetta er Magnús Guðmundsson.

Aldur: 26 ára.
Draumahlutverkið? „Föðurhlutverkið! Ætli það sé ekki besta hlutverkið.“
Hverjum er það að kenna að þú fórst í leiklist? „Skúli frændi á heidurinn að því. Hann fékk mig til að keyra hljóðið í Galdrakarlinum í Oz árið 1996 í Leik-

félagi Kópavogs. Þar smitaðist ég.“
Besta æskuminningin? „Ég átti frá-bæra æsku ... ég man bara ekkert eftir henni!“
Þú sérð gamla konu missa 5.000 kall. Hvað gerir þú? „Ef ég á að vera hreinskilinn þá færi það algerlega eftir skapi, en ég býst nú við að ég myndi pikka í hana og skila honum.“
Sáttur við nýju ríkisstjórnina? „Ég skal svara þegar komin er reynsla á hana.“
Hvar er best að vera? „Uppi í rúmi, það býður upp á svo marga góða möguleika.“
Myndir þú koma nakinn fram? „Tilgangslaus nekt getur farið óstjórn-

lega í pírurnar á mér en þegar hún hefur tilgang þá er hún það flottasta í heimi. Svo að ef það er tilgangur með því að sýna mig berrassaðan, þá já.“
Hvers getur þú síst verið án? „Ég lenti í því um daginn að vera án tölvu og gamsa, það var voðalega erfitt, eins fátánlegt og það er að svara því við þessari spurningu.“
Hefur þú kysst einhvern af sama kyni? „Haha! Já, það hef ég gert. Bjarni, ég elska þig.“
Versta starf sem þú hefur unnið? „Ég læt mér nú flest lynda en ungl-ingavinnan í rigningu var ekkert fjör.“
Ef þú værir síamstvíburi, hver ætti



MAGNÚS GUÐMUNDSSON Er ennþá að basla við að klára Da Vinci lykilinn.

að vera fastur við þig? „Einhver skemmtilegur, annars semur mér ágætlega við bróður minn. Já, ég vil hann.“

Hvað þarf mörg hrísgrjón til að mynda hrúgu? „Sex auðvitað.“

Hvar pantar þú pitsuna þína? „Hjá Önnu Svövu, hún býr til bestu pitsur í heimi.“

Vill ekki fækka fötum

Orlando Bloom neitar því að hann ætli að fækka fötum í nýju hlutverki hans á leiksviði. Bloom stígur fyrstu skref sín á West End síðar í mánuðinum. Hann segir þó ekkert hæft í því að hann ætli að feta í fótspor Daniels Radcliffe og fara úr öllu á sviðinu. „Ég hef heyrt að fólk telji að ég verði nakinn þarna. En þeir sem hafa lesið handritið sjá að það er hvergi neitt tækifæri til þess. Þetta er út í hött,“ segir hinn þríttugi Bloom.

Leikritið sem um ræðir heitir In Celebration og er eftir David Storey. Ástæða þess að Bloom ákvað að reyna sig á sviði er sú að hann vill láta taka sig alvarlega sem leikara. „Mér fannst ég vera orðinn hálf tómur, ég er búinn að vera að leika í Pirates of the Caribbean síðan ég var 25 ára.“



Í FULLUM SKRÚÐA Orlando Bloom segir það ekki rétt að hann muni fækka fötum á leiksviði í London.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

24 verði að kvikmynd

Leikkonan Elisha Cuthbert er spennit fyrir því að gerð verði kvikmynd upp úr sjónvarpsþáttunum 24 að því tilskildu að persóna hennar verði meira áberandi en í þáttunum. Cuthbert leikur Kim Bauer, dóttur aðalpersónunnar Jacks Bauer sem Kiefer Sutherland leikur. „Það er klárlega tilefni til að gera mynd. Það veltur þó á því hvort



Kiefer þoli það! Greyið maðurinn er vera útkeyrður í hlutverki Jacks árum saman. Ég væri alveg til í að leika Kim í bíómynd en hún þyrfti að vera í stærra hlutverki en hún hefur verið,“ segir leikkonan kanadíska.

VILL LEIKA MEIRA Elisha Cuthbert er spennit fyrir því að gerð verði kvikmynd upp úr sjónvarpsþáttunum 24.



MÆTT Á STADINN David og Victoria Beckham brostu sínu blíðasta fyrir ljósmyndarana og létu athyglina ekki fara í taugarnar á sér.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



FJÖLMIÐLAFÁR Talið er að yfir þúsund blaðamenn frá öllum heimshornum hafi verið samankomin á flugvellið í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Í UPPÁHALDI HJÁ

LÖGGUNNI Meira að segja lögreglumennirnir á vakt í LA stóðust ekki mátið og tóku myndir af hjónunum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fjölmiðlasirkus á flugvellið í LA

David og Victoria Beckham fengu móttökur á borð við þjóðhöfðingja þegar þau mættu til Los Angeles í gærmorgun þar sem nú hefst nýr kafli í þeirra lífi.

Sannkallað Beckham-æði ríkir nú í Bandaríkjunum og mættu þúsundir trylltra aðdáenda á flugvöllinn til að reyna að bera þau augum. Skyggni aðdáenda var hins vegar takmarkað enda höfðu hundruð blaðamanna, ljósmyndara og myndatökumanna tekið sér stöðu fyrir framan þá til að ná öllum herlegheitunum á filmu. „Þetta er stærsta samkoma fjölmiðla sem verið hefur í Bandaríkjunum frá

því 11. september,“ sagði einn skipuleggjandanna á flugvellið.

Sannkallað fjölmiðlafar ríkti á flugvellið og mátti litlu muna að upp úr syði. Fjölmiðlamennirnir nánast slögust um bestu staðsetningarnar á þeim 50 metra stíg sem vitað var að Beckham-hjónin myndu ganga úr flugstöðinni og inn í bifreið sem beið þeirra. David og Victoria voru hin almennilegustu þegar þau loksins komu úr flugstöðinni og brostu og veifuðu til myndavélanna. Öskur aðdáendanna heyrðust í fjarska. „Hann er fallegur og hann er besti fótbolta- maður í heimi. Ég elska hann,“ var haft eftir Dionne, 15 ára stúlku sem hefur beðið í tæp þrjú ár eftir því að sjá Beckham með eigin augum.

Hundur sem lítur út eins og teiknimyndafígúran Hulk

Kanadískir vísindamenn klóra sér í hausnum þessa dagana yfir kanadískum veðhlaupahundi, Wendy, sem sker sig heldur betur frá öðrum af sinni tegund. Wendy fæddist með genetískan galla sem veldur því að vöðvar hennar eru tvöfalt og jafnvel þrefalt stærri og sterkari en í venjulegum veðhlaupahundi og hefur hún nú fengið gælunafnið „Hulk“ á heimili sínu, með skírskotun í græna vöðvabútið sem flestir unndendur teiknimyndasagna ættu að kannast við.

„Fólki dettur helst Arnold Schwarzenegger í hug þegar það sér hana,“ segir eigandinn Ingrid Hansen. Hún segir hundinn sinn ljúfan sem lamb í umgengni og að hann geri sér enga grein fyrir kröftunum sem hann hefur fram yfir kollega sína. „En hún er hamingjusöm og það er það eina sem skiptir máli.“

Wendy er helmingi þyngrri en „eðlilegur“ veðhlaupahundur og hafa vísindamenn gert á henni alls kyns rannsóknir til að finna út hvaða

genagalli það er sem veldur þessum vöðvum Wendyar. Enn sem komið er hefur engin hald-bær skýring komið fram, en þó er ljóst að kraftarnir taka sinn toll og mun hún ekki lifa eins lengi og aðrir hundar af sinni tegund.




ÓTRÚLEGIR VÖÐVAR Ef hundar myndu keppa í vaxtarækt verður Wendy að teljast líklegur sigurvegari. Hún er helmingi þyngrri en aðrir hundar af sinni tegund og með allt að þrefalt stærri og sterkari vöðva.



NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI



SUMAR **Svali**
SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
#meðan birgðir endast



Opnar
í dag

TÓNLIST

Íslensk tónlist
- erlend tónlist - klassík - jazz

Grid of music CD/DVD covers with prices:

- KR. 499
- KR. 699
- KR. 1499
- KR. 999
- KR. 899
- KR. 499
- KR. 999
- KR. 1499
- KR. 1299
- KR. 1599
- KR. 999
- KR. 999
- KR. 1299
- KR. 1499
- KR. 699
- KR. 1299
- KR. 1299
- KR. 1999
- KR. 899
- KR. 1299

Dú sundir
titla í boði

TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

KR. 899
HVER MYND

Grid of game/DVD covers with prices:

- KR. 1999
- KR. 1499
- KR. 1999
- KR. 1999
- KR. 999
- KR. 999
- KR. 1999

Nóg af
bílastæðum

OPHD 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

NÝTT Í BÍÓ! **LÚXUS**

HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX 10

TAXI 16

EVAN ALMIGHTY L

DIE HARD 4.0 14

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

HARRY POTTER	kl. 12-1-3-4-6-7-9-10	10	TAXI 4	kl. 3-6-8-10	14
HARRY POTTER LUXUS	kl. 12-3-6-9	10	THE LOOKOUT	kl. 3-5:50-8-10:10	14
EVAN ALMIGHTY	kl. 12-2-4-6-8-10	10	DIE HARD 4.0	kl. 3-5:30-8-10:40	14
DIE HARD 4.0	kl. 2-5-8-10:45	14	PREMONITION	kl. 3-5:45	12
			FANTASTIC FOUR 2	kl. 10:45	
			DEATH PROOF FORSYNING	kl. 8	16

REGNBÖGINN Sími 551 9000

TAXI 4	kl. 4-6-8-10	16	1408	kl. 8-10	16
1408	kl. 3:40-5:50-8-10:10	16	EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8	10
DIE HARD 4.0	kl. 5:15-8-10:45	12	DIE HARD 4.0	kl. 5:40-10	14
			FANTASTIC FOUR 2	kl. 4	

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919

TAXI 4	kl. 4-6-8-10	16	1408	kl. 8-10	16
1408	kl. 3:40-5:50-8-10:10	16	EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6-8	10
DIE HARD 4.0	kl. 5:15-8-10:45	12	DIE HARD 4.0	kl. 5:40-10	14
			FANTASTIC FOUR 2	kl. 4	

MIDASALA á midi.is BÍÓ,IS

Hafdís Huld á heimaslóðir

Tónlistarkonan Hafdís Huld Prastardóttir heldur langþráða tónleika hér á landi í Salnum í Kópavogi 9. ágúst næstkomandi. Hafdís gaf út fyrstu sólóplötu sína í fyrra. Platan hét Dirty Paper Cup og var henni almennt vel tekið. Stíf dagskrá við kynningu plötunnar í Bretlandi og um Evrópu hefur hingað til komið í veg fyrir tónleikahald hér á landi, þó að Hafdís hafi í viðtali við Fréttablaðið lýst miklum áhuga þar á, en nú verður gerð bragarbót þar á.

Í fréttatilkynningu kemur fram að auk ýmissa tónleika í Bretlandi hafi Hafdís spilað á stórum tónlistarhátíðum í Evrópu með hljómsveit sinni. Má þar nefna Glastonbury og In the City. Auk þess hafi hún hitað upp fyrir þekktu tónlistarmenn á borð við Mika og Paolo Nutini.

Miðasala á tónleika Hafdísar Huldar í Salnum er hafin á Miði.is og Salurinn.is. Miðaverð er 2.000 krónur. Tónleikarnir fara eins og áður segir fram fimmtudagskvöldið 9. ágúst og hefjast klukkan 20.30.

HAFDÍS SNÝR HEIM Söngkonan Hafdís Huld Prastardóttir heldur fyrstu tónleika sína á Íslandi eftir útgáfu fyrstu plötu hennar. Þeir verða í Salnum í Kópavogi 9. ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Stofnaði leikfélag í London

Vala Ómarsdóttir hefur lagt stund á leiklistarnám bæði í New York og London. Hún hefur stofnað leikfélag ásamt tveimur skólasystur sínum og tekur upp sýningar á einleikum What Now, Maddid? í haust.

Eftir grunnám í leiklist í New York fór Vala Ómarsdóttir í mastersnám í leiklist og því sem hún nefnir leiklistarskópun í Central School of Speech and Drama í London. Að námi loknu stofnaði hún leikfélagið Maddid ásamt tveimur skólasystur sínum, annarri breskri og hinnu norskri.



Einleikurinn What Now, Maddid? er annað verkefnið sem leikfélagið Maddid tekur sér fyrir hendur. „Við fengum gestaleikstjóra og dramaturg til að hjálpa okkur, en sömdum þetta samt allt sjálfar,“ sagði Vala. Í einleikum nýtir Vala sér líka danskunnáttu sína, en verkið fjallar um hina ungu Maddid, sem er að reyna að fóta sig í lífinu. „Við unnum verkið mikið á æfingum. Leikstjóri og höfundur horfa á spunavinnuna og við fáum hugmyndir hvert frá öðru. Ferlið getur verið svolítið langt, og það getur liðið langur tími þangað til að handritið er tilbúið. En þegar það er komið erum við líka komin vel á veg, og með sviðshreyfingar og slíkt á hreinu,“ útskýrði Vala.

Eftir fjórar sýningar í vor hefur Maddid fengið samning við leikhúsið The Space. Samningurinn felur í sér að leikfélagið getur sett upp sínar sýningar í húsnæði leikhússins og jafnframt nýtt það sem æfingaaðstöðu. „Það er rosalega gott að fá svoleiðis samning strax á fyrsta ári. Strögglið í London getur verið frekar erfitt, svo þetta er mjög ljós punktur. Þetta er ákveðið öryggi,“ sagði Vala.

Leikfélagið á sem stendur í samningaviðræðum við tvö stærri leikhús í London um uppsetningu á What now, Maddid? í haust. „Við erum að vinna í því og bara að halda áfram að þróa Maddid. Stelpan í einleikum er svolítið skemmtilegur karakter og kompaníið heitir náttúrulega það sama. Hún þróast og breytist með hverri sýningu og það sama gildir um okkur, við erum líka að þreifa okkur áfram með leikfélagið,“ sagði Vala.

FÓTAR SIG Í LONDON Í einleikum What Now, Maddid? leikur Vala Ómarsdóttir unga stúlku sem reynir að fóta sig í lífinu. Á sama tíma þreifar Vala sig áfram með leikfélagið sem hún stofnaði ásamt tveimur skólasystur sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SAMBÍÓ www.SAMbio.is (575 8900) midi.is

HARRY POTTER AND THE ORDER OF THE PHOENIX UPPREISNIN ER HAFIN

EVAN ALMIGHTY

ÁLFABAKKA

HARRY POTTER 5	kl. 2-3:30-5-6:30-8-9:30-11	10	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-4-6	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	10	SHREK 3 M/- ENSKU TAL	kl. 8-10:10	L
HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	10	OCEAN'S 13	kl. 10:10	7
EVAN ALMIGHTY	kl. 2-4-6-8-10:10	L	PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4	10
BLIND DATING	kl. 8	10			

KRINGLUNNI

HARRY POTTER 5	kl. 2:15-4-5:15-7-8:15-10-11:15	10	HARRY POTTER 5	kl. 2-4-6-8-10	10
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-4	L	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2	L
SHREK 3 M/- ENSKU TAL	kl. 6	L			
PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 8	10			
OCEAN'S 13	kl. 11:15	7			

AKUREYRI

HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	10	HARRY POTTER 5	kl. 2-5-8-11	10
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-8	L	EVAN ALMIGHTY	kl. 4-8	L
SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-6	L	SHREK 3 M/- ISL TAL	kl. 2-6	L
DIE HARD 4	kl. 10	14	DIE HARD 4	kl. 10	14

KEFLAVÍK

SPARBÍÓ 450 kr

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

www.SAMbio.is

SHREK 3 M/- ISL TAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA, KEFLAVÍK OG Á AKUREYRI

EVAN ALMIGHTY KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Í KEFLAVÍK

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

1408 kl. 6, 8 og 10 16

EVAN ALMIGHTY kl. 2, 4, 6, 8 og 10 L

DIE HARD 4.0 kl. 7.30 og 10 14

SHREK 3 íslenskt tal kl. 2, 4 og 5.45 L

ÚTI ER ÁVINTÝRI kl. 2 og 4 (450 kr.) L

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með þessu!

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

EVAN ALMIGHTY ATH. SÝND KL. 2

SHREK HINN DRIDJI ATH. SÝND KL. 2

ÚTI ER ÁVINTÝRI

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Í ruddalegum skóm

Kvikmyndaleikstjórinn David Lynch vakti mikla athygli gesta á opnun ljósmyndasýningar hans og skóhönnuðarins Christian Louboutin, Fetish. Nær allir gestirnir klæddust hinum víðfrægu skóm Louboutins sem þekkjast á eldrautum sóla. David Lynch fór þó sínar eigin leiðir sem endranær. Hann klæddist gömlum ferðamóðum Rockport-skóm sem teljast seint til hátískuvöru. Algengara er að menn klædist Rockport-skóm á truckastoppistöðvum eða hjólhýsaslóðum en á hátísku ljósmyndasýningum.

DAVID LYNCH Hann lét sér fátt um finnst á sýningaropnun hans og skóhönnuðarins Louboutin og klæddist ruddalegum Rockport-skóm.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Meg Ryan er svolítið fyrir yngri menn og fyrir nokkru voru uppi sögusagnir um að eitthvað væri á milli hennar og **Matthew Perry** en hann er nærri því tíu árum yngri en hún. Nú hefur Ryan verið að kyssa hinn 27 ára gamla **Adam Brody**. Það er reyndar ekki eins spennandi og það hljómar því þau eru að leika saman í kvikmynd. Brody viðurkenni að hafa verið stressaður: „Það var svolítið ógnvekjandi þegar ég fór að hugsa um alla stórleikarana sem hún hefur leikið á móti. Vonandi var hún ekki vonsvikin af því að ég er ekki **Russell Crowe** eða **Tom Hanks**.“



Victoria Beckham er mikil fjölskyldu-manneskja en hefur viðurkennt að einu sinni hafi hjónabandið staðið á brauðfótum. Það er þegar **Rebecca Loos**-málið var sem heitast en hún fullyrti það í fjölmiðlum að hafa haldið við **David Beckham** fyrir þremur árum síðan. „Ég ætla ekki að ljúga, þetta var mjög erfiður tími. En við David komumst í gegnum þetta saman, enginn sagði að hjónaband ætti að vera auðvelt. Við komum út úr þessu ennþá sterkari og hamingjusamari,“ sagði Victoria.



Jessica Simpson er alvöru kona að eigin sögn og hefur ekki farið í neinar lýtaaðgerðir. „Fólk hefur sagt að ég hafi látið laga kjálkann eða fengið mér sílíkon. En ég er mynduð hvern einasta dag ævinnar og aldrei hef ég sést með neins konar umbúðir,“ sagði Jessica. „Ég hef ekki farið í lýtaaðgerð. Hins vegar eftir að ég eignast börn myndi ég alveg láta laga brjóstin ef þau myndu síga niður að nafli. En núna eru þau alveg náttúruleg.“



Öldurnar virðist ekki ætla að lægja hjá **Britney Spears** og nú á hún víst í vandræðum með fyrrum eiginmanninn, **Kevin Federline**. Hann neitar að skrifa undir skilnaðarpappírana og sigaði barnaverndarnefnd á hana í síðustu viku. Heimili söngkonunnar þykir víst ekki nógu öruggt fyrir litlu drengina og ekkert kemur í veg fyrir að þeir detti ofan í sundlaugina. Britney hefur því sett sína risastóru höll á sölu.



Playstation 3

FULLKOMNASTA AFBREYINGAR- OG LEIKJAKERFI Í HEIMI

Ninja Gaiden Sigma

Aðeins á PS3

Harry Potter & Fönixreglan

Transformers

Sjáðu myndræna spilaðu leikinn

Darkness

20. júlí

Motorstorm

Aðeins á PS3

Resistance Fall of Man

Aðeins á PS3

Heavenly Sword

September

Aðeins á PS3

Singstar

September

Aðeins á PS3

GTA VI

Október

LAIR

Október

Aðeins á PS3

◀ VÆNTANLEGIR

BYLTING Í SKEMMTUN
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN!

PLAYSTATION 3

- PlayStation 3 er engri lík - fullkonnasta afbreytingar- og leikjakerfi heims
- Upplifðu nýja tíma í spilun tölvuleikja - hágæða mynd- og hljóðgæði, raunverulegri en nokkru sinni áður. Meira en 30 leikir fáanlegir frá fyrsta degi
- PlayStation 3 er einnig fullkonninn BD (Blu-ray disc) spilar (sem einnig spilar DVD myndir) - að horfa á kvikmyndir í háupplausn heima er nú loks raunhæfur möguleiki
- Hágæða 1080p myndgæði sem ekki er hægt að toppa - myndgæðin eru ótrúlega skýr
- Þráðlausir stýringarnir með hreyfiskynjurum og frumleg stýring leikja gerir öllum kleift að taka þátt og njóta
- Innbyggður harður diskur (60GB) til að geyma kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir og leiki - hafðu allar skrárnar þínar á einum stað
- Kannaðu helm afbreytingar á netinu í sófanum heima - vafraðu um netið og upplifðu hvernig það er að spila tölvuleiki við fólk allsstaðar í heiminum. Tenging í gegnum þráðlaust net
- Spilaðu gömlu leikina - PlayStation 3 spilar fleiri þúsundir PS one og PlayStation 2 leikja
- Einstakir tengimöguleikar við PSP (PlayStation Portable) - deildu efni, opnaðu og uppgötvaðu nýja möguleika í spilun tölvuleikja, hvort heldur þú sért heima eða á ferðinni

okkar heimur // þín skemmtun

> Allt of dýr fyrir Boro

Það lítur út fyrir að Grétar Rafn Steinsson geri nýjan fjögurra ára samning við hollenska liðið AZ Alkmaar en Grétar Rafn er allt of dýr fyrir Middlesbrough, sem hefur verið á eftir íslenska landsliðsmanninum að undanförunum. AZ vill fá um fjórar milljónir punda fyrir Grétar, um 490 milljónir íslenskra króna, en enska liðið er einungis tilbúið að borga helming þeirrar upphæðar. Grétar er ánægður í Hollandi og því verður einhver bið á því að hann skelli sér í enska boltann.

sport
sport@frettabladid.is



KVENNALIÐ STJÖRNUNNAR SKIPTIR UM ÞJÁLFA: HUGI HALLDÓRSSON TEKUR VIÐ AF JÓHANNESI SIGURSTEINSSYNI

Er því miður ekki hluti af nýjustu seríu „Tekinn“

Stjarnan ákvað í gær að reka þjálfara kvennaliðsins, Jóhannes Karl Sigursteinsson, úr starfi en árangur Stjórnuliðsins hefur ekki staðið undir væntingum í sumar og tapið í bikarnum gegn Fjölni á fimmtudag var kornið sem fyllti mælinn. Við starfi Jóhannesar tekur aðstoðarmaður hans síðustu ár, Hugi Halldórsson, sem er alþjóð að góðu kunnur fyrir þátttöku sína með „Strákonum“.

„Það eru aldrei góðar fréttir þegar einhver er rekinn úr vinnunni sinni og ég get nú ekki sagt að ég sé sáttur við þessa ákvörðun stjórnarinnar og í raun er ég frekar ósáttur við hana. Ég sé ekki betur en það sé verið að reka bara til að reka,“ sagði Hugi, sem var ekki á því að þiggja starfið í fyrstu en lét að lokum tilleiðast.

„Ég vildi ekki skilja stelpurnar eftir þjálfaralausar og ákvað að klára sumarið. Hvað svo verður veit ég ekki. Það verða engar róttækar breytingar við þessi þjálfarskipti enda mun ég halda áfram að spila sama leikkerfi og annað. Ég tel að vandamálið hafi ekki legið hjá þjálfaranum heldur hjá leikmönnum sem þurfa að taka til í hausnum á sér. Við erum með toppleikmenn, toppaðstöðu og annað en við skilum ekki réttum úrslitum. Þetta er svipað og hjá KR nema KR rekur ekki þjálfarann. Þar hafa menn

trú á verkefninu,“ sagði Hugi og óánægja hans með þessa framvindu mála leyndi sér ekki.

Hugi hefur tekið þátt í gerð sjónvarpsþáttarins „Tekinn“ með félaganum Auðunni Blöndal og hann segir að því miður sé þetta ekki hluti af nýrri seríu þáttarins.

„Nei, það er það því miður ekki. Þetta er grafalvarlegt mál og langt frá því að vera grín,“ sagði Hugi alvarlegur. Hann er þekktur fyrir ótrúleg uppátæki á skjánum en sömu fíflalætin eru ekki til staðar þegar hann þjálfar. „Heldur þú að Laddi sé í gervi Elsu Lund þegar hann kemur heim til sín? Ég er í hlutverki í sjónvarpinu og í öðru og alvarlegra hlutverki þegar ég þjálfar,“ sagði Hugi.



GAMLI FÉLAGAR Alfred þjálfaði Kretschmar lengi hjá Magdeburg.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Kveðjuleikur Kretschmars: Alfred og Óli með í leiknum

HANDBOLTI Einn skrautlegasti handboltakappi allra tíma, Þjóðverjinn Stefan Kretschmar, leggur skóna endanlega á hilluna í dag þegar hann leikur kveðjuleik sinn í Bördelandhalle í Magdeburg. Kretschmar hefur leikið með félaginu um árabíl og var óhemju vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins og það lýsir sér best í því að uppselt var á leikinn á innan við klukkutíma.

Í kveðjuleiknum mun stjórnulið Kretschmars mæta liði Magdeburgar. Í liði Kretschmars verða ekki ómerkari menn en Ólafur Stefánsson, Magnus Wislander, Lars Christiansen og Nenad Perunicic svo einhverjir séu nefndir. Þjálfararnir sem taka síðan þátt í leiknum eru Alfred Gíslason, Heiner Brand, landsliðsþjálfari Þjóðverja og Noka Serdarsusic, þjálfari Dýskalands- og Evrópumeistara Kiel.

- hbg



Í 1. DEILD Blikar verða ekki með lið í efstu deild kvenna í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express deild kvenna: Breiðablik þiggur ekki sætið

KÖRFUBOLTI Breiðablik mun ekki senda lið til leiks í Iceland Express deild kvenna og þar með eru liðin aðeins sjö í deildinni. Breiðablik féll úr deildinni í vor en samþykkt var að fjölga liðum úr 6 upp í 8 á Ársþingi KÍÍ í vor.

Á heimasíðu Breiðabliks kemur fram að stjórn körfuknattleiksdeildar Breiðabliks hafi ákveðið þetta á fundi. „Við áttum góðan fund með stelpunum þar sem þetta varð niðurstaðan. Við erum að fá stelpur sem eru uppalda í félaginu og vilja taka fram skóna á nýjan leik og spila í 1. deildinni sem er mikið fagnaðarefni. Við höldum ótraud áfram uppbyggingu kvennaflokkanna í Breiðabliki og verðum með fimm flokka næsta vetur en vorum með fjóra síðasta vetur,“ sagði Pétur Hrafn Sigurðsson, formaður deildarinnar, í viðtali við heimasíðu Breiðabliks.

- óbj

Gat ekki verið erfiðara fyrir FH

Topplið Landsbankadeildar karla drógust saman í átta liða úrslitum VISA-bikars karla. Valsarinn Helgi Sigurðsson og FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson bíða spenntir eftir leiknum. Í undanúrslitunum hjá konunum er einnig stórleikur á milli erkifjendanna í Breiðabliki og KR.

FÓTBOLTI Boðið verður upp á risaslag í átta liða úrslitum VISA-bikars karla mánudaginn 13. ágúst þegar Valsmennfá Íslandsmeistara FH í heimsókn í Laugardalinn.

Hinir tveir úrvalsdeildarslagirnir eiga það líka sameiginlegt að liðin mætast einnig í deildinni á svipuðum tíma. Fylkir og ÍA spila á Árbænum í bikarnum 12. ágúst og mætast síðan uppi á Skaga fjórum dögum síðar í deildinni. Keflavík fær Breiðablik í heimsókn í deildinni 9. ágúst en fer síðan í Kópavoginn þremur dögum síðar í bikarnum. Lokaleikur átta liða úrslitanna er síðan á milli 1. deildarliðs Fjölnis og 2. deildarliðs Hauka og það er því ljóst að neðri-deildarlið kemst í undanúrslit.

FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson fagnar því að fá stórleik í næstu umferð.

„Það er frábært að fá svona stórleik. Menn vildu kannski fá þessi lið í úrslitaleikinn en það er fullt af góðum liðum eftir þannig að það verður án efa einhver góður úrslitaleikur,“ segir Tryggvi en FH-liðið gat hugsanlega ekki

fengið erfiðara verkefni. „Þetta var enginn draumadráttur en það er ágætt að fá tækifæri til að hefna tapsins fyrr en við ætluðum okkur. Við vorum yfirspilaðir og lélegri en Valur í þeim leik og kannski kom sá leikur okkur eitthvað niður á jörðina,“ segir Tryggvi, sem er staðráðinn eins og aðrir FH-ingar í að ná loksins í bikarinn.

„Ég myndi halda að hungrið í bikarinn ætti að vera mikið í mönnum þar sem við höfum verið nálægt því að fara alla leið í nokkur ár en illa hefur gengið. Það væri mjög gaman að fá að taka þátt í úrslitaleiknum.“ Tryggvi var að vonast eftir því að fá nágrannaslag við Hauka. „Ég hefði viljað sjá FH og Hauka mætast til að fá að upplifa „derby-slag“ en það er enn möguleiki á því,“ sagði Tryggvi að lokum.

„Það gat ekki verið erfiðara fyrir FH,“ sagði Valsarinn Helgi Sigurðsson í léttum tón og bætti við: „Þetta verður hörkuleikur og góður leikur fyrir áhorfendur en ég held þó að hvorugt liðið hafi



TRYGGVI GUÐMUNDSSON OG HELGI SIGURÐSSON Verða í lykhlutverkum í stórleik átta liða úrslita VISA-bikars karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



viljað að þau mættust svona snemma. Fyrst svo er var mikilvægt að fá heimaleikinn. Það var aðalatriðið því þar eigum við að geta unnið öll lið. Mig grunaði samt fyrir fram að við myndum fá FH,“ sagði Helgi. Valsmenn eru eina liðið sem hefur unnið FH í sumar en þeir unnu 4-1 í deildinni á dögum.

„Við eigum von á erfiðum leik og sá næsti verður miklu erfiðari en sá síðasti. Það er ekki oft sem FH-ingar þurfa að hefna ófara frá því síðast en það er ágætt að fá að sjá hvernig þeir bregðast við því. Við erum alveg klárir í leikinn en

það er það langt í hann að við erum ekkert byrjaðir að hugsa út í þetta. Við einbeitum okkur að deildinni núna en svo einbeitum við okkur að þessum leik þegar kemur að honum,“ sagði markahæsti leikmaður Landsbankadeildar karla í sumar.

Einnig verður stórleikur í undanúrslitum kvenna þegar Breiðablik fær KR í heimsókn en Blikar slógu Íslands- og bikarmeistara Vals út í fyrirakvöld. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast síðan Keflavík og Fjölnir suður með sjó.

ooj@frettabladid.is



DRÓGU FH Valsmennirnir Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar, og Björgvin, stuðningsmaður númer eitt, sjást hér draga FH upp úr pottinum en liðin komu fyrst upp úr pottinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Liðin í Landsbankadeildunum skora fyrir gott málefni í næstu umferð:

FH og Fylkir eru enn á núllinu

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH-inga og Fylkismenn fá um helgina annað tækifæri til þess að skora fyrir gott málefni en Landsbankinn heitir 30.000 krónum fyrir hvert mark sem leikmenn Landsbankadeildarinnar skora í 10. umferð karla um helgina og 9. umferð kvenna sem leikin er föstudaginn 27. júlí.

FH og Fylkir gerðu markalaust jafntefli í 5. umferð en í þeirri umferð hét Landsbankinn einnig 30.000 krónum fyrir hvert mark. Skagamenn skiluðu mestu en þeir skoruðu þrjú mörk gegn KR og gáfu 90 þúsund krónur til Geðhjálpar en áheiti Landsbankans renna til málefna sem liðin hafa sjálf valið. Hvert lið valdi sitt málefni og því

munu alls nítján málefni njóta góðs af áttakinu.

Bankinn tryggir að hvert málefni fái að minnsta kosti 30.000 krónur taktist einhverju liði ekki að skora.

Fyrri hluti áttakins Skorað fyrir gott málefni fór fram fyrir í sumar og þá skoruðu leikmenn samtals 38 mörk. Konurnar stóðu sig öllu betur, skoruðu 25 mörk og söfnuðu 750.000 krónum. Karlarnir skoruðu á hinn bóginn 13 mörk og söfnuðu 390.000 krónum.

Kvennalið KR skilaði mestu en fimm mörk vesturbærstelpna þýddu að 150 þúsund krónum runnu til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

- óbj



FAGNA ÞEIR Í DAG? FH-ingar skoruðu þrjú mörk í fyrri leiknum gegn ÍA. Endurtaki þeir leikinn í dag skilar það 90 þúsund krónum til góðs málefnis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spænska úrvalsdeildin:

Stórslagur í fyrstu umferð

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að spænska deildin byrji með látum helgina 25. til 26. ágúst. Spænsku meistararnir í Real Madrid fá þá nágranna sína í Atletico í Bernabeuleikvanginn.

Þetta verður fyrsti deildarleikur Real undir stjórn Þjóðverjans Bernd Schuster en liðið verður þá búið að spila í spænska ofurbikarnum þar sem það mætir Sevilla í tveimur leikjum, 11. og 19. ágúst.

Eiður Smári Guðjohnsen, Thierry Henry og félagar í Barcelona mæta Racing Santander í fyrsta leik. Fyrri risaslagur Real og Barca verður á Nou Camp á Þorláksmessu en sá síðari á Bernabeu 7. maí.

- óbj



HEFUR TRÚ Á ARSENAL Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. NORDICPHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

Arsenal verður betra án Henry

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, stjóri Englandsmeystara Manchester United, segir að Arsenal verði betra á næsta tímabili en því síðasta þrátt fyrir að liðið sé búið að missa Thierry Henry.

Arsenal endaði í 4. sætinu í vetur, 21 stigi á eftir United, en liðið hefur aldrei endað neðar síðan Arsene Wenger kom til liðsins haustið 1996.

„Ég sannfærður um að Arsenal verði meðal efstu fjögurra liðanna þrátt fyrir að hafa misst Henry. Það var kominn tími fyrir hann að fara. Arsene vissi það og ég held að liðið verði betra án hans,“ sagði Skotinn sigursæli í gær. Arsenal spilar í dag sinn fyrsta leik eftir brottför Henrys þegar liðið mætir Barnet í æfingaleik.

- óóó

FC Kaupmannahöfn:

Verður að spila í Jerúsalem

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu hefur skikkað danska liðið FC Kaupmannahöfn til þess að fara til Ísrael og spila þar við Beitar Jerúsalem í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í næstu viku.

Danirnir óttast mikið um öryggi sitt en stuðningsmenn Beitar eru þekktir fyrir allt annað en þróðmannlega framkomu á pöllunum. Fyrr á árinu var félagið dæmt í bann eftir að allt sauð upp úr í heimaleik gegn Hapoel Petah Tikva í ísraelsku deildinni.

Fimmtíu manns slösuðst í átökunum, þar af fimm alvarlega, og hundruð stuðningsmanna ruddust inn á leikvöllinn. UEFA segir það sem gerist í deildunum heima fyrir ekki hafa nein áhrif á alþjóðlega leiki liðsins og því komi ekkert í veg fyrir að spilað verði í Jerúsalem.

- óóó



MÆTTIR Ryan Babel og Yossi Benayoun með stjóranum. NORDICPHOTOS/AFP

Liverpool keypti tvo í gær:

Benitez bætir enn í sóknina

FÓTBOLTI Enska liðið Liverpool er á fullu að styrkja sig og í gær kynnti félagið tvo nýja leikmenn. Þetta eru ísraelski miðjumaðurinn Yossi Benayoun (27 ára) og hollenski sóknarmaðurinn Ryan Babel (20 ára).

Benayoun var keyptur frá West Ham fyrir úppgæfna upphæð og gerði samning til 2011 en Babel kom frá Ajax fyrir 17 milljónir evra, um 1,4 milljarða íslenskra króna, á fimm ára samningi.

Babel verður í treyju númer 19 en hann var lykilmáður í hollenska 21 árs landsliðinu sem varð Evrópumeistari á dögnum. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, er því heldur betur búinn að styrkja sóknina því hann var þegar búinn að fá þá Andriy Voronin og Fernando Torres á Anfield.

- óóó

Handknattleikssamband Evrópu dæmdi Daniel Narcisse í hag í máli hans gegn Gummersbach:

Gummersbach mun áfrýja niðurstöðunni

HANDBOLTI Handknattleikssamband Evrópu dæmdi fyrir helgi í máli Frakkans Daniel Narcisse gegn Gummersbach. Narcisse taldi sig lausan allra mála hjá þýska félaginu og hafði ákveðið að ganga í raðir síns gamla félags, Chambéry í Frakklandi. Því var Gummersbach ekki sammála þar sem ákvæði var í samningnum um að hægt væri að framlengja hann.

Alfred Gíslason, þjálfari Gummersbach, segir niðurstöðuna hafa komið félaginu á óvart og að það muni áfrýja dómnum.

„Það hafa verið tvö svipuð mál í gangi hér í Þýskalandi, eitt í handboltnum og annað í

fótboltnum, og þar var í bæði skiptin dæmt félögunum í hag. Þetta mál fer lengra,“ sagði Alfred. Narcisse var búinn að ganga frá munnlegu samkomulagi um að vera áfram áður en honum snerist hugur að því er Alfred segir.

„Ef dómurinn stendur gæti það haft áhrif á samninga annarra leikmanna en það er óþarfi að hugsa svo langt núna þar sem ég á frekar von á því að dómurinn breytist aftur,“ sagði Alfred, sem engu að síður býst ekki við Narcisse í leikmannahópi félagsins á næstu leiktíð, en Gummersbach vill fá sanngjarna greiðslu frá Chambéry fyrir leikmanninn.

- hbg



Á FÖRUM Róbert Gunnarsson og Daniel Narcisse hafa líklega leikið sinn síðasta leik saman með Gummersbach. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

10. UMFERÐ

LANDSBANKAÐEILD KARLA			
lau.	14. júlí	kl. 16:00	FH – IA
sun.	15. júlí	kl. 19:15	Keflavík – KR
mán.	16. júlí	kl. 19:15	Fylkir – Breiðablik
mán.	16. júlí	kl. 19:15	HK – Víkingur R.
mán.	16. júlí	kl. 20:00	Fram – Valur

Komdu og sjáðu gullmörkin!

Fyrir hvert einasta mark sem skorað verður í 10. umferð karla greiðir Landsbankinn 30.000 kr. Framlagið rennur til góðra málefna sem félögin velja sjálf. Leikmenn í Landsbankadeild kvenna munu skora fyrir gott málefni í næstu umferð kvennadeildarinnar, 27. júlí.

Aðsókn á leiki Landsbankadeildarinnar hefur aldrei verið eins góð og í sumar.

Komdu á völlinn og hvettu þitt lið til góðra verka!

Sjá nánar á www.landsbanki.is

LANDSBANKAÐEILDIN



STEINLÁGU Chile réð ekkert við Brasilíu enda glímdu sex leikmenn liðsins líklega við timburmenn eftir að hafa farið út á lífið fyrir leikinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Suður-Ameríkukeppnin:

Dýr drykkja hjá Chile-mönnum

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Chile tók hart á því þegar sex landsliðsmenn fóru út á lífið í miðri Suður-Ameríkukeppninni í fótbolta.

Leikmennirnir sem um ræðir drukku sig blindfulla og brutu síðan allt og brömluðu þegar þeir komu til baka á hótelið. Meðal þeirra var fyrirliði liðsins, Jorge Vargas, en í kjölfarið tapaði Chile 6-1 fyrir Brasilíu í átta liða úrslitum keppinnar.

Allir leikmennirnir voru settir á svartan lista og mega ekki taka þátt í næstu 20 landsleikjum. Þeir fá heldur enga bónusa fyrir árangur liðsins í Suður-Ameríkukeppninni og enginn þeirra má bera fyrirliðaband Chile það sem eftir lifir af landsliðsferli þeirra. Landsliðsþjálfari Chile, Nelson Acosta, sagði síðan upp störfum eftir keppnina. - ój

Metaðsókn í sumar:

Tuttugu pró-senta aukning

FÓTBOLTI Metaðsókn hefur verið á leiki Landsbankadeildar karla það sem af er sumri en 58.778 mættu á leiki fyrri umferðar, eða 1.306 að meðaltali í leik.

Eftir níu umferðir í fyrri höfðu 48.679 áhorfendur séð leikina, eða 1.082 að meðaltali. Aðsókn hefur því aukist um 20,7 prósent. Í fyrri var sett aðsóknarmet þegar 98.026 áhorfendur mættu á leikina í Landsbankadeildinni.

Fyrir yfirstandandi tímabil var stefnan sett á að bæta metið og rjúfa 100.000 áhorfenda múrinn í Landsbankadeildinni. Ef fram heldur sem horfir er ljóst að góðar horfur eru á að bæta metið.

Flestir hafa farið á leiki KR, eða 1.829 áhorfendur að meðaltali, næst koma FH-ingar með 1.763 áhorfendur og Fylkismenn koma þar á eftir með 1.499 áhorfendur. - ój



DAVID HEALY Fyrrum leikmaður Man. Utíð til Fulham. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Vond tíðindi fyrir Heiðar:

Healy farinn til Fulham

FÓTBOLTI Heiðar Helguson féll enn aftar í goggunarröðinni hjá Fulham í gær þegar Lawrie Sanchez, stjóri félagsins, bætti enn einum framherja í hópinn.

Þá festi hann kaup á norðurírka landsliðsframherjanum David Healy frá Leeds fyrir eina og hálfa milljón punda. Healy er þriðji landsliðsmaður Norður-Írlands sem Sanchez fær til Fulham en hann þjáfaði landsliðið áður en hann tók við Fulham.

Sanchez hefur sagt Heiðari Helgusyni að hann eigi ekki framtíð fyrir sér hjá Fulham og reyndi að selja hann til WBA á dögnum en Heiðar neitaði að fara. - hbg

Teitur Þórðarson, þjálfari KR, hefur gert 22 breytingar á byrjunarliði KR í fyrstu 9 leikjum Íslandsmótsins:

Teitur finnur ekki réttu blönduna hjá KR

FÓTBOLTI Sparkspekingar hafa mikið rýnt í hvað sé að hjá KR í sumar og hefur ýmislegt verið talið upp í þeim efnum. Eitt af því sem klárlega er að hjá KR er að Teitur Þórðarson finnur ekki réttu blönduna í byrjunarliði en aðeins þrjár leikmenn hafa alltaf verið í byrjunarliði Teits það sem af er Íslandsmóti.

Oft er talað um að nauðsynlegt sé fyrir þjálfara að finna byrjunarliðið sitt og því minni breytingar sem þjálfarinn þurfi að gera, því betra. Það sjáum við á liðum eins og Val og FH þar sem sjaldan er hróflað við byrjunarliðið og þá lítið

og helst ekki nema af illri nauðsyn.

Teitur hefur aftur á móti gert 22 breytingar í fyrstu 9 leikjum Landsbankadeildarinnar og aðeins Gunnlaugur Jónsson, Pétur Marteinsson og Skúli Jón Friðgeirsson hafa verið í byrjunarliði KR í þessum leikjum. Grétar Hjartarson var í byrjunarliðinu fyrstu átta leikina og kom af bekknum í þeim niunda. Björgólfur Takefusa og Guðmundur Reynir Gunnarsson koma næstir á blaði.

Athygli vekur að nýju mennirnir Atli Jóhannsson og Óskar Örn Hauksson hafa aðeins komið við

sögu í fimm leikjum. Jóhann Þórhallsson hefur tvisvar verið í byrjunarliðinu og fór af velli í bæði skiptin en sex sinnum hefur hann setið á bekknum. - hbg

BYRJUNARLIÐ KR

Breytingar fyrir hvern leik:

KR-Breiðablik	2 breytingar
Valur - KR	2
KR - Víkingur	2
ÍA - KR	4
KR - FH	5
HK - KR	2
KR - Fram	3
Fylkir - KR	2



TEITUR ÞÓRÐARSON Hefur prófað margar menn í sumar.

Einar er einbeitt stórmótatýpa

Ír-ingurinn Einar Daði Lárusson náði 7. sætinu í áttþraut á Heimsmeistaramóti 17 ára og yngri. Það er ekki aðeins besti árangur Íslendinga heldur einnig sá besti sem Norðurlandabúi hefur náð í greininni.

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Einar Daði Lárusson náði sjöunda sætinu í áttþraut á heimsmeistaramóti ungmenna 17 ára og yngri í áttþraut sem fram fer í Ostrava í Tékklandi.

Þetta er besti árangur sem íslenskur unglíngur hefur náð á heimsmeistaramóti 17 ára og yngri hingað til og þetta er jafnframt besti árangur Norðurlandabúa í áttþraut 17 ára og yngri, en fyrir tveimur árum varð Norðmaður í 8. sæti á mótinu með 5.927 stig.

„Maður stefnir alltaf hátt en þetta gekk næstum því eins og í sögu. Ég er mjög glaður með þetta,“ sagði Einar Daði, sem hlaut samtals 5.999 stig í áttþrautinni og bætti eigið Íslandsmet í drengjaflokki um 205 stig, en það var 5.794 stig frá því í vor, þegar hann náði lágmarki fyrir mótið.

Sigurvegjarinn Shane Braithwaite frá Barbados hlaut 262 stigum meira en Einar, eða 6.261 stig, en hann var 145 stigum frá sjötta sætinu. „Einar er að stimpla sig sem einn af efnilegustu tugþrautarköppum heims,“ sagði þjálfari hans, Þráinn Hafsteinsson, í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Einar náði persónulegum metum í sex greinum af átta, sem er alveg frábært á svona móti þar sem svona mikið liggur við. Hann sýnir að hann er góður á öð einbeita sér og er svona stórmótatýpa,“ bætir Þráinn við. Einar sjálfur var mjög ánægður en sagði að litlu hefði munað að illa færi í upphafi.



Í HEIMSKLASSA Einar Daði Lárusson er í hópi bestu tugþrautamanna heims í sínum aldursflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFSTEINN ÓSKARSSON

„Þrautin byrjaði svakalega vel og ég bætti mig í 100 metra hlaupi en síðan gerði ég tvisvar ógilt í langstökki.

Ég rétt náði að bjarga mér og

gera gilt í síðasta stökkinu og það munaði mjög litlu að ég hefði klúðrað þrautinni þar,“ sagði Einar en lokastökkið bjargaði ekki bara langstöckinu heldur setti hann

persónulegt met með því að stökkva 7,05 metra.

Þráinn var himinlifandi með sinn mann. „Hann er búinn að vera hjá mér síðan hann var þrettán ára. Hann kom á æfingu á fyrsta degi og ég prófaði hann í 100 metra og 400 metra hlaupi og þá sá maður strax hvers konar efni var þarna á ferðinni. Hann hefur unnið jafnt og þétt í því að verða betri og það er að skila árangri. Maður átti eftir að sjá hvernig hann ynni sig út úr pressunni á stórmóti og mér fannst alveg frábært að sjá hversu vel hann stóð sig undir pressu á móti öllum bestu strákonum í heiminum,“ sagði Þráinn.

Einar Daði var aðeins einu stigi frá því að ná 6.000 stigum og það var smá mínus við annars frábært mót. „Í þúsund metra hlaupinu munaði aðeins tveimur hundruðshlutum að ég næði í þetta eina stig sem mig vantaði upp í 6000. Sex þúsund stiga múrinn er bara eitthvað sem ég stefni á að brjóta seinna,“ segir Einar Daði að lokum. ooj@frettabladid.is

PRAUTIN HJÁ EINARI

Fyrri dagur:

100 m hlaup	11,23 sek. (810 stig)
Langstökk	7,05 m (826)
Kúluvarp	13,05 m (686)
400 m hlaup	49,23 sek. (850)

Seinni dagur:

110 m grind	14,85 sek. (868)
Hástökk	1,83 m (653)
Spjót kast	42,68 m (481)
1000 m hlaup	2:44,38 mín. (825)

Mikið um dýrðir í Los Angeles þegar David Beckham var formlega kynntur sem leikmaður LA Galaxy:

Rauða dreglinum rúllað út fyrir Beckham

FÓTBOLTI Los Angeles Galaxy kynnti með miklu stolti nýjasta liðsmann sinn í gær. Sá heitir David Robert Joseph Beckham eða bara David Beckham eins og flestir þekkja hann. Athöfnin fór fram á Home Depot-vellinum sem er heimavöllur Galaxy-liðsins.

Eins og Bandaríkjamanna er síður þá var athöfnin síður en svo lágstemmd. Borgarstjóri Los Angeles skellti sér til að mynda í Beckham-treyju og veitti knattspyrnumanninum viðurkenningu eftir að hafa mært hann í bak og fyrir. Borgarstjórinn er reyndar ekki sá vinsælasti og var baulað á hann þegar Alexi Lalas, framkvæmdastjóri Galaxy, kynnti hann til leiks.

Síðan var skrauti skotið út í loftið líkt og gert er þegar meistatar eru krýndir. Að þessu sinni var það gert þegar Beckham hélt á treyju Galaxy.

„Ég get ekki beðið eftir að æfa í næstu viku og að spila minn fyrsta leik. Ég er mjög þakklátur fyrir þessa glæsilegu athöfn og það er gaman að sjá allastuðningsmennina sem eru mættir. Ég hef allt mitt líf leitað að áskorunum og spennandi tækifærum. Ég tel að knattspyrna í Bandaríkjunum geti verið jafn

góð og annars staðar í heiminum,“ sagði Beckham en ótrúlegur fjöldi fjölmiðla fylgdist með athöfninni sem var sýnd í beinni útsendingu út um allan heim.

Don Garber, forseti bandarísku MLS-deildarinnar, var augljóslega stoltur af því að fá Beckham í bandaríska boltann.

„Hingað til Los Angeles er kominn einn þekktasti íþróttamaður heims. Það er ánægjulegt að fá hingað slíkan íþróttamann,“ sagði Garber en þess má geta að fyrsti leikur Beckhams með liðinu er gegn Chelsea hinn 21. júlí.

Stuðningsmennirnir sem fylgdust með höfðu takmarkaðan áhuga á að hlusta á Alexi Lalas, framkvæmdastjóra Galaxy, og önnur fyrirmenni tala og kölluðu nafn Beckhams í sífellu.

Beckham-æðið í Bandaríkjunum er formlega hafið. - hbg

STOLTUR MEÐ NÝJU TREYJUNA

David Beckham sést hér halda á treyju sinni hjá Galaxy á blaðamannafundinum í gær en hann heldur áfram að leika í treyju með númerið 23 á bakinu. NORDIC PHOTOS/AFP





Ég ætla ekkert að hætta að vinna þótt hann sé á leiðinni.

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

SYN2
enski boltinn

> John Travolta

Danströllið ógurlega sem ótrúlegt en satt var tilnefnt til Óskarsverðlauna fyrir Saturday Night Fever. Travolta átti það kannski skilið enda æfði hann dans í níu mánuði fyrir myndina og missti heil tíu kíló. Travolta er einn af fáum einstaklingum í heiminum sem eiga sína eigin Boeing-flugvél en hún er af gerðinni 707 og flýgur Travolta henni iðulega sjálfur enda lunkinn flugmaður. Travolta sést leika listir sínar í myndinni Swordfish sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.



dagskra



VIÐ TÆKIÐ SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR HLUSTAR Á GRILL-GUÐJÓN OG TVÍHÖFÐA Súrmatur og hálfkjörandi unglingspiltur

Ég tilbið þætti Tvíhöfða á Rás 2 og viðurkenni það fúslega fyrir hverjum sem heyrir vill. Reyndar er ég ekkert að tapa mér úr hrifningu yfir spjalli þeirra Sigurjóns og Jóns Gnarr um daginn og veginn. Það er ekki fyrr en „hlustendurnir“ fara að hringja inn að ég leggst á kné og spennni greipar af lotningu. Svokallaður Grill-Guðjón er í alveg sérstöku uppáhaldi. Það er mér algjörlega hulin ráðgáta hvernig er hægt að fá hugmynd að öðrum eins karakter og það sem meira er, fá hana til þess að virka. Fyrir þá sem ekki vita er Guðjón maður á miðjum aldri sem leikinn er af Jóni Gnarr. Hann er, eins og nafnið gefur til kynna, mikill áhugamaður um grill en grillar þó helst ekkert annað en súrmat. Honum verður auk þess tíðrætt um



drenginn sinn og samtöl sem þeir feðgarnir eiga. Það alfyndnasta er að fæstir virðast hafa fyrir því að tala við Guðjón án þess að hvísla komi þar við sögu. Sonur hans, sem mig minnir að eigi að vera kominn vel á táningsaldur, talar til dæmis sjaldnast við föður sinn nema að hvísla í eyrað á honum. „Viltu grilla elsku pabbi minn? Gerðu það, viltu grilla?“ Þegar miðaldra karlmannlegur grillari segir frá syni sínum hvíslandi hálfkjörandi rómi hvort þeir geti grillað saman og segir svo „mikið á ég vandaðan og góðan dreng“ þá brestur eitthvað innra með mér. Þegar þeir feðgar voru svo komnir saman ofan í þaðkar og sonurinn byrjaði að hvísla „Elsku pabbi minn...“ þurfti ég að slökva á útvarpinu. Ég gat bara ekki meira.

EKKI MISSA AF



▶ 20.55 I am Sam SJÓNVARPIÐ



▶ 19.15 How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ 18.00 A Cinderella Story STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.15 Joan of Arcadia SIRKUS



▶ 21.00 Stargate SG-1 SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar 08.01 Gurra grís 08.06 Lítill prinsessa 08.17 Halli og risa-eðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.23 Leyniþátturinn 09.36 Prinsessan og máninn 10.02 Latibær

10.30 Kastljós
11.00 14-2 e.
11.30 Gullmót í frjálsum íþróttum (3:7)
13.50 Íslandsmótið í hestaíþróttum
16.30 Hlé
17.50 Tákn málsfréttir
18.10 Vesturálman
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Lukkuriddarar (2:13)
20.05 Tímaflakk (10:13)

▶ 20.55 Ég heiti Sam (I am Sam) Bandarísk bíómynd frá 2001. Vangefinn maður berst fyrir forræði yfir sjö ára dóttur sinni. Meðal leikenda eru Sean Penn, Michelle Pfeiffer, Dakota Fanning, Dianne Wiest.
23.05 Töfraklukkan (Clockstoppers) Bandarísk ævintýramynd frá 2002. Ungur maður kemst yfir úr sem gerir honum kleift að auka hraðann á sjálfum sér meðan aðrir standa í stað. Meðal leikenda eru Jesse Bradford, French Stewart. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Broadcast News
08.10 A Mighty Wind
10.00 A Cinderella Story
12.00 Rumor Has It
14.00 Broadcast News
16.10 A Mighty Wind Heimildamynd um mann sem ákveður að heiðra minningu föður síns með þjóðlagatónleikum.
18.00 A Cinderella Story Bráðskemmtileg rómantísk gamannmynd
20.00 Rumor Has It
22.00 The Stickup
00.00 Ripley's Game
02.00 Final Destination 2
04.00 The Stickup

SIRKUS TV

07.00 Barney
07.25 Hlaupin
07.35 Véla Villi
07.45 Refurinn Pablo
07.50 Blanche
08.00 Dexter's Laboratory
08.20 Kalli kanína og félagar
08.25 Kalli kanína og félagar
08.30 Kalli kanína og félagar
08.35 Ginger segir frá
09.00 Willoughby Drive
09.15 Bratz
10.05 A.T.O.M.
10.30 Shrek 2 (Skrekkur 2)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Bold and the Beautiful
13.05 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Bold and the Beautiful
14.05 Bold and the Beautiful
14.30 So You Think You Can Dance (e)
16.00 Men In Trees (4:17)
16.55 Órlagadagurinn (6:31)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó

▶ 19.15 How I Met Your Mother (17:22) Gengið fær mikið áfall þegar bíll Marshalls bílar en hann hefur átt bilinn í mörg ár og honum fylgja margar minningar.
19.40 America's Got Talent NÝTT (2:15) Keppnin er í fullum gangi og nú er vika tvö í New York þar sem keppendur reyna að komast í undanúrslitin.
20.25 Stelpurnar (8:24) (e)
20.50 Friday Night Lights Átakanleg fót-boltamynd með Billy Bob Thornton í aðalhlutverki.
22.50 The Thin Red Line Aðalhlutverk: Sean Penn, Adrien Brody, James Caviezel. Leikstjóri: Terrence Malick. 1998.

01.35 The Ring 2
03.10 The Four Feathers
05.15 How I Met Your Mother (17:22)
05.35 Stelpurnar (8:24)
06.00 Fréttir
06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SKJÁREINN

16.30 Skífulistinn
17.15 Hooking Up (5:5) (e)
18.00 Bestu Strákarnir (11:50) (e)
18.30 Fréttir
19.00 Young, Sexy and..... (3:9) (e) (Unga kóngafólkið)
19.45 Party at the Palms (5:12) (e) Playboy fyrirsætan, Jenny McCarthy, fer með áhorfunduna út á lífið í Las Vegas.
▶ 20.15 Joan of Arcadia (14:22) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpa Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramapættina.

21.00 Live From Abbey Road (11:12) Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.
22.00 Here on Earth (e) Dramatísk kvikmynd með rómantísku ívafi. Kelley Morse er nemandi í virtum einkaskóla. Einn daginn fer hann á rúntinn í nýja Benzinum sínum en ókuferðin endar með ósköpum. Morse og annar maður síja uppi með að hafa rústað veitingastað. Þeir eru dæmdir til að hjálpa við endurreisn staðarins en það á eftir að verða þeim lærdómsríkt. Aðalhlutverk: Chris Klein, Leelee Sobieski, Josh Hartnett. 2000.

23.35 Hidden Palms (5:8) (e)
00.20 Jake In Progress 2 (2:8) (e)
00.45 George Lopez Show, The (2:18) (e)
01.10 Night Stalker (10:10) (e)
01.55 Supernatural (22:22) (e)
02.40 Joan of Arcadia (14:22) (e)
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Blaða-maður KK • starfsmaður blaðs, sá sem hefur atvinnu af að skrifa í blöð - Íslensk orðabók

„Ég heiti Sigríður Dögg Auðunsdóttir.

Mér finnst skipta máli að vinna á fjölmiðli sem þorir að sigla á móti straumnum og taka á mál-efnum sem samfélaginu er nauðsynlegt að fjallað sé um. DV er fjölmiðill sem veitir nauðsynlegt aðhald. Ég tala þínu máli.“

DV
Talar þínu máli

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40

America's Got Talent

Stærsta hæfileikakeppni heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titillinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendur eru af öllum stærðum og gerðum en hæfileikarnir eru jafn misjafnir og keppendur eru margir. Þátturinn kemur úr smíðju Simons Cowell og í dómarasætinum sitja þau David Hasselhoff, söngkonan Brandy og Bretinn Piers Morgan.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Live From Abbey Road Sirkus kl. 21.00

Abbey Road-hljóðupptökuverið í Bretlandi er án alls vafa það frægasta í sögunni en í þáttunum er heimsþekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum boðið að koma og spila í verinu. Þættirnir eru einkar afslappaðir og inn á milli ræða tónlistarmennirnir um lög sín. Tónlistarþættir sem gefa áhorfendum tækifæri á að komast enn nær tónlistarmönnum en áður.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfreginir
06.50 Bæn
07.05 Laugardagur til lukku.
08.00 Morgunfréttir
08.05 Músik að morgni dags
09.03 Sólarglingur
10.05 Veðurfreginir
10.15 Grannar okkar
11.00 Vikulokin.
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfreginir
13.00 Laugardagsþátturinn
14.00 Leitinn að eldsneytinu
14.40 Tímakornid
15.30 Með laugardagskaffinu
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfreginir
16.10 Eyja ljóss og skugga: Jamaika í sögu og samtið
17.05 Hvítu svingdívurnar
18.00 Kvöldfréttir
18.28 Á vængjum yfir flóann
18.52 Dánarfreginir og auglýsingar
19.00 Kringum kvöldið
19.30 Stefnuþót
20.10 Sögur af sjó og landi
21.00 Dragspilið dunar
21.55 Orð kvöldins
22.10 Veðurfreginir
22.15 Flakk
23.10 Danslög
00.10 Útlit á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

09.50 PGA Tour 2007 - Highlights

(The INTERNATIONAL)

10.45 Það helsta í PGA mótardöðinni

11.10 Pro bull riding

12.05 World Supercross GP 2006-2007

13.00 Sumarmótin 2007 (N1 - mótið)

13.30 Evrópumótardöðin (Scottish Open)

Bein útsending.

16.30 Copa America 2007 (Úrúgvæ - Brasilía)

18.10 Copa America 2007 (Mexíkó - Argentína)

19.50 Landsleikur Útsending frá leik Íslensku nördanna og sænsku nördanna en leikurinn var sýningarleikur á Landsmóti UMFÍ í Kópavogi.

20.50 Copa America 2007 (Mexíkó - Úrúgvæ) Bein útsending frá leiknum um bronsverðlaunin í Suður-Ameríku bikarnum í knattspyrnu.

22.50 Box - Miguel Gotto vs. Zab Judah

23.50 Box - Ricky Hatton vs. Juan Urango

BBC PRIME

10.00 Mastermind 10.30 The Weakest Link 11.15 The Weakest Link 12.00 What not to Wear 12.30 What not to Wear 13.00 Tony and Giorgio 13.30 Tony and Giorgio 14.00 The Life of Mammals 15.00 Wild New World 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 Home From Home 17.30 Garden Invaders 18.00 Cash in the Attic 18.30 The Life Laundry 19.00 Death in Holy Orders 20.30 The Robinsons 21.00 The Smoking Room 21.30 The Fast Show 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 Death in Holy Orders 0.30 The Robinsons 1.00 The Smoking Room 1.30 The Fast Show 2.00 Wild New World

DR 1

10.00 Sommertid 10.30 Søren og Søren 11.00 Kaptajn og besætning byder velkommen 11.30 Forsvundne danskere 12.00 Roskilde '07 12.40 CPH PRO 2007 12.45 Med rygsek 13.20 Smag på Danmark - med Meyer 13.50 Under åben himmel 14.25 Nikolaj og Julie 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Johanne i Troldeskoen 16.00 Radiseerne 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 Det lille hus på prærien 17.45 Aften-tour 2007 18.10 Huset på Christianshavn 18.45 Den lyserøde panter slår igen 20.25 Inspector Morse 22.10 Speedway: Hold VM kvalifikation 23.40 Conviction

NRK1

6.05 Knekkebrødrene 6.15 I Mummidalen 6.40 Den Lille Havfruen 7.05 Energikampen 2006 7.35 Jimmy Neutron 8.00 Totalt genialt! 8.25 Grønn glede 8.50 Jukeboks: Norge rundt 10.00 Jukeboks: Dansefot 11.00 Jukeboks: Du skal høre mye 12.00 Jukeboks: Norsk på norsk 13.20 Friidrett: Golden League fra Roma 15.30 Solens mat 16.00 Gisle Wink på eventyr 16.25 I småkrypland 16.30 Eva og Adam 17.00 Dagsrevyen 17.30 Lotto-trekning 17.40 'Allo, 'Allo! 18.05 Edel vare 19.05 Doc Martin 19.50 Fakta på lørdag: 51 Birch Street 21.15 Kveldsnytt 21.30 Skru'n som Beckham

1 SVT 1

11.30 Packat & klart sommar 12.00 Sommartorget 12.30 Kronprinsessan Victoria 30 år 13.00 Uppdrag granskning - sommarspecial 14.00 Tre kärlekar 15.00 Allsång på Skansen 16.00 BoliBompa 16.05 Disneydags 17.00 Ebba och Didrik 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Försvarsadvokaterna 18.45 AB Svenska Ords klassiker 19.00 Grattis Victoria 20.30 Romerska rikets uppgång och fall 21.25 Rapport 21.30 Pianofestival i Provence 23.15 Heaven 0.50 Sändningar från SVT24

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE



Á MORGUN KL. 20:30
ARGENTÍNA
BRASILÍA
COPA AMERICA



DRAUMIA-
ÚRSLA-
TALEIKUR

Í KVÖLD KL. 20:50
MEXÍKÓ - ÚRÚGVÆ
Leikur um 3ja sætið

SYN
besta sætið

PERSÓNAN



Hrefna Rósa Sætran

Aldur: 26 ára.

Starf: Kokkur og eigandi Fiskmarkaðarins.

Fjölskylda: Unnusti er Ólafur Örn Mátsson. Á kisuina Skuggu.

Foreldrar: Sigrún Kristín Sætran auglýsingateiknari og Jóhann Frímann Traustason verslunareigandi.

Búseta: Við Ægisgötu, beint á móti Hamborgarabúllunni.

Stjórnumerkí: Ljón.

Sverrir Stormsker bíður eftir rétta tilboðinu

„Svona mál taka einfaldlega sinn tíma og ég er ekkert á tauginni,“ segir tónlistarmaðurinn Sverrir Stormsker, sem bíður enn eftir rétta tilboðinu í einbýlishúsi sitt á Vatnsleysuströndinni sem nú hefur verið á sölu í fáeinar vikur. „Það hafa fjölmargir komið að skoða húsið en ég býð ennþá sallarólegur eftir rétta tilboðinu. Fólk er náttúrulega svolítið upptekið um þessar mundir við að kaupa sér blokkaríbúðir í Skuggahverfinu á 250 milljónir,“ segir Sverrir í léttum dúr og hristir hausinn.

Ekkert verð er sett á húsið heldur er óskað eftir tilboði og visar tónlistarmaðurinn á Fasteignamarkaðinn í því sambandi. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er viðmiðunarverð hússins í kringum 49 milljónir og segir Sverrir að það hljóti að

vera rétt en að öll tilboð séu að sjálfsögðu skoðuð. Hann segir glimrandi gott að búa á Vatnsleysuströnd.

„Þetta er svona falin paradís rétt eins og Ellidavatnið sem menn uppgötvaðu fyrst fyrir 15 árum síðan. Maður er þarna í kyrrð og ró og fuglasöng rétt við golfvöllinn og ekki með nágranna uppi í nefinu á sér, en ef maður vill í stuðið þá er ekki nema korters keyrsla í Hafnarfjörð. Maður er nú ekki beint eins og einhver sauðabjörfur í afdöllum,“ segir Sverrir, sem vill þó lítið segja til um framtíðarþúsetu sína nema hvað hann telur líklegt að hún verði erlendis.

„Ég geng óbundinn til byggða og útíloka ekki neitt, eins og stjórn mála-

SVERRIR STORMSKER Segir sölu fasteigna einfaldlega taka sinn tíma. Hann bíður enn eftir rétta tilboðinu.



EINSTAKT HÚS Hús Sverris er 182 fermetrar á stærð, byggt úr fyrsta flokks timbri frá Lettlandi og minnir um margt á kastala.

mennirnir segja. Það getur vel verið að ég flytji til Bessastaða, nú eða að ég byggji mér snotrán píramída í Egyptalandi. Það kemur allt til greina.“

- vig

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. atlaða 6. tveir eins 8. þrá 9. mas 11. drykkur 12. ámæla 14. afhenda aftur 16. karlkyn 17. spil 18. for 20. skóli 21. íþróttafélag.

LÓÐRÉTT

1. þurrka út 3. kyrrð 4. kynlíf 5. gerast 7. svikull 10. rúm ábreiða 13. taug 15. í andliti 16. kóf 19. guð.

LAUSN

augu, 16. káf, 19. ra. 5. ske, 7. fálaskur, 10. lak, 13. sín, 15. LÓÐRÉTT: 1. afmá, 3. ró, 4. ástálf.

LÁRÉTT: 2. áras, 6. ff, 8. ósk, 9. mal, 11. te, 12. álása, 14. skila, 16. kk, 17. nlu, 18. aur, 20. fg, 21. fram.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Andrei Lugovoi.
- 2 Kristján L. Möller.
- 3 Asparfræ.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.heb.is

Hvað er að fréttu?



Við tæklum sportið

www.visir.is

visir

ÍSÁK BERGMANN JÓHANNESSON: FJÖGURRA ÁRA MARKAKÓNGUR


Segist vera betri en pabbi

„Strákurinn stóð sig eins og hetja. Þetta kom okkur foreldrunum hálfpartinn á óvart þótt við vissum að hann væri seigur og allt það,“ segir knattspyrnumaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson um þá staðreynd að sonur hans, Ísák Bergmann, skoraði sex mörk á Kaupþingsmótinu í knattspyrnu sem fram fór á Akranesi nýverið. Ísák varð þar með markahæstur í D-liði Skagamanna. Það væri kannski ekki fréttæmt ef ekki væri fyrir það að leikmenn á mótinu eru almennt á bilinu 7-8 ára gamlir en Ísák er hins vegar nýorðinn fjögurra ára.

„Við vorum stódd á Akranesi þegar mótið fór fram og langaði að leyfa honum að prófa að taka þátt í því. Það reyndist auðsött mál. Pabbinn var náttúrulega trylltur á hlíðarlínunni að taka myndir,“ segir Jóhannes og hlær. Hann segir að Ísák skilji baltann helst ekki við sig. „Hann er búinn að vera gjörsamlega boltasjúkur síðan hann fæddist og byrjaði að dingla löppinni í bolta um leið og hann byrjaði að labba.“

Jóhannes leikur sem kunnugt er með Burnley á Englandi en fjölskyldan býr í Manchester. Hann er kvæntur Jófríði Maríu Guðlaugsdóttur og saman eiga þau þrjá syni. Ísák er elstur. „Sá næstelsti er tveggja ára og töluvert minna spenntur fyrir boltanum. Hann er meira í því að leika sér með dúkkur og veski. Við erum heldur ekkert að reyna að troða fótoltanum upp á strákana og finnst bara gaman að sjá hvað þeir eru ólíkir.“ Ísák mætir ekki reglulega á knattspyrnuæfingar á Englandi en fær stundum að fara í knattspyrnskóla þegar frí er í skólanum. „Hann var byrjaður að æfa þegar við bjuggum í Hollandi. Við reyndum að koma honum að hjá Manchester United þegar við fluttum en lágmarksaldur þar er átta ára. Best væri náttúrulega ef við myndum eitthvert lið hérna í hverfinu sem hann gæti spilað með.“

Ísák tekur árangri sínum á Kaupþingsmótinu með jafnaðargæði en viðurkennir að sér hafi gengið vel. „Ég skoraði sjö,“ segir



FEDGARNIR Í MANCHESTER Ísák hefur verið áhugamaður um bolta frá blautu barnsbeini. Honum finnst skemmtilegast að spila fótbolta, krikket og rúgbí.

hann spurður um markafjöldann. Hann er leiðrétur af mömmu sinni og samþykkir með semingi að mörkin hafi mögulega verið sex. Ísák hikar ekki þegar hann er inntur eftir því hvað hann hyggist vinna við í framtíðinni. „Ég ætla að verða fótoltamaður. Mér finnst skemmtilegast að vera í

fótbolta en líka að spila krikket með bolta og kylfu. Svo er líka gaman í rúgbí. Þá rennir maður sér með bolta og skorar.“ Hann er heldur ekki í vafa um hvor þeirra feðga eigi betur heima á knattspyrnuvællinum. „Ég er betri. Miklu betri.“

sigrunosk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tenórinn **Garðar Thor Cortes** kemur víða við í herferð sinni að frama og frægð í Bretlandi. Hefur hann meðal annars farið frá því að syngja þekktar aríur fyrir heimilis-

lausu við aðalstarstöðina í London í að syngja stuðningsmannalag West Ham á heimavelli liðsins. Í vikunni vakti Garðar síðan mikla lukku á opunarhátíð nýrrar veðhlaupabrautar í Cambridge á

Englandi þar sem þemað var klassískt popp. Nafn Garðars er greinilega að verða stærra með hverjum deginum því hann var kynntur sem aðalnúmerið á fyrsta degi hátíðarhaldanna auk þess sem sérstaklega var minnst á framkomu hans í stærsta staðarblaði Cambridge.

Gaukur Úlfarsson, annar skapari og framleiðandi sjónvarpsþáttanna um **Silvíu Nótt**, fer fögrum orðum um **Guðjón Þórðarson**, þjálfara ÍA, og framgöngu hans í viðtölum eftir atvikid umdeilda í leiknum gegn Keflavík fyrr í mánuðinum þegar sonur hans Bjarni skoraði frá miðju. Gaukur lýsir Guðjóni sem sannkölluðum spunameistara og spyr af hverju maður sem er jafn góður í þeirri „listgrein að eiga við fjölmiðla“ sé ekki á Alþingi. Orð Gauks eru skemmtileg í ljósi þess að Silvíu Nótt hefur hingað til talist í hópi helstu spunameistara landsins. Því er aldrei að vita nema Gaukur hafi samband við Guðjón og fái hjá honum góð ráð fyrir Silvíu Nótt.

Sjónvarpsþátturinn Ísland í dag birti í fyrradag viðtal sem **Sölvi Tryggvason** tók við umboðsmanninn **Einar Bárðarson** í London þar sem rætt var um hans daglegu störf í ensku stórborginni. Einar var einnig þráfaldlega spurður út í „nýja strákabandið“ sem hann hygðist

setja saman en í tilsvörum sínum var Einar þögull sem gröfin. Undarlegt, hugsuðu líklega margir sjónvarpsáhorfendur, minnugir viðtals **Odds Ástráðssonar** við strákana í strákasveitinni Luxor frá því nokkrum dögum áður í sama þætti. Sölvi sá þó söma sinn í því að viðurkenna eftir að viðtalið væri gamalt. En af hverju þá að birta það?

Jesus Christ Superstar frestað til jóla

Uppsetningu Vesturports á rokk-söngleiknum Jesus Christ Superstar hefur verið frestað fram til jóla, en upphaflega áformaði hópurinn að frumsýna leikinn um mitt sumar. „Við stefndum svona á það, en sumarið er bara svolítið erfitt. Það er erfitt að draga fólk af veröndinni og inn í leikhús,“ sagði Björn Hlynur Haraldsson, leikstjóri verksins, sem sett verður upp í Borgarleikhúsinu. Hann mun kalla leikhóp-

inn saman til æfinga í október. „Hljómsveitin er komin langleiðina með tónlistina, svo þetta er komið langt á veg,“ sagði hann.

Fjölmargir þekktir íslenskir tónlistarmenn og leikarar taka þátt í uppsetningunni. Krummi

ÚR ÖLLUM ÁTTUM

Aðstandendur uppsetningar Jesus Christ Superstar koma úr mörgum áttum, sem leikstjórinn Björn Hlynur segir ekki auðveldu hlutina.

Björgvins leikur Jesú sjálfan, Jenni úr Brain Police bregður sér í hlutverk Júdasar og Bjarni Hall úr Jeff Who? leikur Pétur. Björn Hlynur segir það ekki gera hlutina auðveldari að þátt-takendur í sýningunni komi úr svo mörgum áttum. „Það er mikið af fólki í kringum þetta sem þarf að púsla saman,“ sagði hann.

Björn Hlynur situr þó ekki aðgerðalaus á meðan. Hann situr nú við skriftil á nýju verki fyrir

Leikfélag Akureyrar sem hann setur upp þar á bæ eftir áramót. „Ég fer þangað í janúar. Ég næ að ýta Jesus Christ úr vör áður en ég fer norður, svo þetta passar bara mjög vel,“ sagði hann. Í lok vetrar hefjast svo tölur á kvikmynd eftir leikriti Jóns Atla Jónassonar, Brim.

- sun

JESÚS FÆR SUMARFRÍ

Krummi, sem leikur Jesú sjálfan, fær að leika lausum hala í sumar, en æfingar eiga ekki að hefjast fyrr en í október.

KLASSA ROKK

JEFF WHO - JAN MAYEN - ÆLA - KIMONO - SKÁTAR - BACON

Þann 19. júlí stendur Landsbankinn fyrir glæsilegum tónleikum á Ingólfstorgi fyrir alla Klassafélaga frá kl. 17 - 19. Hljómsveitirnar Jeff Who, Jan Mayen, Æla, Kimono, Skátar og Bacon stíga á svið og rokka fyrir áhorfendur. Óli Palli kynnir og sér um tónlist á milli atriða. Ekki láta þig og þína vanta á hressandi útitónleika!

Landsbankinn tekur vel á móti þeim sem vilja skrá sig í Klassa, upplifa stemninguna og fá glæsilega inngöngugjöf.





BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Þorskur fer

Ég heyrði um daginn af stálverk-smiðju í Þýskalandi sem um nokkurra áratuga skeið hafði séð nærsveitarmönnum fyrir atvinnu. Einn daginn gerðist það að verk-smiðjan var keypt af Kínverjum. Flestir þjuggust við að lítið myndi breytast við þetta, en það var nú aldeilis ekki. Kínverjarnir gerðu sér lítið fyrir og mættu á staðinn í hundradatali einn daginn og einfaldlega tóku verk-smiðjuna í sundur – nokkuð sem fyrri eigendur höfðu talið algerlega óframkvæmanlegt sökum tröllaukinnar stærðar og umfangs – og fluttu hana í burtu svo ekkert varð eftir nema jörðin flöt.

PANNIG fór um sjóferð þá. Nú er ég ekki að gera því skóna að hinn umdeildi álrísi Rio Tinto muni gera svipað við álverið í Straumsvík og einfaldlega flytja það í burtu, nú þegar fyrirtækið hefur eignast það í kjölfar kaupanna á Alcan, en þó má draga af þessu dæmi stálverk-smiðjunnar í Þýskalandi nokkurn lærdóm:

EKKERT er víst. Ekkert er fast í hendi að eilífu. Jafnvel hinar traustustu undirstöður úr stáli – hvað þá áli – geta horfið út í buskann einn daginn eins og dagblað í roki og heilu fjölskyldurnar, byggðarlögin eða þjóðirnar farið í háaloft í einni svipan. Þetta eiga Íslendingar auðvitað að vita manna best. Þjóð sem heldur svona mikið upp á málshætti eins og „ekki er sopið kálið fyrr en í ausuna er komið“ og býr í svona miklu návígi við dutlungafulla náttúruna veit það auðvitað þýsna vel af eigin reynslu að ekkert er gefið í þessum heimi. Það getur allt gerst. Og ekki gerst.

EN samt verður að segjast eins og er, að enn er nokkuð í land að þjóðar-sálin hagi sér í samræmi við þessa vitneskju. Til dæmis virðist handboltalandsliðið alltaf vera komið á verðlaunapall á stórmóti í hugum þjóðarinnar löngu áður en mótið hefst. Bjartsynin afhjúpar þannig skringilega þversögn. Við vitum að ekkert er gefið, en samt leyfum við okkur hvað eftir annað að líta svo á að þetta eða hitt sé alveg fullkomlega gefið, sem er einmitt annað orðtak íslenskt.

AUÐVITAÐ gengur ekki að lifa lífi sínu í endalausum bölmóði og svart-sýni, bölvandi yfir bágunum skilyrðum hinnar mannlegru tilvistar. En það má hins vegar gera ýmislegt til þess að mæta þessum sviptivindum lífsins. Við þurfum til dæmis að einbeita okkur að því að setja ekki öll egginn í sömu körfu. Þannig erum við betur í stakk búin til að mæta áföllum. Við þurfum líka að mæta góðæristímum með þá vissu í huga að á eftir þeim kemur alltaf kreppa. Ein skotheldasta aðferðin til þess er að setja mikið fé í menntun.

„**ALLT** er í heiminum hverfult“ er annað orðtak sem nær þessu dæmi ágætlega. Svipað orðtak hljómar á latínu ef ég man rétt: Sic transit gloria mundi. Ég sjálfur á mína eigin útgáfu sem hljómar svo: Sic transit gloria Guðmundi. Íslenska útgáfan af þessu fræga orðtaki um hina fallvöltu gæfu heimsins myndi einfaldlega vera þessi: Þorskur kemur. Þorskur fer.

ÚTSALA

5. júlí - 29. júlí

© Inter IKEA Systems B.V. 2007



Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is